

# **XX**

**GEIRFINNSMÁL**

**DÓMSKJÖL I - IV og IX - XXXI**

# ÁKERA

1972. - 1

## RÍKISSAKSÓKNARI

þróun knúvugt:

1. kristjáni Viðari Viðarsyni, Srettiságði 82, Reykjavík,  
áð gertist með f. Reykjavík, fæddur 21. apríl 1955 í Reykjavík,  
2. Sævari Þorfinn Ólafsson, Grýtubær, 10, Reykjavík, nū  
gæluflanga í Reykjavík; fæddur 6. júní 1958 að Stóra-Höfri  
í svipverjulísey.

## GEIRFINNSMÁL

1. Guðjóni Skarphéðinsyni, Þaudardráustig 39, Reykjavík, nū  
gæluflanga í Reykjavík, fæddum 14. júní 1943 að Marbaráupi  
f. Vatnsdal, Austur-Þórkavátnasýsla, og

## DÓMSKJÖL I - IV og IX - XXXI

2. Erla Þórhild Þórhildsdóttir, Stórusetað 27, Reykjavík, fæddri 19. júní  
1955 í Reykjavík.

Ákaron er gefið að sök að hafa gerast sek um erfittgreind hegn-  
singslagsþrótt.

I. Manndráp.

Ákarto Kristjáni Viðari, Sævari Þorfinn og Guðjóni er gefið að  
sök að hafa aðfarapótt miðvikudagsins 20. nóvember 1971 í  
töldgi ráðist á Geirfinninn Þinarsen, þá til heimilis að Brekku-  
braut 15, Keflavík, í Dráttarbrautlaupi f. Keflavík, og mis-  
þyrst honum þar svo, að hann hlaft bana af. Þluttu þeir, eftir  
at náiðine lík hans í bifreið, er ókarði Guðjóni ók, að heimili  
ensvaða kristjáns Viðars að Gretvisgötu 82 í Reykjavík.

Zinstudagina 21. sama mánaðar fluttu ókarði Kristján Viðar,  
Sævari Þorfinn og Erla lík Geirfinns í bifreið, er Erla ók,

B Nr. I. Lægt fram í sakadótt.  
Reykjavíkur 28/4 '72

St. 1

# ÁKÆRA

## RÍKISSAKSÓKNARI

gjörir kunnugt:

Að höfða ber opinbert mál á hendur:

1. Kristjáni Viðari Viðarssyni, Grettisgötu 82, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík, fæddum 21. apríl 1955 í Reykjavík,
2. Sævari Marinó Ciesielski, Grýtubakka 10, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík, fæddum 6. júlí 1955 að Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu,
3. Guðjóni Skarphéðinssyni, Rauðarárstíg 32, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík, fæddum 19. júní 1943 að Marðarnúpi í Vatnsdal, Austur-Húnnavatnssýslu, og
4. Erlu Bolladóttur, Stóragerði 29, Reykjavík, fæddri 19. júlí 1955 í Reykjavík.

Ákærðu er gefið að sök að hafa gerzt sek um eftирgreind hegningarálagabrot:

### I. Manndráp.

Ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Guðjóni er gefið að sök að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 20. nóvember 1974 í félagi ráðizt á Geirfinn Einarsson, þá til heimilis að Brekkubraut 15, Keflavík, í Dráttarbrautinni í Keflavík, og misþyrmt honum þar svo, að hann hlaut bana af. Fluttu þeir síðan um nóttina lík hans í bifreið, er ákærði Guðjón ók, að heimili ákærða Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 í Reykjavík.

Fimmtudaginn 21. sama mánaðar fluttu ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Erla lík Geirfinns í bifreið, er Erla ók,

frá Grettisgötu 82 að Rauðhólum, með viðkomu á benzínstöð á Ártúnshöfða, þar sem tekið var benzín á brúsa. Í Rauðhólum greftruðu þau líkamsleifar Geirfinns eftir að hafa hellt benzíni á líkama hans og lagt eld í.

Þykja ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Guðjón með framan-greindu atferli hafa gerzt brotlegir samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en ákærða Erla þykir með liðsinni sínu svo sem rakið var og með því að leitast þannig við að afmá ummerki brotsins hafa gerzt brotleg samkvæmt 211. gr., sbr. 22. gr. 4. mgr., sbr. 1. mgr., hegningarlagnanna, svo og samkvæmt 112. gr., 2. mgr., sbr. 1. mgr., sömu laga.

Ákærða Kristjáni Viðari er enn fremur gefið að sök að hafa eftir komu þeirra félaga með lík Geirfinns að Grettisgötu 82, stolið seðlaveski Geirfinns úr brjóstvasa hans, sem í voru 5000.- krónur auk ýmissa skilríkja, og teikniblýanti hans. Varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga.

## II. Rangar sakargiftir.

Ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Erlu er gefið að sök að hafa á árinu 1976 gerzt sek um rangar sakargiftir í skýrslum, er þau gáfu rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur.

Voru það samantekin ráð þeirra að bera í skýrslum þessum þær röngu sakir á Einar Gunnar Bollason, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, Magnús Leópoldsson, Lundarbrekku 10, Kópavogi, Sigurbjörn Eiríksson, Laufásvegi 17, Reykjavík, og Valdimar Olsen, Framnesvegi 61, Reykjavík, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smyglbrotum. Leiddu þessar sakargiftir til þess, að fyrrgreindum mönnum var gert að sæta langvinnu gæzlu-varðaldi í þágu rannsóknar þessara sakarefna. Voru Einar Gunnar, Magnús og Valdimar í gæzluvarðaldi af þessum sökum frá 26. janúar 1976 til 9. maí s.á. en Sigurbjörn frá 11. febrúar 1976 til 9. maí s.á.

1. Ákærða Kristjáni Viðari er gefið að sök að hafa borið þessar sakir á fyrrgreinda menn sem hér segir:

- a) Á Einar Gunnar Bollason fyrir rannsóknarlöggreglu 23. og 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl og á dómþingi sakadóms 31. mars og 6. apríl.
- b) Á Magnús Leópoldsson fyrir rannsóknarlöggreglu 27. janúar.
- c) Á Sigurbjörn Eiríksson fyrir rannsóknarlöggreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl og á dómþingi sakadóms 31. mars.
- d) Á Valdimar Olsen fyrir rannsóknarlöggreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl og á dómþingi sakadóms 31. mars og 8. apríl.

2. Ákærða Sævari Marinó er gefið að sök að hafa borið þessar sakir á sömu menn sem hér segir:

- a) Á Einar Gunnar Bollason fyrir rannsóknarlöggreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí og á dómþingi sakadóms 1. apríl.
- b) Á Magnús Leópoldsson fyrir rannsóknarlöggreglu 22., 25. og 27. janúar og 8. maí og á dómþingi sakadóms 1. apríl.
- c) Á Sigurjörn Eiríksson fyrir rannsóknarlöggreglu 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí.
- d) Á Valdimar Olsen fyrir rannsóknarlöggreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí og á dómþingi sakadóms 1. apríl.

3. Ákærðu Erlu Bollandóttur er gefið að sök að hafa borið þessar sakir á sömu menn sem hér segir:

- a) Á Einar Gunnar Bollason fyrir rannsóknarlöggreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 3. mars, 4. maí og 1. september

og á dómþingi sakadóms 30. marz.

- b) Á Magnús Leópoldsson fyrir rannsóknarlöggreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 4. maí og 1. september og á dómþingi sakadóms 30. marz og 7. apríl.
- c) Á Sigurbjörn Eiríksson fyrir rannsóknarlöggreglu 3. og 10. febrúar og 1. september og á dómþingi sakdóms 30. marz.
- d) Á Valdimar Olsen fyrir rannsóknarlöggreglu 3. febrúar og 1. september.

Þykja ákærðu með framangreindum sakargiftum, svo sem rakið hefur verið í þessum kafla ákærunnar öll hafa gerzt brotleg við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga.

### III. Dómkröfur.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Dæma skal um fjárkröfur, sem uppi kunna að vera hafðar í málinu, og um kröfur til birtingar dóms samkvæmt 2. mgr. 148. gr. hegningarlagna.

Skrifstofu ríkissaksóknara, Reykjavík, 16. marz 1977.



Skv. 3. mgr. 5. gr. l. 74/1974 er meðferð málss jessa falin premur sakadómum, þeim Gunnlaugi Briem sem dómsformanni, Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Sakadómur Reykjavíkur, 21. marz 1977



Framangreinda ákæru hefi ég birt, sem hér segir:

1. Fyrir Guðjóni Skarphéðinssyni í fangelsinu við Síðumúla, 30. mars 1977, kl. 15.30.
2. Fyrir Sævari Marinó Ciesielski í Hegningarhúsínu við Skólavörðustíg 30. mars 1977, kl. 16.00.

*Hans Hallgrímsson  
Lögnsagnsmaður*

Framangreinda ákæru birti ég fyrir Erlu Bolla-dóttur í frystihúsi Bæjarútgerðar Reykjavíkur á Grandagarði miðvikudaginn 6. apríl 1977, kl. 10.35.

*Erla Þ. Þórhallsdóttir  
Lögns.*

Framangreinda ákæru birti ég fyrir Kristjáni Viðari Viðarssyni í Hegningarhúsínu við Skólavörðustíg þriðjudaginn 19. apríl 1977, kl. 16.35.

*Kristján Viðarsen  
Lögns. fjórm.*

# RÍKISSAKSÓKNARI

3 Nr. II Laði fram í sakadómi  
Reykjavíkur 28/4 '77

SSB.

6

HE/SJ

M.76/76

ÓSKAST TILGREINT I SVARI

ÖH/gó

Reykjavík, 16. mars 1977.

Með bréfi sakadóms Reykjavíkur, dagsettu 25. f.m., sendi dómurinn embætti ríkissaksóknara til ákvörðunar rannsóknargögn dómsins um rannsókn rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík og sakadóms Reykjavíkur á hvarfi og vígi Geirfinns Einarssonar frá Keflavík.

Jafnframt því að endursenda dóminum rannsóknargögn málss þessa er sakadómi Reykjavíkur hér með send ákæra á hendur eftирgreindum 4 mönnum fyrir manndráp og rangar sakargiftir:

1. Kristjáni Viðari Viðarssyni, Grettisgötu 82, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík,
2. Sævari Marinó Ciesielski, Grýtubakka 10, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík,
3. Guðjóni Skarphéðinssyni, Rauðarárstíg 32, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík, og
4. Erlu Bolladóttur, Stóragerði 29, Reykjavík.

Þess er krafizt, að sakadómur Reykjavíkur ljúki rannsókn sakarefna málss þessa fyrir dómi og taki það síðan til dómsálagningar samkvæmt meðfylgjandi ákæru og verði dómsmeðferð þessara ákæruefna sameinuð dómsmeðferð sakarefna þeirra, sem um er fjallað í ákæru á hendur hinum sömu ákærðu - auk annarra - frá 8. desember s.l. og send var dóminum með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 8. desember s.l.

Framsent er bréf hrl. Jóns Oddssonar, dagsett 21. f.m., er hann hefir ritað embætti ríkissaksóknara að beiðni móður ákærða Sævars Marinós.

Eins og tekið var fram í fyrrgreindu bréfi ríkissaksóknara frá 8. desember s.l. mun embætti ríkissaksóknara

annast sókn mál s þessa.

F. h. r.

Hallgrímur Guðmundsson

Til

sakadóms Reykjavíkur.

Nr. III, Lagt fram í sakadómi  
Reykjavíkur 28/4'77

SJ/Br.

8

E N D U R R I T

úr

S A K A D Ó M S B Ö K      R E Y K J A V Í K U R

---oooo000ooo---

Ár 1976, mánudaginn 26. janúar var dómþing  
sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla  
28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Yfirheyrsla samkvæmt 65. gr.

stjórnarskrárinna nr. 33/1944.

I dominum liggur frammi ófullgerð rannsóknar-  
löggregluskyrsla.

Kl. 10.31 kemur fyrir dóminn kærði Valdimar Olsen,  
skrifstofustjóri, Framnesvegi 61 hér í borg, fæddur  
22. febrúar 1948 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst ekki vita neitt um hvarf Geirfinns Einarssonar.

Skýrsla kærða hjá rannsóknarlöggreglu í dag er lesin fyrir hann.

Kærði kveður rétt eftir sér haft og staðfestir undirskrift sína.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljoðandi

#### úrskurður:

Ár 1976, mánudaginn 26. janúar var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson. Hann hefur ekki sést síðan.

Að undanförnu hafa fjórir menn setið í gæsluvarðhaldi vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar sem síðast sást í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Einn þessara manna, Sævar Marinó Ciesielski hefur skýrt rannsóknarlöggreglunni svo frá, að hann hafi vitneskju um afdrif Geirfinns Einarssonar. Segir Sævar að hann hafi nokkrum dögum áður en Geirfinnur Einarsson hvarf, hitt þá Magnús Leopoldsson, Einar Bollason og Geirfinn Einarsson í bifreið hér í borginni. Var rætt um dreifingu

á smygluðu áfengi. Nokkru síðar fór Sævar með Einari, Magnúsi og Valdimar Olsen til Keflavíkur. Segir Sævar að þeir Magnús og Valdimar hafi farið úr bifreiðinni í Keflavík og gengið niður einhverja hliðargötu sem virtist liggja niður að höfninni, en þeir Einar hafi ekið á brott en komið aftur eftir eina til tvær klukkustundir. Hafi Magnús þá komið í bifreiðina til þeirra og sagt að þetta hefði "reddast" og átt þar við að tekist hefði að ná í áfengi úti á sjó en slys hefði komið fyrir. Hefði Magnús sagt að Geirfinnur hefði fallið útbyrðis úr bátnum og drukknað. Sævar Marinó breytti síðar þessum framburði sínum og bætti við hann. Sagði hann þá, að hann hefði farið niður að sjó með fyrrgreindum mönnum, en í stað Valdimars hefði Kristján Viðar Viðarsson verið í bifreiðinni. Hvað síðar gerðist hefði sambýliskona hans Erla Bolladóttir sagt honum, en hún hefði einnig verið í bifreiðinni. Sagði Sævar að Erla hefði sagt sér, að hún, Geirfinnur Einarsson, Magnús Leopoldsson, Kristján Viðar og Valdimar Olsen hafi verið þarna staddir ásamt fleirum. Hann og Einar Bollason hefðu aftur á móti farið á brott og komið aftur eftir ákveðinn tíma og þá hefði Magnús komið til þeirra og sagt að þetta hefði reddast, en slys hefði orðið, því Geirfinnur hefði fallið útbyrðis og drukknað.

Erla Bolladóttir hefur skýrt rannsóknarlöggreglunni frá því, að hún hafi farið ásamt Sævari Marinó og Magnúsi Leopoldssyni í bifreið til Keflavíkur og þar niður í fjöru. Er til

Keflavíkur hafi komið hafi hún séð nokkra menn stadda þar í fjörunni og hafi hún þekkt þar Einar Bollason og Kristján Viðar Viðarsson. Hefur Erla sagt að minni hennar um það sem síðar gerðist sé mjög óskýrt, en telur að hún hafi einhvern-tímann þarna á staðnum orðið mjög hrædd og tekið til fótanna og forðað sér. Hún hefur sagt að á leiðinni hafi þeir Magnús og Sævar rætt um að einhver maður yrði að hverfa. Hefðu þeir talað um að manni þessum ætti að stytta aldur með því að fara með hann út á sjó undir því yfirsíkni að sækja eitthvað.

Kristján Viðar Viðarsson hefur skyrt rannsóknarlöggreglunni frá að hann hafi einhvern tímann seint á árinu 1974, að kvöld-lagi, farið upp í ~~stóra sendibifreið~~ við samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún. Hafi verið ekið til Keflavíkur og bifreiðin stöðvuð þar rétt við sjó. Hefur Kristján Viðar sagt að þarna hafi verið nokkrir karlmenn og ein kona. Telur hann sig hafa þekkt þarna á staðnum Einar Bollason og Sævar Ciesielski og telur sig hafa séð Erlu Bollandóttur þarna. Hefur Kristján Viðar ekki getað tjáð sig frekar um þetta mál að sinni.

Valdimar hefur í dag fyrir dómi og hjá rannsóknarlöggreglu neitað að hafa nokkra vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Þykir bera nauðsyn til í þágu rannsóknar málsins að úrskurða Valdimar Olsen í gæsluvarðhald svo takast megi án þess að hann nái að spilla sakargögnum, að kanna hver hans hlutdeild kunni að vera í máli þessu en brot hans kann að varða við XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr. sbr. 61. gr. l. 59/1969 og getur varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnar-

skrárinnar nr. 33/1944 um gæsluvarðhald er því fullnægt.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 45 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Valdimar Olsen sæti gæsluvarðhaldi í allt að 45 dögum.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst óska eftir að sér verði skipaður réttar-gæslumaður.

Kærði kveðst munu hafa samráð við réttargæslumann sinn um kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 10.55 og  
var farið með hann í varðhaldið.

Kl. 11.02 kemur fyrir dóminn kærði Magnús Leopoldsson, framkvæmdastjóri, Lundabrekku 10, Kópavogi, fæddur 23.ágúst 1946 í Keflavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst ekki vera viðriðinn hvarf Geirfinns Einarssonar og ekkert vita um það mál.

Kærði les nú skýrslu þá er tekin var af honum hjá rannsóknarlöggreglu í dag.

Kærði kveður rétt eftir sér haft og staðfestir undir-skrift sína.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

Ár 1976, mánudaginn 26. janúar var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson frá Keflavík og hefur hann ekki sést síðan.

Að undanförnu hafa fjórir menn setið í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar, sem síðast sást í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Einn þessara manna, Sævar Marinó Ciesielski, hefur skýrt rannsóknarlög-reglunni frá því, að hann hafi vitneskju um afdrif Geirfinns Einarssonar. Kvaðst hann hafa nokkrum dögum áður en Geirfinnur hvarf, hitt Geirfinn ásamt Magnúsi Leopoldssyni og Einari Bollasyni í bifreið hér í borginni. Hefðu þeir þá rætt um dreifingu á smygluðu áfengi. Nokkru síðar hafi hann farið ásamt Magnúsi Leopoldssyni og Valdimar Olsen og Einari Bolla-syni til Keflavíkur. Hafi þeir Magnús og Valdimar farið úr bifreiðinni þar, og gengið áleiðis niður hliðargötu sem virtist liggja niður að höfninni. Þeir Einar hefðu ekið um í eina til tvær klukkustundir en komið aftur að ákveðnum stað og hafi þá Magnús komið í bifreiðina til þeirra og sagt, að þetta hefði "reddast" það er að þeir hefðu náð áfenginu en það slys hefði orðið að Geirfinnur hefði dottið útbyrðis og drukknað. Hefði Magnús sagt við hann, að honum væri hollara að nefna ekki slysið við nokkurn mann, það væri honum fyrir bestu. Sævar Marinó hefur síðar breytt og endurbætt þennan framburð sinn, og hefur nú sagt að með í bifreiðinni hafi verið Magnús, Einar, Erla Bolladóttir, sambýliskona hans og Kristján Viðarsson

en ekki Valdimar Olsen. Hafi þeir ekið til Keflavíkur og niður í flæðarmál í útjaðri bæjarins. Það sem síðar gerðist, hafi Erla sagt sér. Hafi verið þarna staddir m.a. Geirfinnur Einarsson og Valdimar Olsen. Þeir Einar hefðu farið í ökuferð og komið aftur niður í flæðarmálið á ákveðnum tíma. Þá hefði staðið yfir uppskipun úr bát sem þarna var, og var verið að setja eitthvað í sendiferðabifreið. Sagði Sævar að Erla hefði sagt sér að þarna hefði verið náð í tölувert mikið magn af áfengi. Einnig hefði verið settar í bifreiðina einhverjar netadræsur. Þeir Einar hefðu gengið aftur í átt að bifreiðinni og hefði þá Magnús komið til þeirra og sagt að þetta hefði "reddast", en slys hefði orðið, því Geirfinnur hefði fallið útbyrðis og drukknað.

Erla Bolladóttir hefur skýrt rannsóknarlöggreglunni frá því, að hún hafi farið ásamt sambýlismanni sínum Sævari Ciesielski til Keflavíkur og hafi Magnús Leopoldsson ekið bifreiðinni. Þar var ekið niður í flæðarmál og fóru þeir Magnús og Sævar þar úr bifreiðinni. Þarna hafi nokkrir menn verið samankomnir og bar hún kennsl á Einar Bollason og Kristján Viðar Viðarsson. Kveður hún minni sitt um það er síðast gerðist mjög óskýrt, en kveðst hafa verið einhvern tímann þarna á staðnum gripin ofsalegri hræðslu og hlaupið brott og falið sig. Á leiðinni sagði hún að þeir Magnús og Sævar hefðu rætt um að einhver maður hefði verið með "stæla" og ætti að fara með hann út á sjó undir því yfirskyni að verið væri að sækja eitthvað og stytta honum aldur.

Kristján Viðar Viðarsson hefur skýrt rannsóknarlöggreglunni frá því að hann hafi einhverntímann seint á árinu 1974 farið að kvöldlagi upp í stóra sendiferðabifreið við samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún. Hafi bifreið þessari verið ekið til Keflavíkur og þar niður í fjöru. Þar hafi hann séð nokkra karlmenn og eina konu og borið kennsl á Einar Bollason og Sævar Marinó og Erlu Bolladóttur. Kristján hefur sagt að hann geti ekki tjáð sig um þetta mál að sinni frekar.

Magnús hefur í dag hjá rannsóknarlöggreglu og fyrir dómi neitað að hafa nokkra vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Brýna nauðsyn þykir bera til með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að úrskurða Magnús Leopoldsson í gæsluvarðhald á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið svo hann nái ekki með óskertu frelsi að spilla sönnunargögnum, en kanna þarf hvern þátt hann hefur átt í máli þessu og getur brot hans hugsanlega varðað við XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr. sbr. 61. gr. 1. 59/1969 og varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæsluvarðhald er því fullnægt.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 45 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Kærði, Magnús Leopoldsson, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 45 dögum.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst óska eftir að Hafsteinn Baldvinsson hrl.

verði skipaður réttargæslumaður sinn.

Kærði kveðst munu hafa samráð við réttargæslumann sinn um käru á úrskurði þessum til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 11.11 og var farið með hann í varðhaldið.

Kl. 11.15 kemur fyrir dóminn kærði Einar Gunnar Bollason, kennari, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, fæddur 6. nóvember 1943 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Kærði kveðst ekki vera viðriðinn hvarf Geirfinns Einarssonar og ekkert vita um það mál.

Skýrsla sú er tekin var af kærða í dag hjá rannsóknarlögreglu er lesin fyrir hann.

Kærði kveður rétt eftir sér haft og staðfestir undirskrift sina.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

#### úrskurður:

Ár 1976, mánudaginn 26. janúar var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson frá Keflavík og hefur hann ekki sést síðan.

Að undanförnu hafa menn setið í gæsluvarðhaldi vegna hvarfs annars manns Guðmundar Einarssonar sem síðast sást aðfaranótt 27. janúar 1974.

Annar þessara manna Sævar Marinó Ciesielski hefur nú skýrt rannsóknarlöggreglunni svo frá að hann hafi vitneskju um hver urðu örlög Geirfinns Einarssonar og hafi hann sjálfur verið staddur þar á vettvangi. Hefur hann skýrt svo frá að hann hafi ásamt fleiri mönnum farið til Keflavíkur, þar sem átti að sækja tölувert magn af smygluðu áfengi. Hafi verið með í þeirri ferð auk hans, Einar Bollason, Magnús Leopoldsson og Valdimar Olsen. Hafi þeir Magnús og Valdimar gengið niður einhverja hliðargötu sem virtist liggja niður að höfninni, en þeir Einar hafi ekið á brott, en komið aftur eftir eina til tvær klukkustundir og tekið Magnús aftur upp í bílinn og hafi hann þá sagt við Einar að þetta hefði "reddast" og átt þar við að sækja áfengið, en slys hefði komið fyrir. Hefði Magnús sagt að Geirfinnur hefði fallið útbyrðis úr bátnum og drukknað. Hefði Magnús sagt við sig að sér væri hollara að nefna ekki slysið við nokkurn mann það væri honum fyrir bestu. Sævar hefur síðar bætt við og breytt þessum framburði sínum og þá skýrt svo frá að auk þeirra Einars og Magnúsar hafi hann sjálfur, Erla sambýliskona hans Bolladóttir, og Kristján Viðar Viðarsson verið í bifreiðinni sem fór til Keflavíkur. Þar hafi verið ekið niður að sjó í útjaðri bæjarins. Það sem skeði eftir þetta, kveðst hann hafa vitneskju um frá Erlu sambýliskonu sinni, þar sem hún hefði farið ásamt Magnúsi og Valdimar og Kristjáni Viðari um borð í bát sem var þarna við bryggju. Hann sjálfur og Einar Bollason hafi farið í ökuferð og verið komnir aftur á sama stað eftir ákveðinn tíma. Er þeir komu frá hinum ákveðna tíma á sama stað hafði staðið yfir uppskipun úr bátnum

og var verið að setja eitthvað inn í sendiferðabifreið sem ekið hafði verið aftur á bak út á bryggjuna. Hefur Sævar skýrt svo frá, að Erla hafi sagt honum að náð hefði verið í töluvert magn af áfengi og einnig hefði verið settar í bifreiðina einhverjar netadræsur. Magnús Leopoldsson hefði þá komið til þeirra Einars og sagt að þetta hefði "reddast", en slys hefði orðið, því Geirfinnur hefði fallið útbyrðis og drukknað.

Erla Bolladóttir hefur skýrt rannsóknarlöggreglunni frá því að hún hafi farið í umrædda ferð til Keflavíkur ásamt Sævari Marinó Ciesielski og Magnúsi Leopoldssyni. Haldið hafi verið niður að sjó í útjaðri Keflavíkur þar sem bátur lá við bryggju. Í fjörunni sá Erla nokkra menn og þekkti þar Einar Bollason bróður sinn, og Kristján Viðar Viðarsson. Erla hefur skýrt svo frá að minni sitt um það hvað gerðist eftir þetta sé mjög óskýrt ennþá, en hún hafi verið gripin ofsalegri hræðslu þarna á staðnum og hlaupið burtu og falið sig. Kvaðst hún hafa heyrt á samtali þeirra Magnúsar og Sævars á leiðinni, að fara ætti með mann út á sjó undir því yfirskyni að sækja ætti eitthvað, en manninum ætti að stytta aldur. Hafi þeir talað um, að ökumaðurinn þ.e. Magnús Leopoldsson og Einar Bollason hefðu báðir reynt að koma vitinu fyrir manninn með því að bjóða honum peningagreiðslur. Það hefði ekki borið árangur, maðurinn væri bara með "stæla" og því þyrfti að láta hann hverfa.

Kristján Viðar Viðarsson sem einnig hefur setið í gæslu-varðhaldi vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar, hefur viðurkennt

að hafa einhvern tímann að kvöldlagi seint á árinu 1974 farið upp í stóra sendiferðabifreið við samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún. Hefur Kristján skýrt svo frá, að ekið hafi verið til Keflavíkur og bifreiðin stöðvuð rétt við sjó. Kristján kveðst hafa séð nokkra menn þarna á staðnum og eina konu. Kveðst hann hafa borið kennsl á two mannanna, þ.e. Sævar Ciesielski og Einar Bollason og telur hann sig einnig hafa séð þarna Erlu Bolladóttur. Kristján kveðst enn sem komið er, ekki geta tjáð sig um þetta mál betur.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Einar Bollason, hefur í dag hjá rannsóknarlöggreglu og fyrir dómi, neitað að hafa nokkra vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar.

Nauðsyn ber til með vísan til l. tl. 67. gr. laga 74/1974 að úrskurða Einar Bollason í gæsluvarðhald á meðan rannsókn máls þessa fer fram, en hugsanlegt virðist að hann eigi hlutdeild að broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr. sbr. 61. gr. l. 59/1969 og að brot hans geti varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæsluvarðhald er því fullnægt.

Akveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 45 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Kærði, Einar Gunnar Bollason, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 45 dögum.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst óska eftir að Ingvar Björnsson, hdl. verði

skipaður réttargæslumaður sinn.

Kærði kveðst munu hafa samráð við réttargæslumann sinn um kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 11.25 og var farið með hann í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert N. Bjarnason.

Sigurbj. V. Eggertsson.

Ár 1976, miðvikudaginn 11. febrúar var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Yfirheyrsla samkvæmt 65. gr.  
stjórnarskrárinna.

Í dóminum liggur frammi ófullgerð rannsóknarlögregluskyrsla.

Kl. 11.52 kemur fyrir dóminn kærði Sigurbjörn Eiríksson, verzlunarmaður, Laufásvegi 17 hér í borg, fæddur 5. desember 1925 að Gestsstöðum á Fáskrúðsfirði.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst ekki hafa lent í átökum við Geirfinn Einarsson um borð í bát úti á sjó skammt frá Keflavík.

Kærði kveðst ekki kannast við að vera viðriðinn smygl á áfengi.

Kærða er kynntur framburður hans hjá rannsóknarlögreglu í dag. Kærði kveður rétt eftir sér haft og staðfestir undirskrift sína.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dómínum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

Ar 1976 miðvikudaginn 11. febrúar var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Siðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson. Hann hefur ekki sést síðan.

Að undanförnu hafa fjórir menn setið í gæzluvarðhaldi vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar sem síðast sást í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Einn þessara manna Sævar Marinó Ciesielski hefur skýrt rannsóknarlöggreglunni svo frá, að hann hafi vitneskju um afdrif Geirfinns Einarssonar. Segir Sævar að hann hafi nokkrum dögum áður en Geirfinnur Einarsson hvarf, hitt þá Magnús Leopoldsson, Einar Bollason og Geirfinn Einarsson í bifreið hér í borginni. Var rætt um dreifingu á smygluðu áfengi. Nokkru síðar fór Sævar með Einari, Magnúsi og Valdimar Olsen til Keflavíkur. Segir Sævar, að þeir Magnús og Valdimar hafi farið úr bifreiðinni í Keflavík og gengið niður einhverja hliðargötu sem virtist liggja niður að höfninni, en þeir Einar hafi ekið á brott en komið aftur eftir 1-2 klukkustundir. Hafi þá Magnús komið til þeirra og sagt að þetta hefði "reddast" og átt þar við að tekizt hafði

að ná í áfengi út í sjó, en slys hefði komið fyrir.

Hefði Magnús sagt, að Geirfinnur hefði fallið útbyrðis úr bátnum og drukknað.

Sævar Marinó breytti síðar þessum framburði sínum og bætti við hann. Hefur hann viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu að hann hafi farið með í sjóferðina og orðið þar vitni að átökum á milli manna og hafi þar áttzt við Geirfinnur Einarsson, Sigurbjörn Eiríksson og Magnús Leopoldsson og Kristján Viðar Viðarsson.

Kristján Viðar Viðarsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið í fyrrgreinda sjóferð og orðið þar vitni að átökum milli Geirfinns Einarssonar, Sigurbjörns Eiríks-sonar og Magnúsar Leopoldssonar og hafi hann ætlað að skipta sér af átökunum, en Einar Bollason hafi komið í veg fyrir það. Erla Bolladóttir hefur skýrt svo frá, að hún hafi farið ásamt Sævari Marinó og Magnúsi Leopoldssyni í bifreið til Keflavíkur og þar niður í fjöru. Er til Keflavíkur hafi komið, hafi hún séð nokkra menn standa þar í fjörunni og hafi hún þekkt þar Einar Bollason og Kristján Viðar Viðarsson. Hefur Erla sagt að minni hennar um það sem síðar gerðist, sé mjög óskýrt, en telur að hún hafi einhvern tímann þarna á staðnum orðið mjög hrædd og tekið til fótanna og forðað sér. Hún hefur sagt að á leiðinni hafi þeir Magnús og Sævar rætt um að einhver maður yrði að hverfa. Hefðu þeir talað um að manni þessum ætti að stytta aldur með því að fara með hann út á sjó undir því yfirskyni að sækja eitthvað.

Þau Kristján Viðar, Sævar Marinó og Erla hafa öll skoðað bunka af myndum hjá rannsóknarlöggreglu. M.a. mynda sem þau hafa dregið út úr bunkanum af mönnum sem staddir voru í fjörunni umrætt sinn, hafa þau öll þekkt mynd Sigurbjörns Eiríkssonar.

Sigurbjörn Eiríksson hefur í dag fyrir dómi og hjá rannsóknarlöggreglu neitað að hafa nokkra vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar né að hafa nokkurn tímann verið viðriðinn smygl á áfengi.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Þykir bera nauðsyn til í þágu rannsóknar málsins að úrskurða Sigurbjörn Eiríksson í gæzluvarðhald svo takazt megi án þess að hann nái að spilla sakargögnum, að kanna hver hans hlutdeild kunni að vera í máli þessu, en brot hans kann að varða við XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr. sbr. 61. gr. laga 59/1969 og getur varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 45 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurbjörn Eiríksson, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 45 dögum.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst óska eftir að Ingi Ingimundarson, hrl. verði skipaður réttargæzlumaður sinn.

Kærði kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 12.03 og var farið með hann í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

M. Magnússon.

Sigurbj. V. Eggertsson.

Ár 1976, fimmtudaginn 11. mars var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Siðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar.

I dóminum liggar frammi ófullgerð rannsóknarlöggregluskýrsla.

Dómpingið sækir Hallvarður Einvarðsson vararíkis-saksóknari og Jón Zoëga hdl. skipaður réttargæzlumaður kærða Valdimars Olsen.

Kl. 10.15 kemur fyrir dóminn kærði Valdimar Olsen skrifstofumaður, Framnesvegi 61 hér í borg, fæddur 22. febrúar 1948 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst ekki hafa neinu að breyta í framburði sínum frá 26. janúar s.l.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að gæzluvarð-haldsvist Valdimars Olsen verði framlengd með úrskurði sakadóms Reykjavíkur í þágu rannsóknar þeirra alvarlegu sakarefna sem um greindi í úrskurði dómsins frá 26.janúar s.l. og sætt hafa löggreglurannsókn síðan. Er í því efni vísað til 1. og 4. tl. 67. gr. l. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Jafnframt er þess krafist, að sakarefni máls þessa sæti þegar ítarlegri dómsrannsókn eftir reglum sömu laga. Réttargæzlumaður kærða kveðst mótmæla kröfu þessari harðlega.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

Ár 1976, fimmtudaginn 11. mars var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson frá Keflavík, hann sázt síðast í Keflavík að kvöldi þess dags og hefur hann ekki sézt síðan.

Erla Bolladóttir, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski hafa skýrt rannsóknarlöggreglunni frá því, að þau hafi öll farið til Keflavíkur og þar niður að sjó, nánar tiltekið við Dráttarbraut Keflavíkur. Þeir Sævar og Kristján hafa skýrt frá því að þeir hafi farið í sjóferð með nokkrum mönnum, þar á meðal Geirfinni Einarssyni, sem þeir telja sig þekkja á mynd. Hafi Geirfinnur Einarsson látið lífið í sjóferð þessari. Erla Bolladóttir kveðst

hins vegar hafa hlaupið á brott og falið sig er til Keflavíkur var komið.

Þau Erla, Sævar og Kristján Viðar hafa öll verið látin skoða ljósmyndir af 16 mönnum og hafa þeir Kristján Viðar og Sævar Marinó sagt að kærði Valdimar Olsen hafi verið í för þessari til Keflavíkur umrætt sinn og Erla Bolladóttir hefur sagt að hún haldi að Valdimar Olsen hafi verið þarna.

Kristján Viðar Viðarsson hefur tekið framburð sinn í máli þessu til baka og síðan kannast aftur við að hafa farið í umrædda ferð með að minnsta kosti Erlu Bolladóttur og Sævari Ciesielski að Dráttarbrautinni í Keflavík. Hefur hann sagt að honum finnist að þetta ferðalag hafi eitthvað verið í sambandi við spíritus, þótt svo að hann muni það ekki. Þá hefur hann sagt að hann treysti sér ekki enn sem komið er til þess að segja til um hverjur voru staddir í Dráttarbrautinni þessa nótt auk hans og Sævars, en kveðst vera viss um að hann þekkti eða kannaðist við fleiri sem þar voru staddir.

Hinn 26. janúar s.l. voru þeir kærði Valdimar Olsen og Magnús Leopoldsson og Einar Bollason úrskurðaðir í 45 daga gæzluvarðhald vegna rannsóknar máls þessa. Þeir hafa allir neitað að hafa farið í umrædda ferð og að hafa nokkra hugmynd um afdrif Geirfinns Einarssonar.

Af hálfu ríkissaksóknara hefur verið gerð sú krafa að kærði Valdimar Olsen verði úrskurðaður til að sæta áfram gæzluvarðhaldi og jafnframt að hafin verði dómsrannsókn á

sakarefni máls þessa. Af hálfu kærða Valdimars hefur þessari kröfu verið mótmælt.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið og á meðal annars eftir að fara fram dómsrannsókn með sakbendingum og samþófunum fyrir dómi.

Valdimar Olsen er grunaður um þátttöku í broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr. sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969, og kann brot hans að varða fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Rétt þykir með visan til 1. og 4. tl. 67. gr. 1.74/1974 að framlengja gæzluvarðhald kærða á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald kærða Valdimars Olsen framlengist um allt að 30 dögum frá kl. 10.55 11. mars 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst munu hafa samráð við réttargæzlumann sinn um kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar Íslands.

Kærði vék frá kl. 10.25 og  
var farið með hann í varðhaldið.

Kl. 10.30 kemur fyrir dóminn kærði Einar Gunnar Bollason, kennari, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, f. 6. nóvember 1943 í Reykjavík.

Þá sækir dómpingið Ingvar Björnsson hdl. skipaður réttargæzlumaður kærða.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst ekki hafa neinu að breyta frá framburði sinum fyrir dómi 26. janúar s.l.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að gæzlu-  
varðhaldsvist Einars Gunnars Bollasonar verði framlengd  
með úrskurði sakadóms Reykjavíkur í þágu rannsóknar þeirra  
alvarlegu sakarefna sem um greindi í úrskurði dómsins frá  
26. janúar s.l. og sætt hafa löggreglurannsóknar síðan. Er  
í því efni vísað til l. og 4. tl. 67. gr. l. 74/1974, um  
meðferð opinberra mála. Jafnframt er þess krafist að  
sakarefni máls þessa sæti þegar ítarlegri dómsrannsókn eftir  
reglum sömu laga.

Réttargæzlumaður kærða kveðst mótmæla kröfu þessari sem  
ástæðulausri og er í því efni vísað til löggreglurannsóknar  
varðandi fjarvistir kærða hinn 19. nóvember 1974.

Kærði kveðst óska þess að bókað sé að hann mótmæli  
kröfu þessari harðlega.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

#### úrskurður:

Ár 1976, fimmtudaginn 11. mars var á dómpingi  
sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í fangelsinu að Síðumúla  
28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson

frá Keflavík og hefur hann ekki sézt síðan.

Þau Erla Bolladóttir, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski hafa skýrt frá því, að þau hafi farið í ferð til Keflavíkur ásamt fleiri mönnum. Var farið að Dráttarbraut Keflavíkur. Erla Bolladóttir kveðst þá þar á staðnum hafa orðið hrædd og hlaupið brott og falið sig. Þeir Sævar og Kristján Viðar hafa skýrt svo frá að þeir hafi farið út á bát þar sem Geirfinnur Einarsson hafi látið lífið.

Þau Kristján, Sævar og Erla hafa öll skýrt frá því að þarna hafi verið staddir Einar Bollason meðal annarra.

Kristján Viðar Viðarsson hefur tekið til baka framburð sinn um förina til Keflavíkur og sjóferðina, en síðan hefur hann sagst muna eftir ferðinni til Keflavíkur og að Dráttarbrautinni í Keflavík, en ekki eftir sjóferðinni. Hefur hann sagt að þarna hafi verið staddir fleiri menn sem hann þekkti, þótt svo hann komi því ekki fyrir sig hverjir það voru.

Kærði Einar Bollason, Magnús Leopoldsson og Valdimar Olsen, voru hinn 26. janúar s.l. úrskurðaðir í 45 daga gæzluvarðhald vegna rannsóknar máls þessa. Af hálfu ákærvalds hefur þess nú verið krafist, að gæzluvarðhaldsvist kærða Einars Bollasonar verði framlengd í þágu rannsóknar máls þessa og jafnframt að fram fari ítarleg dómsrannsókn á sakarefni máls þessa. Af hálfu kærða Einars Bollasonar hefur þessari kröfu verið mótmælt með viðan til þess er fram kemur í lögreglurannsókn um hugsanlega fjarvist

Einars Bollasonar að kvöldi hins 19. nóvember 1974.

Rannsókn máls þessa er ekki nærri lokið enn. Þarf meðal annars að fara fram dómsrannsókn með sakbendingum og samþófunum fyrir dómi, auk þess sem nauðsynlegt er að prófa fyrir dómi þau gögn sem fram hafa komið við löggreglu-rannsóknina, varðandi hugsanlega fjarvist kærða Einars Bollasonar umrætt kvöld.

Rétt þykir með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. 1. 74/1974 að úrskurða Einar Bollason í gæzluvarðhald á meðan á rannsókn máls þessa er fram haldið, en brot það sem hann er grunaður um að eiga þátt í varðar við XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr. sbr. 61. gr. 1. 59/1969 og geta brot þessi varðað fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald kærða Einars Gunnars Bollasonar framlengist um 30 daga frá kl. 11.25 11.marz 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst munu hafa samráð við réttargæzlumann sinn um kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 10.47 og var farið með hann í varðhaldið.

Kl. 11.55 kemur fyrir dóminn kærði Magnús Leopoldsson framkvæmdastjóri, Lundabrekku 10, Kópavogi, fæddur 23. ágúst 1946 í Keflavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst ekki vilja breyta neinu í framburði sínum fyrir dómi frá 26. janúar s.l.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að gæzluvarðhaldsvist Magnúsar Leopoldssonar verði framlengd með úrskurði sakadóms Reykjavíkur í þágu rannsóknar þeirra alvarlegu sakarefna sem um greindi í úrskurði dómsins frá 26.janúar s.l. og sætt hafa lögreglurannsókn síðan. Er í því efni vísað til 1. og 4. tl. l. mgr. 67. gr. l. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Jafnframt er þess krafist að sakarefni máls þessa sæti þegar ítarlegri dómsrannsókn eftir reglum sömu lagagreina.

Kærði kveðst mótmæla kröfu þessari.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

#### Úrskurður:

Ár 1976, fimmtudaginn 11. marz var á dómpingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson frá Keflavík og hefur hann ekki sézt síðan.

Erla Bolladóttir, Sævar Marinó Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson, hafa öll skýrt svo frá að þau hafi eitt sinn farið til Keflavíkur og þar niður að Dráttarbraut

Keflavíkur ásamt fleira fólk. Þeir Kristján Viðar og Sævar Ciesielski hafa sagt að þeir hafi farið út á sjó með bát og í þeirri sjóferð hafi Geirfinnur Einarsson látið lífið. Erla Bolladóttir hefur hins vegar sagt að hún hafi orðið hrædd og hlaupið í burtu og falið sig.

Þau hafa öll sagt að meðal viðstaddir hafi verið Magnús Leopoldsson.

Kristján Viðar Viðarsson hefur síðan tekið aftur framburð sinn um þessa ferð til Keflavíkur og sjóferðina, en síðan hefur hann enn á ný gengist við ferðinni til Keflavíkur og niður í Dráttarbrautina. Telur hann að þarna hafi veriðstatt fleira fólk sem hann þekkir, en kveðst ekki koma fyrir sig hverjir það voru.

Hinn 26. janúar sl. voru Einar Bollason, Valdimar Olsen og kærði Magnús Leopoldsson úrskurðaðir í allt að 45 daga gæzluvarðhald vegna rannsóknar máls þessa.

Af hálfu ákæruvalds hefur þess verið krafist fyrir dómi, að gæzluvarðhaldsvist kærða Magnúsar Leopoldssonar verði framlengd í þágu rannsóknar málsins og að sakarefni máls þessa verði rannsökuð fyrir dómi. Af hálfu Magnúsar Leopoldssonar hefur kröfu þessari verið mótmælt.

Magnús Leopoldsson er grunaður um þátttöku í broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og gegn 60. gr. sbr. 61. gr. laga 59/1969 og getur brot hans varðað fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið. Rétt þykir með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald Magnúsar Leopoldssonar á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið. Þarf meðal annars að fara fram dómsrannsókn og sakbendingar og samþófanir fyrir dómi.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald kærða Magnúsar Leopoldssonar framlengist um 30 daga frá kl. 11.11 11.marz 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst munu hafa samráð við réttargæzlumann sinn um kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 11.10 og var farið með hann í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert N. Bjarnason.

Sigurbj. V. Eggertsson.

Ár 1976 laugardaginn 27. marz var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Rannsókn á hvarfi

Geirfinns Einarssonar.

I dóminum liggur frammi ófullgerð rannsóknar-lögregluskyrsla.

Dómpingið sækja Hallvarður Einvarðsson vararíkis-saksóknari og Jón Ólafsson hrl. skipaður réttargæzlu-maður kærða Sigurbjörns Eiríkssonar.

Kl. 11.44 kemur fyrir dóminn kærði Sigurbjörn Eiríksson gæzlufangi Laufásvegi 17 hér í borg, fæddur 4. desember 1925 að Gestsstöðum á Fáskrúðsfirði.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Kærði kveðst ekki vilja breyta neinu í framburði sinum fyrir dómi frá 11. febrúar s.l.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist að gæzluvarðhaldsvist Sigurbjörns Eiríkssonar verði framlengd með úrskurði sakadóms Reykjavíkur í þágu rannsóknar þeirra alvarlegu sakarefna sem um greindi í úrskurði dómsins frá 11. febrúar s.l. og sætt hafa lögreglurannsókn síðan. Er í því efni vísað til 1. og 4. tl. 67. gr. 1. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Jafnframt er þess krafist að sakarefni máls þessa sæti þegar ítarlegri dómsrannsókn eftir reglum sömu laga.

Af hálfu kærða er kröfu þessari mótmælt.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

#### úrskurður:

Ar 1976 laugardaginn 27. marz var á dómpingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson frá Keflavík. Hann sázt síðast í Keflavík að kvöldi þess dags og hefur hann ekki sézt síðan.

Erla Bolladóttir, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski hafa skýrt rannsóknarlöggreglunni frá því að þau hafi öll farið til Keflavíkur og þar niður að sjó nánar tiltekið við Dráttarbraut Keflavíkur. Sævar og Kristján hafa skýrt frá því, að þeir hafi farið í sjóferð með nokkrum mönnum, þ.á.m. Geirfinni Einarssyni, sem þeir telja sig þekkja á mynd. Hafi Geirfinnur Einarsson látið lífið í sjóferð þessari. Erla Bolladóttir kveðst hins vegar hafa hlaupið á brott og falið sig er til Keflavíkur var komið.

Þau Erla, Sævar og Kristján Viðar hafa öll verið látin skoða ljósmyndir af 16 mönnum og hafa þau öll sagt, að kærði Sigurbjörn Eiríksson hafi verið staddur við Dráttarbraut Keflavíkur umrætt sinn.

Kristján Viðar Viðarsson hefur tekið framburð sinn í máli þessu til baka, en síðan kannast aftur við að hafa farið í umrædda ferð með a.m.k. Erlu Bolladóttur og Sævari Ciesielski að Dráttarbrautinni í Keflavík. Hefur hann sagt að honum finnist að þetta ferðalag hafi verið eitthvað í sambandi við spíritus þótt svo að hann muni það ekki. Þá hefur hann sagt að hann treysti sér ekki enn sem komið er, til þess að segja til um, hverjir voru staddir í Dráttarbrautinni þetta kvöld auk hans og Sævars, en kveðst vera viss um að hann þekkti eða kannaðist við fleiri sem þar voru staddir.

## 36

Hinn 11. febrúar s.l. var kærði Sigurbjörn Eiríksson úrskurðaður í 45 daga gæzluvarðhald vegna rannsóknar máls þessa. Hann hefur neitað að hafa farið í umrædda ferð og hafa nokkra hugmynd um afdrif Geirfinns Einarssonar.

Af hálfu ríkissaksóknara hefur verið gerð sú krafa að kærði Sigurbjörn Eiríksson verði úrskurðaður til að sæta áfram gæzluvarðhaldi og jafnframt verði hafin dómsrannsókn á sakarefni máls þessa. Af hálfu kærða Sigurbjörns hefur þessari kröfu verið mótmælt.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið og á meðal annars eftir að fara fram dómsrannsókn með sakbendingum og samþrófunum fyrir dómi.

Sigurbjörn Eiríksson er grunaður um þátttöku í broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr. sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969 og kann brot hans að varða fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33, 1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Rétt þykir með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald kærða á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhaldsvist Sigurbjörns Eiríkssonar framlengist um allt að 30 dögum, frá kl. 12.03 27.marz 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst vilja kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 12.06 og var  
farið með hann í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Jón Baldvin Sveinsson.

Guðjón Ágúst Lúther.

Ár 1976, þriðjudaginn 30. mars er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Dómsrannsókn að kröfu  
ríkissaksóknara á hvarfi  
Geirfinns Einarssonar.

Dómarinn leggur fram:

Nr. 1 Rannsóknarlöggregluskyrslu

- 2 Reikning
- 3 Skýrslu rannsóknarlöggreglunnar í Keflavík
- 4 ljósrit tékka
- 5 ljósrit af reikningi
- 6 myndamöppu

Skjölin fylgja.

Dómpingið sækir Hallvarður Einvarðsson, vara-  
ríkissaksóknari.

Kl. 10.05 kemur fyrir dóminn sem vitni Erla

Bollsðóttir, Stóragerði 29 hér í borg, fædd 19.7. 1955  
í Reykjavík.

Vitninu er bent á rétt sinn skv. 1. og 5. tl.  
89. gr. 1. 74/1974.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldu og ábyrgð.

Vitnið skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn. Vitnið kveðst hafa farið til Keflavíkur skömmu áður en það fór til Kaupmannahafnar veturinn 1974, en það var í byrjun desember. Fór vitnið í ferð þessa með sambýlismanni sínum Sævari Marinó Ciesielski og var lagt upp frá veitingahúsinu Klúbburinn hér í borg. Var ekið eitthvað um borgina m.a. niður Laugaveg og austur Hringbraut, en síðan í átt til Hafnarfjarðar. Þar var ekið í gegn um Hafnarfjörð og inn á Reykjanesbraut fyrir sunnan afleggjarann að Sædýrasafninu. Magnús Leopoldsson ók bifreiðinni. Ekið var rakleiðis til Keflavíkur og þar niður í fjöru. Vitnið segir að auk þeirra vitnisins, Sævars og Magnúsar hafi Kristján Viðar Viðarsson verið í bifreiðinni til Keflavíkur. Kveðst vitnið gera sér óljósa hugmynd um, að Kristján Viðar hafi komið inn í bílinn á Vatnsstíg. Er staðnæmst hafði verið í fjörunni í Keflavík fóru Magnús og Kristján Viðar út úr bílum, Sævar sat eftir. Stuttu seinna fór Sævar út úr bifreiðinni líka. Vitnið kveðst þá hafa læðst út úr bifreiðinni og staðnæmst svolitla stund fyrir utan bifreiðina áður en það læddist í burtu. Vitnið faldi sig inni í mannlauzu húsi, þar til það varð vart mannaferða, en þá fór

vitnið úr felustað sínum og fékk far með bifreiðum til Hafnarfjarðar. Vitnið segir að á leiðinni til Keflavíkur hafi verið rætt um erfiðleika í sambandi við einhvern mann sem léti sér ekki segjast og væri ekki nothæfur. Hefði Magnús verið búinn að tala við hann og Einar líka en án árangurs. Vitnið kveðst hafa skynjað á tali þeirra Magnúsar og Sævars á leiðinni að eitthvað alvarlegt stæði til. Vitnið segir að Kristján Viðar hafi ekki tekið þátt í samræðunum.

Í fjörunni kveðst vitnið hafa séð Einar Bollason.

Vitnið man ekki hvernig hann var klæddur. Þá sá vitnið þá Magnús og Sævar á tali við mann, sem vitnið man ekki hvernig var klæddur, en fannst hann sveitamannslegur í klæðaburði. Vitnið segir að sér hafi fundist sá maður vera Geirfinnur Einarsson, en vitnið sá mynd hans meðal annarra mynda hjá rannsóknarlöggreglu. Vitnið segist hafa séð two menn aðra. Hafi annar verið áberandi stór og minnir vitnið að hann hafi verið að reykja vindil. Vitnið segir að sá maður geti verið Sigurbjörn Eiríksson, en vitnið segir að það hafi séð mynd hans í myndabunka hjá rannsóknarlöggreglu. Þá man vitnið eftir einum manni enn sem þarna var staddur og var hann með ljóst hrokkið hár. Vitnið segir að einhverjir fleiri menn muni hafa verið staddir þarna umrætt sinn. Vitnið kveðst ekki muna eftir að hafa séð Valdimar Olsen þarna á vettvangi.

Vitnið kveðst ekki muna hver tildrög þessara ferðar voru að öðru leyti en því að vitnið átti að hitta Sævar við Klúbbinn. Vitnið kveðst ekki hafa vitað til hvers Sævar

vildi hitta það þarna, en þegar vitnið kom þangað létt Sævar vitnið setjast inn í bifreið. Vitnið sá fljótlega að þetta var ekki leigubifreið. Vitnið segir að bifreiðin hafi verið af gerðinni Mercedes Benz. Vitnið segist ekki hafa orðið neitt hissa þó það hafi átt að hitta Sævar við Klúbbinn. Segir vitnið að Sævar hafi oft átt erindi að Klúbbnum. Ekki kveðst vitnið vita til þess að Sævar hafi oft farið inn í húsið, en hann hafi, eins og Sævar hafi orðað það ýmist verið að "tékka á málunum" eða "redda málunum".

Vitnið kveðst hafa gert sér fljótlega grein fyrir því hvað um hafi verið að vera þegar lýst var eftir Geirfinni Einarssyni í fjölmíðlum eftir þetta. Vitnið kveðst þó ekki hafa farið til lögreglunnar vegna þess, að þegar Sævar og hans félagar væru annars vegar þá hafi slikt ekki komið til mála.

Vitnið kveðst muna eftir bát sem lá við bryggju þarna. Vitnið segir að bryggjan hafi verið úr tré. Vitnið segist ekki muna örugglega eftir að hafa farið á sjó umrætt sinn, en kveðst þó muna nokkra punkta, sem til þess gætu bent. Kveðst vitnið muna eftir að hafa séð klett sem þarna er rétt hjá af sjó. Einnig kveðst vitnið muna eftir að hafa heyrt skvamp og muna eftir yfirborði sjávar. Þá kveðst vitnið muna eftir að hafa séð gárur eftir <sup>að</sup> einhverju hafði verið hent í sjóinn.

Upplesið játað rétt  
bókað.

Vitnið vék frá kl. 11.55.

Dómpingi frestað kl. 11.55.

Dómpingið er háð að nýju kl. 13.38. Dómpingið sækir ~~Hallvarður Einvarðsson~~, vararíkissaksóknari. Þá er mættur á dómpinginu að beiðni vararíkissaksóknarans með honum ~~Njörður Snæhólm~~ áðalvarðstjóri.

Þá kemur fyrir dóminn Erla Bolladóttir.

Vitnið segir að það hafi farið með Moscowwitch bifreið úr Keflavík að Grindavíkurafleggjara. Vitnið kveðst ekki geta skýrt það fyllilega hvers vegna það fór ekki lengra með þessum sama bíl, en telur að það hafi verið að villa um fyrir bílstjóranum.

Vitnið segir að í fjörunni hafi það séð a.m.k. tvær bifreiðar. Var önnur rauð bifreið, sem vitnið getur ekki lýst nánar, en hitt var stór sendiferðabifreið með stórum framrúðum og engri vélarhlíf. Í þeirri bifreið sat maður.

Vitnið segir um samband sitt við bróður sinn Einar, að alltaf hafi verið nokkurs konar rígur milli móður hennar og þeirra bræðranna, Einars og Bolla. Einar hafi þó iðulega komið í heimsókn, en farið að fækka heimsóknum sínum þegar þau komust á legg og nærrí því hætt þeim alveg stuttu áður en foreldrar hennar skildu árið 1970. Hálfu ári síðar flutti vitnið til föður síns og fór þá Einar aftur að venja komur sínar á heimilið. Vitninu og Einari kom ágætlega saman framan af eða þar til faðir þeirra keypti hús í Hafnarfirði eftir ráðleggingu Einars, en vitnið vildi ekki flytja til Hafnarfjarðar með föður sínum. Þá fór

vitnið að heyra það hjá systrum sínum eftir Einari að vitnið væri latt að hjálpa föður sínum og væri vond við hann. Faðir vitnisins veiktist í nóvember 1973. Skömmu áður hafði vitnið flutt til hans. Segir vitnið að þá hafi viðmót Einars breytst og þá hafi honum verið orðið illa við sig. Segir vitnið að Einar hafi fyrst um sinn komið í veg fyrir að það gæti heimsótt föður sinn á sjúkrahúsið. Vitnið segist hafa reiðst við Einar, en þó hvorki sagt neitt né gert neitt. Segir vitnið að samband þeirra Einars hafi verið það sama eftir þetta, en nokkur atvik hafi orðið til þess að viðhalda þessu stirða sambandi þeirra systkyna. Vitnið segir að þau Einar hafi þó aðeins rifist tvisvar. Í annað skiptið eftir að Einar hafði látið setja nýja skrá í útidyrahurðina á íbúð vitnisins svo að vitnið kæmist ekki inn. Vitnið segist þá hafa hringt í Einar og hafi hann þá hellt yfir sig skömmum. Segir vitnið að þessari deilu hafi lyktað svo að Einar hafi látið skilja lykil eftir í skránni.

Í hitt skiptið var tilefni það, að faðir vitnisins hafði sagt Einar að hann vildi búa hjá vitninu.

Vitnið kveðst ekki hafa orðið hissa við að sjá Einar á vettvangi í Keflavík umrætt kvöld. Nánar aðspurt um tegund þeirrar bifreiðar sem vitnið fékk far með frá Keflavík að Grindavíkurafleggjara segir vitnið að mágur föður síns Ingimundur Magnússon hafi átt eins bíl fyrir nokkrum árum.

Upplesið játað rétt bókað.

Vitnið vék frá kl. 15.10.

Dómþingi frestað.

Dómþingið er háð að nýju kl. 16.03 að viðstöddum sömu aðilum og áður.

Skýrsla vitnisins hjá rannsóknarlöggreglu frá 23. janúar 1976 á dskj. nr. 1 er lesin fyrir það. Vitnið kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni. Vitnið vill þó taka fram að ekki hafi verið ekið beint til Hafnarfjarðar heldur hafi eitthvað verið ekið hér um borgina áður. Þá segir vitnið að auk þeirra Sævars og Magnúsar Leopoldssonar hafi Kristján Viðar Viðarsson verið með í bifreiðinni.

Vitnið staðfestir undirskrift sína.

Fyrir vitnið er lesin skýrsla þess hjá rannsóknarlöggreglu frá 3. febrúar 1976 á dskj. nr. 1. Vitnið kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni. Vitnið kveðst þó ekki geta fullyrt að Valdimar Olsen hafi verið staddur við Dráttarbraut Keflavíkur umrætt sinn og ekki heldur geta fullyrt hvort einhver sat í framsæti bifreiðarinnar á leiðinni suður eftir.

Vitnið staðfestir undirskrift sína undir skýrsluna.

Fyrir vitnið er nú lesin skýrsla þess frá 10. febrúar 1976 hjá rannsóknarlöggreglu á dskj. nr. 1. Vitnið kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni og staðfestir undirskrift sína.

Upplesið játað rétt bókað.

Vitnið vék frá kl. 16.37.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Guðrún Ásta Einarsd.

Þórunn Sigfúsd.

Ar 1976, miðvikudaginn 31. mars er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Dómsrannsókn að kröfu ríkissaksóknara á hvarfi Geirfinns Einarssonar.

Dómpingi sækir Hallvarður Einvarðsson vararíkis-saksóknari.

Þá er mættur á dómpinginu að beiðni vararíkissaksóknarans Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri.

Kl. 10.08 kemur fyrir dóminn Kristján Viðar Viðarsson, gæzlufangi, Grettisgötu 82 hér í borg, fæddur 21. apríl 1955 í Reykjavík.

Mættur er áminntur um sannsögli og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Mættur segist muna eftir því að á þeim tíma sem hann bjó á Laugavegi 32, að þá hafi hann eitthvert sinn farið upp í bifreið á vatnsstíg. Mættur segist ekki muna hvernig bifreið þetta var, og man ekki hvert bifreiðinni var ekið. Mætta minnir að er hann settist inn í bifreiðina að þá hafi hann sezt á pels Erlu Bolladóttur um leið og hann settist hjá henni. Mættur man eftir að hafa gengið niður Vatnsstíg

og sezt hægra megin inn í bifreiðina. Mættur segir að Sævar hafi annað hvort verið þarna í öðrum bíl eða komið úr öðrum bíl yfir í þennan. Mættur man ekki hvert var ekið.

Mættur kveðst muna örugglega eftir sér í Dráttarbrautinni í Keflavík. Kveðst mættur hafa farið út úr bíl ásamt bílstjóranum og gengið niður í móti og mættu þeir þar manni, sem skipaði mættum að standa undir bát, sem stóð þar á þurru landi niður í slippnum. Mættur kveðst tvisvar hafa ætlað að fara að röltu um, en sér hafi verið skipað að vera kyrr. Mættur kveðst muna eftir að hafa verið að stökkva yfir einhverja búkka þegar hann var að hraða sér í áttina að bílnum. Mættur kveðst muna eftir að verið var að setja einhvern varning í farangursgeymslu bifreiðar. Kveðst mættur hafa starfað að þessu og man mættur eftir að hafa verið ávítaður fyrir ódugnað af manni, sem mættur kveðst vera viss um að hafi verið Einar Bollason. Mættur segir að sér finnist að maðurinn sem hann gekk með niður í slippinn hafi verið Valdimar Olsen. Þá kveðst mætti hafa séð two menn standa á bryggjunni. Finnst mættum endilega að annar maðurinn hafi verið Sigurbjörn Eiríksson.

Mættur kveðst muna eftir að hafa séð þarna fleiri menn, sem þó voru dreifðir um svæðið og verið á hlaupum að húsi, sem stendur þarna við slippinn.

Mættur segir að skýrslur hans frá 23. og 27. janúar og 10. febrúar séu ekki sannleikanum samkvæmar. Hann hafi skáldað þessar skýrslur upp til þess að fá frið fyrir fanga-

vörðum og löggreglumönnum, en mættur kveðst hafa verið orðinn mjög slæmur á taugum á þessum tíma vegna stöðugra yfirheyrslna og vegna máls Guðmundar Einarssonar.

Mættur kveðst muna eftir því að er ekið var brott úr Dráttarbrautinni þá hallaði hann sér yfir framsæti bifreiðarinnar og spurði Sævar, að því er mætti telur, hvort þeim yrði nokkuð blandað í þetta. Kveðst mættur hafa verið æstur þar sem honum hafi ekki verið ansað strax. Mættur segir ítrekað aðspurður, að hann muni auk Erlu og Sævars örugglega eftir að umrætt sinn hafi verið í Dráttarbrautinni Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson.

Mættur kveðst þó ekki vilja fullyrða að Erla Bolladóttir hafi verið parna stödd.

Upplesið játað rétt bókað.

Mættur vék frá kl. 12.09.

Dómpingi frestað.

Dómpingið er háð að nýju kl. 13.46.

Þá kemur fyrir dóminn sem vitni Anna Gunnarsdóttir, hjúkrunarnemi, Kársnesbraut 8, fædd 11.3. 1952 í Reykjavík.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldu og ábyrð. Að gefnu tilefni frá dómaranum lýsir vitnið sig trúa á guð og heit samkvæmt því samræmast trúarsannfæringu þess. Að loknum löglegum undirbúningi vann vitnið síðan eið að framburði sínum.

Vitnið skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og er framburður vitnisins í samræmi við skýrslu þess hjá

rannsóknarlöggreglu frá 31. janúar s.l. á dskj. nr. 1.

Ítrekað aðspurt kveðst vitnið aðeins hafa séð Magnús Leopoldsson á staðnum fyrri hluta kvöldsins, en vitnið man ekki klukkan hvað það sá hann síðast.

Fyrir vitnið er lesin skýrsla þess hjá rannsóknarlöggreglu frá 31.1. s.l. Vitnið kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni og staðfestir undirskrift sína. Vitninu er sýnt dskj. 2. Vitnið segir að dskj. sé reikningur sem það fékk umrætt kvöld í Klúbbnum. Vitnið segist ekki hafa séð hver skrifaði reikning þennan.

Upplesið játað rétt bókað.

Vitnið vék frá kl. 14.08.

Kl. 14.09 kemur fyrir dóminn sem vitni Ragnheiður Snorradóttir, hjúkrunarnemi, Þingholtsstræti 22, fædd 2. desember 1948 á Akureyri.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldu og ábyrgð.

Að gefnu tilefni frá dómaranum lýsir vitnið sig trúá á guð og heit samkvæmt því samræmast trúarsannfæringu þess. Að loknum löglegum undirbúningi vann vitnið síðan eið að framburði sínum.

Vitnið skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og er framburður vitnisins í samræmi við skýrslu þess hjá rannsóknarlöggreglu frá 31. janúar s.l. á dskj. nr. 1.

Ítrekað aðspurt kveðst vitnið ekki muna hvenær það sá Magnús Leopoldsson síðast þetta kvöld, en gizkar á tíma-bilið frá 21.30 til 23.00.

Fyrir vitnið erlesin skýrsla þess hjá rannsóknar-

löggreglu frá 31. janúar s.l. á dskj. nr. 1. Vitnið kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni og staðfestir undirskrift sína. Vitninu er sýnt dskj. nr. 2. Vitnið kveðst ekki muna hver ritaði dskj.

Upplesið játað rétt bókað.

Vitnið vék frá kl. 14.25.

Kl. 14.30 kemur fyrir dóminn sem vitni Þorkell Gísli Guðbrandsson, löggreglumaður, Laugarnesvegi 102, fæddur 15. janúar 1928 í Álfgerðarholti, Mýrarsýslu.

Vitninu er kunn vitnaskyldan og ábyrgð.

Að gefnu tilefni frá dómaranum lýsir vitnið sig trúá á guð og heit samkvæmt því samræmist trúarsannferingu þess. Að loknum löglegum undirbúningi vann vitnið eið að framburði sínum.

Vitnið kveðst hafa verið á miðavakt í Klúbbnum kvöldið 19. nóvember 1974. Kveðst vitnið minnast þess að fátt fólk hafi verið í húsinu þetta kvöld. Vitnið man eftir því, að starfsmaður hússins gerði upp við stúlkur tvær, sem stóðu að dansleiknum. Vitnið kveðst ekki muna hvaða starfsmaður þetta var, en segir að það hafi ekki verið Magnús Leopoldsson. Vitnið kveðst ekki muna eftir að hafa séð Sigurbjörn Eiríksson þetta kvöld og man vitnið heldur ekki eftir að hafa séð Magnús Leopoldsson þarna eða a.m.k. veitti vitnið því ekki athygli.

Vitnið segir að hinn 26. janúar s.l. um kl. 24.00 hafi Sigurbjörn Eiríksson hringt og spurt vitnið hvort það hefði ekki verið á miðavakt í Klúbbnum þriðjudagskvöldið 19.

nóvember 1974. Vitnið aðgætti í minnisbók sína og sá að það hafði verið á vakt þetta kvöld. Spurði Sigurbjörn þá vitnið hvort það myndi eftir því að hafa séð Magnús Leopoldsson á staðnum þetta kvöld. Kvaðst vitnið ekki vilja fullyrða neitt um það, en bætti við að það myndi heldur ekki eftir því að hafa séð Sigurbjörn sjálfan þarna á staðnum. Vitnið man ekki orðrétt hverju Sigurbjörn svaraði þessu, en fannst meinингin vera sú að hann hefði alls ekki verið þar. Vitnið segir að Sigurbjörn hafi að lokum beðið sig að skýra ekki frá þessu samtali þeirra.

Fyrir vitnið er lesin skýrsla þess hjá rannsóknar-löggreglu frá 2. febrúar s.l. á dskj. nr. 1. Kveður vitnið rétt eftir sér haft og staðfestir undirskrift sína.

Fyrir vitnið er lesin skýrsla þess hjá rannsóknar-löggreglu frá 13. febrúar s.l. á dskj. nr. 1. Kveður vitnið rétt eftir sér haft í skýrslunni og staðfestir undirskrift sína.

Upplesið játað rétt bókað.

Vitnið vék frá kl. 14.57.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Þórunn Sigfúsd.

Ar 1976, fimmtudaginn 1. apríl er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Dómsrannsókn að beiðni  
ríkissaksóknara á hvarfi  
Geirfinns Einarssonar.

Dómpingið sækir Hallvarður Einvarðsson vararíkis-  
saksóknari. Þá er mættur á dómpinginu að beiðni vara-  
ríkissaksóknara Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri.

Kl. 10.09 kemur fyrir dóminn Sævar Marinó Ciesielski,  
gæzlufangi, Þverbrekku 4, Kópavogi, fæddur 6.7. 1955 að  
Stóra-Hofi í Arnessýslu.

Mættur er áminntur um sannsögli og jafnframt gætt  
ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Mættur er beðinn að skýra sjálfstætt frá málsatvikum.

Mættur kveðst vilja taka fram í upphafi, að skýrslur  
þær sem hann hefur gefið í þessu máli séu ekki byggðar  
á hans eigin vitneskju eða reynslu heldur hafi Erla  
Bolladóttir skýrt sér frá öllum þeim atvikum sem hann  
sagði frá í eigin persónu hjá rannsóknarlöggreglunni.

Þá kveðst mættur hafa heyrt einhvern Elvar hafa rætt  
mál þetta er mættur var í Kaupmannahöfn snemma árs 1975.

Mættur kveður Erlu Bolladóttur hafa farið á undan sér til  
Kaupmannahafnar snemma í desember 1974 vegna þess að hún  
væri hrædd við einhverja fjóra menn þ.e. Magnús Leopoldsson,  
Valdimar Olsen, Einar Bollason og Jón Ragnarsson. Mættur  
kveðst hafa gefið skýrslur þessar til þess að hægt væri að  
rannsaka mál þetta, þar sem honum hefði verið sagt að Erla  
yrði fyrir ónæði og óttaðist um líf sitt. Mættur segist  
einnig hafa upplýsingar frá Sigurði nokkrum Þorlákssyni

sem búsettur er í Kaupmannahöfn. Segir mættur að bæði Sigurður og Elvar hafi sagt sér að Jósafat Arngrímsson hafi fjármagnað og staðið á bak við spírasmygl s.l. 10 ár og væri hann tengdur hinu svokallaða Geirfinnsmáli.

Upplesið játað rétt bókað.

Mættur vék frá kl. 10.55.

Dómpingi frestað.

Dómpingið er háð að nýju kl. 13.37.

Viðstaddir eru Hallvarður Einvarðsson vararíkis-saksóknari og Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri.

Þá kemur fyrir dóminn Kristján Viðar Viðarsson, sem áður hefur mætt í máli þessu.

Mættur segir að frá því hann kom síðast fyrir dóm hafi ýmislegt rifjast upp fyrir honum varðandi atburðina í Dráttarbraut Keflavíkur. Þannig kveðst mættur muna eftir að einhverjur menn voru að slá einhvern og var sá maður alblóðugur í framan, og virtist mættum hann vera hálfmáttfarinn. Mættur man eftir að hafa spurt hvers vegna mennirnir létu mann þennan ekki í friði og hvað hann hefði gert þeim. Var mættum sagt að skipta sér ekki af þessu. Mættur kveðst muna eftir að maður þessi reyndi að flyja undan mönnunum og minnir mættan að honum hafi verið sagt að griða hann ef hann kæmi þarna fram hjá. Mættur segir að maðurinn hafi náðst í sjálfum slippnum fyrir ofan fjöruna. Mættur segir að maðurinn hafi verið dökkhærður og einhvers staðar á milli þritugs og fertugs. Mættur kveðst muna eftir einhverju vélarskrölti þarna á staðnum en kveðst ekki geta

gert sér grein fyrir því frá hverju þessi hávaði stafaði.

Upplesið játað rétt bókað.

Mættur vék frá kl. 14.12.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Guðrún Ásta Einarsd.

Pórunn Sigfúsd.

Ár 1976, föstudaginn 2. apríl er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Dómsrannsókn að beiðni  
ríkissaksóknara varðandi  
hvarf Geirfinns Einarssonar.

Dómpingið sækir Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og að hans beiðni einnig Njörður Snæhólm aðalvaröstjóri.

Þá er mættur á dómpinginu Hafsteinn Baldvinsson hrl. skipaður réttargæzlumaður Magnúsar Leopoldssonar.

Kl. 10.17 kemur fyrir dóminn Magnús Leopoldsson, framkvæmdastjóri, Lundabrekku 10, Kópavogi, fæddur 23. ágúst 1946 í Keflavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærður segir að sér sé kunnugt um hver sakarefnið á hendur honum sé. Kærði kveðst ekkert vita um hvarf Geirfinns Einarssonar og ekki kannast við að hafa farið

umrædda ferð til Keflavíkur. Kærði kveðst ekki hafa þekkt Geirfinn Einarsson svo að hann viti til. Kærður segir að hinn 19. nóvember 1974 hafi engin Mercedes Benz fólksbifreið verið til umráða hvorki hjá fyrirtækinu né honum sjálfum.

Kærði kveðst ekki hafa munað eftir dansleik þeim sem haldinn var í Klúbbnum þann 19. nóvember 1974 fyrr en honum var sagt að hjúkrunarnemar hafi haldið dansleikinn. Kveðst kærði þá hafa munad eftir að dansleikurinn gekk illa og telur sig hafa farið heim upp úr miðnætti, en kærði segist vera vanur að fara heim á þeim tíma þegar lítið var um að vera og sérstaklega í miðri viku. Kveður kærði það því geta verið sennilegt að hann hafi ekki gert upp við stúlkur þær sem fyrir dansleiknum stóðu.

Kærða er sýnt dskj. nr. 2. Kærði segir að dskj. sé að öllu leyti ritað af sér nema gestafjölda- og niðurstöðutölu hafi Rafn Helgason ritað. Kærði er spurður hvers vegna hann hafi ekki fyrr gengið úr skugga um það hvar hann hafi dvalið þetta kvöld þar sem hann hafi áður verið við mál þetta bendlaður í sögusögnum og af því tilefni ritað dómsmálaráðuneytinu bréf með kvörtun vegna þessa. Kærði svarar því til að honum hafi fundist það fjarstæðukennt að svona staða gæti komið upp.

Kærði segist þekkja Valdimar Olsen enda eigi þeir sameiginlega kunningja. Kærði segir að einu kynni sín af Einari Bollasyni séu þau, að hann hafi haft samband við sig vegna dansleiks sem körfuknattleiksdeild KR. hélt í

Klúbbnum fyrir nokkrum árum síðan u.p.b. 3 árum að því er kærði gizkar á. Kærði kveðst ekki vita hver Sævar Marinó Ciesielski sé og aldrei hafa heyrt nafn hans. Sama málí gegni um Kristján Viðar Viðarsson. Kærði kveðst ekki vita hver Erla Bolladóttir er, en hafa heyrt fyrir nokkrum mánuðum að hún væri systir Einars Bollasonar og að hún væri trúlofuð manni sem sæti í gæzluvarðhaldi.

Kærði kveðst eiga einn brúnann leðurjakka með þrem hnöppum að framan og venjulegum kraga. Kærði kveðst aðspurður ekki eiga neina flík með loðkraga.

Kærði er spurður nánar um kynni sín við Valdimar Olsen. Kærði kveður kynni þeirra ekki vera náin. Þeir hafi aldrei skemmt sér saman og eigi engin sameiginleg áhugamál. Kærði kveðst þó þekkja Valdimar nokkuð vel. Kveðst kærði nokkrum sinnum hafa ekið Valdimar heim þegar Valdimar hafði verið að skemmta sér í Klúbbnum og tvisvar eða þrisvar komið inn til hans við slik tækifæri. Þá segir kærði að Valdimar hafi nokkrum sinnum heimsótt sig á skrifstofu sína. Kærði kveðst aldrei hafa farið með Valdimar í neinar lengri ferðir og aldrei farið með honum austur á Þingvöll.

Kærði er spurður nánar um verð það á hljómsveit sem fram kemur á dskj. nr. 2. Kærði kveðst ekki þora að segja neitt ákveðið um það hvort þarna sé um að ræða lágt verð eða hátt þar sem svo langt sé um liðið. Kærði telur þó að sé um að ræða fjögurra eða fimm manna hljómsveit, þá hafi verið gefinn einhver afsláttur.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 11.09.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Guðrún Ásta Einarssd.

Þórunn Sigfusd.

Ár 1976, mánudaginn 5. apríl er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, fulltrúa.

Fyrir var tekið:

Dómsrannsókn að beiðni  
ríkissaksóknara varðandi  
hvarf Geirfinns Einarssonar.

Dómpingið sækir Hallvarður Einvarðsson, vararíkis-  
saksóknari og að beiðni hans Njörður Snæhólms aðalvarðstjóri.  
Pá er mættur á dómpinginu Ingvar Björnsson hdl. skipaður  
réttargæzlumaður Einars Bollasonar.

Kl. 10.15 kemur fyrir dóminn kærði Einar Gunnar  
Bollason, kennari, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, fæddur  
6. nóvember 1943 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði kveðst neita allri vitneskju um hvarf Geirfinns  
Einarssonar. Kærði kveðst ekki hafa verið þáttakandi í  
neinni slikri ferð til Keflavíkur, sem hér er um rætt.  
Kærði kveðst ekki munna til þess að hann hafi nokkurn tíma  
haft smyglæðan spíritus undir höndum.

Kærði kveðst hafa kynnst Magnúsi Leopoldssyni á árunum 1965 til 1966 eða um sumarið 1969 fyrir tilstilli Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar. Kveðst kærði nokkrum sinnum hafa komið á skrifstofu Glaumbæjar þegar Ásgeir Hannes starfaði þar á skrifstofunni. Kærði kveðst þó aðallega þekkja Magnús vegna dansleikjahalds körfuknattleiksdeildar KR. í Klúbbnum. Kærði heldur að umrætt félag hafi tvisvar til þrisvar haldið fjárlögunardansleik í Klúbbnum.

Kærði kveðst fyrir tveimur til þremur árum hafa verið að skemmta sér í Klúbbnum og hafa komið þar að borði Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar og kynnti Ásgeir Hannes kærða þá fyrir Valdimar Olsen. Kærði kveðst ekki hafa haft önnur kynni af Valdimar en þessi, en þó vita vel hver maðurinn sé og telur sig málkunnugan honum.

Kærði kveður kynnum sínum af Sigurbirni Eiríkssyni svipað hattað og af Magnúsi. Kærði kveður þá fléttast inn í þessi kynni fleiri kunningja sína.

Kærði kveðst ekki þekkja Kristján Viðar Viðarsson.

Kærði kveðst geta fullyrt að hann hafi aðeins einu sinni séð Sævar Marinó Ciesielski og var það á aðfangadagskvöld jóla þegar Erla systir kærða kom með Sævar á heimili kærða. Kærði segir að þau Erla systir hans séu ekki alin upp saman og samskipti við hennar fjölskyldu hafi verið lítil vegna afstöðu móður Erlu. Er foreldrar Erlu skildu urðu þessi samskipti meiri og betri eftir að Erla flutti á heimili föður síns. Er föður kærða var sagt upp húsnæði er hann hafði á leigu á Bergstaðastræti varð það úr ráði kærða að

faðir þeirra Erlu keypti hús í Hafnarfirði. Kærði segir að um sumarið þar á eftir hafi faðir hans haft vaxandi áhyggjur af Erlu. Haustið eftir veiktist faðir þeirra alvarlega og kveðst kærði muna eftir að hafa orðað það við Lindu systur sína og Lilju föðursystur sína að hann teldi að Erla ætti að einhverju leyti sinn þátt í veikindum föður þeirra og kveðst kærði ekki hafa verið einn á þeirri skoðun. Kærði telur að hann hafi síðast hitt Erlu, er hún var að koma frá Spáni ásamt föður þeirra og syni kærða. Kærði telur að hann hafi einu sinni eftir þetta séð Erlu á veitingastofunni Fjarkanum í Austurstræti og kveðst kærði hafa heilsað henni, en hún ekki tekið undir þá kveðju.

Kærði kveðst ekki muna með neinni vissu hvar hann var kvöldið 19. nóvember 1974. Kærður telur þó að hann hafi örugglega verið í KR heimilinu til kl. 21.30 til 22.00 þar sem fyrir dyrum stóð utanferð körfuknattleiksliðsins og nóg var að gera við undirbúning. Kærði segir að honum hafi verið sýndur stuttur kafli úr kvíkmynd sem sýnd var í sjónvarpinu umrætt kvöld. Kærði kveðst vera alveg viss um að hann hafi séð kvíkmynd þessa áður þótt svo að hann hafi ekki munað efni hennar nægilega vel, er hann var um það spurður af rannsóknarlög-reglunni. Kærði tekur fram, að er honum var sagt nafn myndarinnar áður en hann sá hana, þá hafi hann munað þegar eftir einu atriði hennar og skýrt lögreglumönnunum frá því.

Kærði er spurður nánar um hvaða félagar hans fléttast inn í kunningsskap hans og Sigurbjörns Eiríkssonar. Kærði nefnir

Hilmar Helgason, Þórarinn Jónasson og Ásgeir Ólafsson  
og að auki þá Jón Ragnarsson og Agnar Bogason.

Kærði er spurður um tangsl hans við Sævar Marinó.

Kærði segist engin samskipti hafa haft við þann mann, hvorki fyrr né síðar og ekki vitað til þess að hann hafi nokkurn tíma gert nokkuð á hluta þess manns. Kærði kveðst hafa útilokað Erlu systur sína frá eðlilegum samskiptum við föður sinn á heimili hans vegna þess hve kærði var óánægður með þann félagsskap sem hún var í og vissi til að hún var farin að neyta ávana- og fíkniefna. Kærði segir að Erla systir hans hafi oftar en einu sinni lofað föður þeirra að hætta sambandi sinu við Sævar Marinó, en jafnan svikið.

Kærði segir aðspurður að við samprófun hans og Erlu 3. mars s.l. hafi honum fundist Erla systir sín mjög óeðlileg í framkomu og líkir kærði því við það, að það hafi verið eins og hún væri búin að taka inn róandi lyf.

Kærði segist hafa átt á umræddum tíma bifreið af Saab 99 og kveðst kærði hafa ekið þeirri bifreið nær eingöngu eftir að hann fékk hana. Kærði segir að faðir hans hafi átt Fiat bifreið sem eiginkona hans hafi oft fengið að láni.

Kærði tekur fram að eftir að hafa séð kafla úr sjónvarpskvíkmyndinni sé hann viss um að hann hafi verið heima hjá sér umrætt kvöld a.m.k. eftir kl. 21.30 til 22.00.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 12.29.

Dómpingi frestað.

Dómpingið er háð að nýju kl. 13.56. Dómpingið sækir Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari, og að hans beiðni Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Þá mætir Jón Zoëga, skipaður réttargæzlumaður Valdimars Olsen.

Kl. 14.00 kemur fyrir dóminn kærði Valdimar Olsen, verzlunarmaður, Framnesvegi 61 hér í borg, fæddur 22. febrúar 1948 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði kveðst ekkert vita um hvarf Geirfinns Einarssonar. Kærði kveðst aldrei hafa farið til Keflavíkur til þess að ná í smyglvarning.

Kærði segist hafa kynnst Magnúsi Leopoldssyni fyrir um tveimur til þremur árum fyrir tilstilli Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar. Þeir hafi svo smátt og smátt kynnst betur einkum vegna þess að kærði segist vera tíður gestur í Klúbbnum og iðulega hafa hitt Magnús þar. Kærði segir að kynni þeirra séu ekki mjög nái. Þeir skemmti sér ekki saman. Kærði kveður Magnús einstöku sinnum hafa ekið sér heim úr Klúbbnum. Þá kveðst kærði einu sinni hafa farið með Magnúsi í bifreið upp á Kjalarnes þar sem Magnús hafði tal af einhverjum bónda. Þá kveðst kærði eitt sinn hafa ekið Magnúsi upp á Kjalarnes.

Kærði kveðst ekki vera málkunnugur Einari Bollasyni og þeir heilsist ekki þótt þeir mætist á götu. Kærði telur að hann hafi ekki verið kynntur fyrir Einari, en hafi það gerst hafi það verið gert heima hjá Ásgeiri Hannesi í boði þar sem fleira fólk var saman komið.

Kærði kveður kynnum sínum af Sigurbirni Eiríkssyni svipað háttáð og kynnum sínum af Magnúsi. Kærði kveðst þó ekki þekkja Sigurbjörn eins vel og Magnús.

Kærði kveðst ekki þekkja mann að nafni Kristján Viðar Viðarsson og ekki vita hver hann er.

Kærði kveðst vita hver Sævar Marinó Ciesielski er.

Hann hafi verið í félagsskap systur kærða og Erlu Bolladóttur og stundum komið heim til kærða. Kærði segir að Sævar hafi skuldað systur sinni fé og er hún fór eitt sinn til Bandaríkjanna hafi orðið að samkomulagi að kærði reyndi að innheimta hjá Sævari þar sem systir hans skuldaði honum. Kærði segir að Sævar hafi ekkert greitt sér af skuldinni nema bara e.t.v. lítinn hluta.

Kærði kveðst aðspurður ekki þekkja Erlu Bolladóttur neitt frekar en í gegnum systur sína.

Kærði segist ekki muna sérstaklega hvar hann var 19. nóvember 1974, en segir að samkvæmt minnisbók hans hafi hann verið að vinna á skrifstofu í Þórscafé ásamt systur sinni, Huldu Margréti Waddell. Kærði kveðst hafa unnið regluglegan vinnutíma hjá Eimskipafélagi Íslands, en starfað fyrir Þórscafé í aukavinnu.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 14.37.

Dómþingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar.

Asta Einarsdóttir.

Þórunn Sigfúsd.

Ar 1976, þriðjudaginn 6. apríl er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Dómþingið sækir Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og að hans beiðni Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Þá er mættur á dómþinginu Jón Ólafsson hrl. skipaður réttargæzlumaður Sigurbjörns Eiríkssonar.

Kl. 10.15 kemur fyrir dóminn kærði Sigurbjörn Eiríksson, verzlunarmaður, Laufásvegi 17, fæddur 5. desember 1925 að Gestsstöðum á Fáskruðsfirði.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði kveðst ekki geta gefið neinar upplýsingar um hvorf Geirfinns Einarssonar. Kærði kveðst ekki hafa farið í neina ferð til Keflavíkur til þess að sækja smygþvarning hvorki fyrr eða síðar.

Kærði kveðst þekkja Valdimar Olsen og eru þeir málkunnugir. Kveðst kærði hafa þekkt móður Valdimars og auk þess hafi Valdimar verið tíður gestur á veitingahúsum kærða.

Kærði kveðst vera málkunnugur Einari Bollasyni. Hann hafi oft komið í Glaumbæ auk þess sem hann hafi komið fram fyrir hönd einhvers körfuknattleiksfélags.

Kærði kveðst ekki vita til þess að hann þekki Sævar Marinó Ciesielski.

Kærði kveðst ekki vita til þess að hann þekki Kristján Viðar Viðarsson.

Kærði kveðst ekki vita til þess að hann þekki Erlu Bolladóttur.

Kærði kveðst hafa kynnst Guðmundi Agnarssyni er þeir lágu saman á sjúkrahúsi líklega á árunum 1964 til 1965. Kveðst kærði síðan ekki hafa séð Guðmund í mörg ár þar til í fyrra að Guðmundur kynntist Gróu Bæringsdóttur. Kærði kveður engar peningagreiðslur hafi gengið á milli sín og Guðmundar.

Kærði kveðst aðspurður ekki hafa komið til Keflavíkur eða Njarðvíkur í mörg ár. Kærði kveðst þó hafa nokkum sinnum átt leið um Keflavíkurflugvöll.

Kærði kveðst aðspurður ekki hafa haft ástæðu til þess að hafa samband að fyrra bragði við nokkurn mann vegna rannsóknar máls þessa hvorki munnlega, bréflega né símleiðis. Kveðst kærði hafa rætt þetta mál við ýmsa eftir að Magnús var handtekinn, en aldrei að fyrra bragði.

Kærði kveðst á sínum tíma hafa látið rita bréf til dómsmálaráðuneytisins þar sem þeir Magnús Leopoldsson kvörtuðu vegna ónæðis og orðróms, sem þeir töldu sig verða fyrir vegna rannsóknar málsins þá. Kærði kveðst ekki hafa samt séð ástæðu til þess að athuga hvar hann hefði verið að kvöldi hins 19. nóvember 1974.

Kærði segir að á umræddum tíma hafi þeir Magnús haft til umráða Range Rover bifreið, Mercedes Benz fólksbifreið ljósa að lit, sem sold var snemma árs 1975 og yfirbyggðan Bedford vörubíl. Þá segir kærði að e.t.v. hafi Volkswagen bifreið verið í þeirra eigu á þessum tíma. Kærði segir að

engin sendiferðabíll hafi verið í eigu fyrirtækja kærða á umræddum tíma. Venjulega hafi verið hringt á sendiferðabílastöð þegar nota þurfti slika bifreið. Kærði segir að áður hafi Hafsteinn Kristinsson þó setið fyrir akstri á vegum fyrirtækjanna og flutti Hafsteinn m.a. hross fyrir kærða. Kærði segir að sér sé ekki kunnugt um að Hafsteinn hafi verið sendur til að kaupa áfengi fyrir fyrirtæki kærða. Kærði segir aðspurður að ekki hafi verið skipt um lit á neinni af bifreiðum þeim, sem kærði eða fyrirtæki hans höfðu yfirráð yfir á þeim tíma sem hér um ræðir eða rétt eftir hann.

Kærði er spurður hvort hann þekki Hlöðver Helgason. Kærði kveðst vita hver Hlöðver Helgason, leigubílstjóri sé. Hann hafi örsjaldan ekið kærða á milli húsa í Reykjavík og séu kynni þeirra ekki önnur nú hin seinni árin, en kærði tekur fram að þeir hafi unnið saman við höfnina einhvern-tíma á árunum milli 1940 - 1950.

Kærði segir aðspurður að það hafi alla tíð verið sér ljóst að umrætt kvöld 19. nóvember 1974 hafi hann komið heim til sín kl. 24.00 til 01.00. Kveðst kærði á heim-leiðinni hafa komið við í Klúbbnum og rétt skotist upp á skrifstofu. Kærða minnir að hann hafi hitt löggreglumann á skrifstofunni umrætt sinn.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 11.16.

Dómþingi frestað.

Dómpþingið hefst að nýju kl. 13.30 að viðstöddum sömu aðilum og áður.

Þá kemur fyrir dóminn Sigurbjörn Eiríksson.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Kærðum er bent á framburð vitnisins Gísli Guðbrands-sonar á dskj. nr. 1 og bls. 11 og 12 í endurriti. Kærði kveðst viðurkenna að hafa hringt til Gísli mánudagskvöldið 26. janúar s.l. Kveðst kærði hafa spurt Gísli hvort hann hefði verið á miðavakt í Klúbbnum kvöldið 19. nóvember 1974 og hvort hann hefði séð Magnús Leopoldsson þar það sama kvöld. Þá kveðst kærði hafa spurt hann með hverjum hann hafi drukkið kaffi um kvöldið. Kærði kveðst neita því að hafa beðið vitnið að þegja um þetta samtal. Kærði kveðst aðspurður ekki hafa hringt vegna máls þessa í nokkurn annan stað hvorki heim til Valdimars Olsen né heim til Einars Bollasonar. Kærði tekur fram vegna svarts hans við spurningu fyrir dómi í morgun, að hann hafi ekki spurt um rannsókn máls þessa heldur einvörðungu um þau atriði er að framan greinir.

Kærði tekur fram að Gísli hafi sagt sér að hann minnti að þeir hefðu drukkið kaffi saman þetta kvöld.

Upplesið játað

rétt bókað.

Kl. 13.50 kemur fyrir dóminn til samþrófunar vitnið Porkell Gísli Guðbrandsson, lögreglumaður, Laugarnesvegi 102, fæddur 15. janúar 1928 að Álfgerðarholti, Mýrarsýslu.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldu og ábyrgð.

Frekara samræmi milli framburða vitnisins Gísla og kærða Sigurbjörns náðist ekki.

Vitnið Gísli vék frá kl. 13.58.

Kærði vék frá kl. 14.00.

Dómpingi frestað.

Dómping er háð að nýju kl. 15.05 að viðstöddum Hallvarði Einvarðssyni vararíkissaksóknara og Nirði Snæhólm aðalvarðstjóra.

Dómarinn getur þess, að fram hafi farið sakbending þar sem Kristján Viðar Viðarsson sá Einar Bollason í hópi manna. Skoðaði Kristján Viðar fyrst baksvip mannanna, en síðan andlit þeirra. Kristján Viðar kvaðst þekkja baksvip Einars Bollasonar sem baksvip bifreiðastjóra bifreiðarinnar, sem hann steig upp í á Vatnsstíg. Kristján Viðar kvaðst hafa séð Einar Bollason áður.

Kl. 15.10 kemur fyrir dóminn Einar Gunnar Bollason.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Þá kemur fyrir dóminn til samþrófunar Kristján Viðar Viðarsson.

Mættur er áminntur um sannsögli.

Frekara samræmi um framburð Kristjáns Viðars Viðarssonar um bifreiðina og bifreiðastjórann á Vatnsstíg náðist ekki. Kristján Viðar kveðst vera viss um að Einar Bollason hafi ekið bifreið þeirri sem að hann steig upp í á Vatnsstíg. Kveðst Kristján hafa togað fast í hurðarhúninn á bifreiðinni og gekk svo aftur fyrir bifreiðina að hurð hinum megin. Segir Kristján að einhver hafi orðað það við sig hvort hann

ætlaði að slíta hurðina af bílnum.

Einar Bollason kveðst ekki muna til þess að hafa séð Kristján Viðar áður og kannast ekki við atvik það á Vatnsstíg, sem Kristján Viðar lýsir.

Kristján Viðar segist vera viss um að Einar hafi verið viðstaddir í Dráttarbrautinni ásamt honum og fleirum. Einar Bollason kveðst aldrei nokkurn tíma hafa komið í Dráttarbrautina í Keflavík.

Frekara samræmi náðist ekki í framburði Einars Bollasonar og Kristjáns Viðars Viðarssonar og segir Einar Bollason Kristján fara með hreina fantasiú.

Upplesið játað rétt bókað.

Einar Bollason og

Kristján Viðar Viðarsson

véku frá kl. 15.41.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Asta Einarsdóttir.

Þórunn Sigfúsd.

Ár 1976, miðvikudaginn 7. apríl er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Dómsrannsókn að beiðni

ríkissaksóknara varðandi hvarf

Geirfinns Einarssonar.

Dómpingið sækir Hallvarður Einvarðsson vararíkis-saksóknari og að hans beiðni Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Þá er mættur á dómpinginu Ingvar Björnsson hdl. skipaður réttargæzlumaður Einars Bollasonar. Lögmaðurinn óskar eftir að bókað sé, að hann mótmæli því að hann hafi ekki verið boðaður til þinghalds í gær þar sem skjólstæðingur hans var samþrofaður við Kristján Viðar Viðarsson auk þess sem sakbending fór fram, en réttargæzlumaðurinn kveðst hafa haft samband við dómarann kl. 13.00.

Dómarinn tekur fram að um kl. 14.00 í gær hafi verið lokið samþrofun þeirra Sigurbjörns Eiríkssonar og Gísla Guðbrandssonar og hafi þá verið ætlunin að taka til samþrofunar Magnús Leopoldsson og Erlu Bolladóttur. Kom þá í ljós að Erla var ekki viðlátin og varð þá að ráði til þess að nýta tímann að taka til samþrofunar þá Kristján Viðar Viðarsson og Einar Bollason án þess að boða réttargæzlu-mann Einars, en hann býr og starfar í Hafnarfirði. Einar Gunnar Bollason gerði enga athugasemd á dómpinginu um það að réttargæzlumaðurinn væri ekki viðstaddir. Lögmaðurinn óskar að bóka að hann telji að réttargæzlumaður geti ekki gætt hagsmuna skjólstæðings síns nema að hann fái að vera viðstaddir þegar skjólstæðingur hans sé samþrofaður við vitni.

Kl. 10.39 kemur fyrir dóminn kærði Einar Gunnar Bollason.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Þá kemur fyrir dóminn til samþrofunar vitnið Erla Bolladóttir.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldu og ábyrgð.

Vitninu Erlu er bent á að ósamræmi sé milli framburða hennar og kærða Einars Bollasonar fyrst og fremst um nærveru hans í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt sinn.

Vitnið segist nú ekki vita það hvort Einar hafi verið þar staddur. Kveðst vitnið vera í vafa um það, hvort það hafi þekkt hann rétt á sínum tíma í Dráttarbraut Keflavíkur, en vitnið segir að á milli þeirra hafi verið 5 - 6 metrar og dimmt hafi verið. Vitnið segir að er það var samþrófað við kærða Einar Bollason hjá rannsóknarlöggreglunni 3. mars s.l. hafi það verið í vafa um það að það væri Einar Bollason sem verið væri að samþrófa vitnið við. Vitnið segir aðspurt að það hafi ekki verið visst um að um Einar væri að ræða fyrr en það sá hann skrifa nafn sitt undir skýrslu rannsóknarlöggreglunnar, en vitnið kveðst þekkja rithönd Einars. Vitnið segir aðspurt að þá hafi fjarlægð milli þeirra Einars verið 2 - 3 metrar. Vitnið kveðst aðspurt hafa verið í vafa í umrætt sinn þrátt fyrir að það hafi heyrt rödd Einars.

Kærði Einar vék frá kl. 11.50.

Vitnið er spurt hvort nærvera Einars Bollasonar valdi því að það er nú í vafa um að hann hafi verið staddur í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt kvöld og hvort nærvera hans hafi verið vitninu óþægileg og truflandi. Vitnið segir að sér hafi fundist nærvera Einars þvingandi en kveðst samt ennþá í vafa um að hann hafi verið staddur í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt sinn. Segir vitnið að það sé óneitanlega allt annað að sitja hér ein. Vitnið segir aðspurt að það muni ekki til þess að nokkur hafi sagt sér að Einar hafi verið

staddur þarna umrætt sinn. Vitnið kveðst aðspurt vera visst um að í Dráttarbraut Keflavíkur hafi verið staddir umrætt sinn þeir Magnús Leopoldsson, Sævar Marinó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Geirfinnur Einarsson. Vitnið segir aðspurt að engin hafi rætt við sig um för þessa eftirá nema Sævar. Hann hafi rætt förina en ekki atburðina sem þá gerðust. Vitnið segir að ekkert hefði verið um það rætt hvað þau ættu að segja ef þau yrðu spurð. Vitnið segir aðspurt að það muni ekki hvort það hafi verið undir áhrifum fíkniefna þetta kvöld, en þó geti það verið. Vitnið kveðst ekki hafa neytt fíkniefna mikið á þessum tíma. Vitnið kveðst aðspurt ekki muna eftir að hafa komið oftar til Keflavíkur þetta haust, en þetta eina sinn sem um er rætt. Vitnið kveðst þó einu sinni hafa farið með Sævari upp á Keflavíkurflugvöll einhverra erinda.

Vitnið segir aðspurt að eitt sinn er það hafi verið í baði í fangelsinu í Síðumúla í gæzluvarðhaldi þá hafi Sævar komið á hurðina og kallað til vitnisins: "Segðu ekki neitt". Vitnið segir að Sævar hafi svo endurtekið þessi orð og vitnið svarað neitandi og hafi þeim ekki farið fleira á milli síðan þá.

Vitnið segir aðspurt að það viti ekki hvort hugsanlegt sé, að fórin til Keflavíkur hafi verið farin í þeim tilgangi að ná í fíkniefni.

Upplesið játað rétt bókað.

Vitnið vék frá kl. 11.37.

Kl. 11.40 kemur að nýju fyrir dóminn kærði Einar Bollason.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði er spurður hvort hann hafi hin síðustu ár haft undir höndum eitthvert annað smyglað áfengi en spíritus. Kærði kveðst hafa frá því í ágúst eða september s.l. fengið 6 eða 7 kassa af hollenskum Genever og Vodka. Kærði kveðst hafa selt eða látið selja megnið af þessu áfengi. Kveðst kærði hafa selt félögum sínum í KR og samkennurum sínum hluta. Einnig hafi verið selt á hans vegum hluti á bæjarskrifstofurnar í Kópavogi og á ritsímanum. Kærði kveðst hafa skýrt rannsóknarlöggreglunni frá þessu áfengi í upphafi rannsóknar málssins.

Kærði óskar að taka fram að hann muni nú greinilega eftir að hafa lent í orðasenni við eiginkonu sína eitthvert af síðustu kvöldunum áður en hann fór utan með félögum sínum úr KR, en það var að morgni föstudagsins 22. nóvember 1974. Kærða minnir að orðasennan hafi verið vegna þess að hann var óánægður með að hún þyrfti að fara á saumanámskeið skömmu áður en hann færi utan. Kærði tekur fram að honum finnist mánudags- og miðvikudagskvöld ekki koma til greina í þessu sambandi því að þá hafi verið síðustu æfingar fyrir utanförina og þær hljóti að hafa staðið lengur en venjulega.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 12.10.

Dómpingi frestað.

Dómpingið er háð að nýju kl. 14.10.

Mættur er á dómþinginu Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og að hans beiðni Njörður Snæhólms aðalvarðstjóri.

Dómarinn leggur fram:

- Nr. 7 Rannsóknarlöggregluskyrslu
- 8 Rannsóknarlöggregluskyrslu
- 9 Rannsóknarlöggregluskyrslu
- 10 Rannsóknarlöggregluskyrslu.

Skjölin fylgja.

Kl. 14.16 mætir í dóminum sem vitni Þuriður Gísladóttir, húsmóðir, Kriuhólum 6, fædd 28. ágúst 1946 í Reykjavík.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldu og ábyrgð.

Að gefnu tilefni frá dómaranum lýsir vitnið sig trúá á guð og að heit samkvæmt því samræmist trúarskoðunum þess. Að loknum löglegum undirbúningi vann vitnið síðan eið að framburði sínum.

Vitnið skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og er framburður þess í samræmi við skýrslu þess hjá rannsóknarlöggreglunni frá 11. febrúar s.l. Vitnið segist hafa komið til vinnu þetta kvöld rétt fyrir kl. 21.30 og séð Magnús fyrst laust fyrir kl. 22.00 og öðru hvoru síðan. Kl. rétt eftir 23.30 fór vitnið í kaffi og kveðst vitnið hafa um leið afhent Magnúsi peninga þá, sem greiddir höfðu verið fyrir fatageymslu um kvöldið. Vitnið segir að ástæðan til þess að það muni svo gjörla eftir þessu kvöldi sé sú, að skömmu eftir hvarf Geirfinns Einarssonar hefði verið birt mynd af leirmynd og hafði vitnið heyrt

að Magnús væri talinn líkjast leirmyndinni. Kveðst vitnið þá hafa, ásamt samstarfskonu sinni Láru Hannesdóttur farið að rifja upp þetta umrædda kvöld og hafi þær komist að þessari niðurstöðu.

Fyrir vitnið er lesin skýrsla þess hjá rannsóknarlöggreglu frá 11. febrúar s.l. á dskj. nr. 1. Vitnið kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni og staðfestir undirskrift sína.

Upplesið játað rétt bókað.

Vitnið vék frá kl. 14.38.

Kl. 14.47 mætir í dóminum sem vitni Lára Kristjana Hannesdóttir, húsmóðir, Rjúpufelli 31, fædd 27. október 1926 í Keflavík.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldu og ábyrgð.

Vitnið skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og er framburður vitnisins í samræmi við skýrslu þess hjá rannsóknarlöggreglu 11. febrúar s.l. á dskj. nr. 1.

Vitnið kveðst hafa umrætt kvöld mætt til vinnu líklega laust fyrir kl. 21.00 og kveðst vitnið fyrst hafa séð Magnús Leopoldsson þar á staðnum fyrir kl.

22.00. Kl. 22.45 fór vitnið upp í eldhús til þess að fá sér kaffi og sá það Magnús þá sitja inni á skrifstofu. Vitnið fór aftur niður kl. 23.15 og var þá Magnús ennþá á skrifstofu sinni. Vitnið kveðst hafa sent Þuriði samstarfskonu sína með uppgjör til Magnúsar eftir að búið var að loka húsinu kl. 23.30 og kveðst vitnið hafa séð Magnús eftir að Þuriður var aftur komin niður. Vitnið

segir að þær Þuriður hafi farið að rifja upp þetta kvöld þegar mynd af leirmynd hafði verið birt og þpr höfðu heyrt orðróm um að Magnús væri talinn líkjast leirmyndinni. Segir vitnið að þær hefðu komist að sameiginlegri niðurstöðu.

Fyrir vitnið er lesin skýrsla þess hjá rannsóknarlögreglu frá 11. febrúar s.l. á dskj. nr. 1. Vitnið kveður rétt eftir sér haft og staðfestir undirskrift sína.

Að gefnu tilefni frá dómaranum lýsir vitnið sig trúá á guð og heit samkvæmt því samræmist trúarskoðunum þess. Vitnið kveðst samt skorast undan að vinna eið. Að loknum löglegum undirbúningi vann vitnið drengskaparheit að framburði sínum.

Upplesið játað rétt bókað.

Vitnið vék frá kl. 15.15.

Dómþingi frestað.

Dómþingið er háð að nýju kl. 15.38 að viðstöddum sömu aðilum og áður. Þá er mættur á dómþinginu Ingvar Björnsson hdl.

Kl. 15.39 kemur fyrir dóminn sem vitni Sigrún Ingólfssdóttir, bankagjaldkeri, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, fædd 22. júlí 1947 í Reykjavík.

Vitninu er bent á rétt sinn skv. l. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974. Vitnið kveðst ekki skorast undan vitnaskyldu. Vitnið er brýnt á vitnaskyldu og ábyrgð.

Vitnið skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og er framburður vitnisins í samræmi við skýrslu þess hjá

rannsóknarlöggreglunni frá 11. febrúar s.l. á dskj. nr. 1.

Vitnið kveðst muna það greinilega að eiginmaður þess var hártaður er það kom heim úr síðasta tíma saumavélanámskeiðs, sem vitnið sótti í október og nóvember 1974. Vitnið kveðst minnast þess að eiginmaður þess fór að nöldra yfir því hvað vitnið kæmi seint heim, en síðasti tíminn varð óvenjulangur. Vitnið kveðst vera visst um að þessi síðasti tími var haldinn 19. nóvember 1974. Kveðst vitnið í þessu sambandi styðjast við sjónvarpsdagskrá kvöldssins, en vitnið man ekki eftir að hafa séð neinn af dagskrárlíðum. Þá kveðst vitnið styðjast við úttektarnótu úr verzluninni Pfaff frá 14. nóvember 1974 þar sem tekið er út efni fyrir síðustu kennslustundina.

Fyrir vitnið er lesin skýrsla þess hjá rannsóknarlöggreglunni frá 11. febrúar s.l. á dskj. nr. 1. Vitnið kveður rétt eftir sér haft og staðfestir undirskrift sína.

Vitnið segir að um kvöldið 26. janúar s.l. á milli kl. 23.00 og 23.30 að því er vitnið telur hafi hringt til þess maður sem kynnti sig og kvaðst heita Sigurbjörn Eiríksson. Vitnið kveðst ekki hafa kannast viðmanninn og kenndi hann sig þá við Glaumbæ eða Klúbbinn. Sigurbjörn spurði vitnið hvort það vissi hvers vegna Einar Bollason hefði verið handtekinn. Vitnið sagðist ekki vita það. Vitnið kveðst svo hafa spurt hann hvort hann vissi hverjir aðrir hefðu verið handteknir. Vitnið segir að þá hafi hann sagt: "Einhver Valdimar". Vitnið spurði þá hvaða Valdimar og sagði Sigurbjörn þá Valdimar Olsen. Vitnið

kveðst síðan hafa spurt um þriðjamanninn. Sigurbjörn kvaðst ekki vita hver það væri enda hefði hann verið að koma í bæinn. Vitnið kveðst aðspurt ekki hafa kannast við nafnið Valdimar Olsen. Vitnið kveðst aðspurt þekkja Sigurbjörn Eiríksson í sjón, en ekki hafa talað við hann áður í síma svo það viti til og ekki þekkja rödd hans.

Vitnið er spurt hvort eiginmaður þess hafi átt einhverja vini utan hóps íþróttamanna samkennara og fjölskyldunnar. Vitnið kveður svo ekki vera þar sem Einar hafi lagst á sjúkrahús skömmu eftir að þau giftu sig og hafi hann þá haft á orði að nú vissi hann hverjir væru vinir sínir og hverjir ekki. Vitnið kveður hann hafa hætt að umgangast marga af sinum gömlu félögum þá.

Vitnið kveðst aðspurt ekki hafa rætt við Erlu Bolladóttur síðan 26. janúar nema einn laugardagseftirmiðdag í viðurvist dómarsans og þegar hún hafi hringt til Erlu til þess að biðja hana að tala við sig. Vitnið segir aðspurt að það viti ekki til þess að aðrir hafi haft samband við Erlu Bolladóttur vegna máls þessa nema faðir hennar Bolli, en vitnið kveðst hafa verið nærstatt er Bolli ræddi við Erlu í síma og heyrði hann segja að ef hún ekki segði sannleikann skyldi hún gleyma því að hún ætti föður.

Upplesið játað rétt bókað.

Vitnið vék frá kl. 16.35.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Pórunn Sigfúsd.

Ár 1976, fimmtudaginn 8. apríl er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Dómsrannsókn að beiðni  
ríkissaksóknara varðandi hvarf  
Geirfinns Einarssonar.

Dómþingið sækir Hallvarður Einvarðsson vararíkis-saksóknari og að hans beiðni Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Þá er mættur á dómþinginu Jón Zoëga hdl. skipaður réttar-gæzlumaður Valdimars Olsen.

Kl. 10.19 kemur fyrir dóminn kærði Valdimar Olsen.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Þá kemur fyrir dóminn til samprófunar Kristján Viðar Viðarsson.

Dómarinn getur þess að fram hafi farið sakbending þar sem Kristján Viðar sá Valdimar Olsen í hópi manna. Kristján Viðar þekkti Valdimar Olsen.

Valdimar kveðst aldrei hafa séð Kristján Viðar áður. Kristján Viðar segist hafa verið eitt sinn staddir í Lækjargötu nánar tiltekið þar sem verzlunin Hagkaup var með Sævari þegar þeir hittu Valdimar Olsen og Valdimar og Sævar ræddu um fjárskuld. Þá kveðst Kristján

Viðar eitt sinn hafa séð Valdimar er hann var gestur hjá Huldu systur Valdimars. Það hafi verið að kvöldlagi í júlí eða ágúst 1973 nánar tiltekið sama dag og Kristján Viðari var sleppt úr gæzluvarðhaldi úr Hegningarhúsinu. Kristján Viðar segir að Valdimar hafi verið að koma úr vinnu á Þingvöllum. Kristján Viðar segir að með sér hafi verið Albert Klahn Skaftason. Kristján Viðar segir að er Valdimar kom inn hafi hann beðið fólk ið að fara úr stofunni og inn í herbergi. Valdimar Olsen kveðst vera viss um að hann hafi aldrei séð Kristján Viðar áður.

Frekara samræmi milli framburða Kristjáns Viðars og Valdimars náðist ekki.

Valdimar vék frá kl. 10.40.

Kristján Viðar kveðst hafa getað rifjað það upp að hann hafi verið að flytja varning í stóra sendiferðabifreið í Dráttarbrautinni umrætt sinn. Kristján Viðar man ekki hvaða varningur þetta var, en segist hafa farið margar ferðir með eitthvað sem hann tók sitt í hvora hendi.

Kristján Viðar kveðst aðspurður hafa séð Valdimar Olsen í hópi manna í Dráttarbrautinni umrætt kvöld og **segir** Kristján Viðar að sér sé minnisstætt að Valdimar virti hann fyrir sér, og man Kristján Viðar ekki frekara eftir Valdimar Olsen þetta kvöld.

Upplesið játað rétt bókað.

Kristján Viðar vék frá kl. 11.03.

Dómpingi frestað.

Dómpingið er háð að nýju kl. 13.00.

Dómpingið sækir Hallvarður Einvarðsson vararíkis-saksóknari og að hans beiðni Njörður Snæhólm aðalvarð-stjóri. Þá er mættur á dómpinginu Jón Zoëga hdl. skipaður réttargæzlumaður Valdimars Olsen.

Kl. 13.00 mætir í dóminum kærði Valdimar Olsen.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Dómarinn leggur fram:

Nr. 12 Rannsóknarlöggregluskyrslu, sem fylgir.

Dómarinn getur þess, að pakki sá sem frá er greint í dskj. nr. 12 hafi verið opnaður í dóminum og reyndist innihalda tvær skammbýssur, sem fengnar voru tæknideild rannsóknarlöggreglunnar til ljósmyndunar og athugunar og verður gerð um það sérstök skýrsla.

Kærði kveðst hafa keypt vopn þessi sjálfur um mánaðamótin nóvember/desember 1975 í Maine í Bandaríkjum. Kærði naut við það aðstoðar bandaríks löggreglu-manns vegna formsatriða. Kærði kveðst ekki vita með hvaða hætti vopnin komu til Íslands, en býst við að hermaður, sem ætti viðkomu hér myndi hafa verið beðin fyrir þau. Kærði kveðst hafa ætlað að nota vopnin til þess að skjóta í mark. Hann hafi áhuga á byssum eins og faðir hans, sem sé vel kunnur kunnáttumaður um byssur.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði óskar eftir að taka fram, að hann eigi eina skammbýssu enn heima hjá sér. Kærði kveðst ekki hafa

leyfi fyrir þeirri byssu. Kærði kveðst hafa byssuleyfi fyrir einum riffli cal. 22. Kærði kveðst heimila að byssa sú, er hann geymir heima hjá sér verði tekin í vörzlur rannsóknarlöggreglunnar.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 13.38.

Dómpingi frestað.

Dómpingið er háð að nýju kl. 14.15 að viðstöddum sömu aðilum og áður.

Þá er mættur að auki á dómpinginu Hafsteinn Baldvinsson hrl. skipaður réttargæzlumaður Magnúsar Leopoldssonar.

Dómarinn getur þess, að fram hafi farið sakbending þar sem Erla Bolladóttir sá Magnús Leopoldsson í hópi manna. Erla þekkti Magnús Leopoldsson.

Þá kemur fyrir dóminn Magnús Leopoldsson, gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Þá kemur fyrir dóminn til samþrófunar vitnið Erla Bolladóttir.

Aminnt um sannsögli.

Kærði Magnús kveðst ekki kannast við að hafa séð Erlu Bolladóttur áður. Erla kveðst hafa séð Magnús Leopoldsson einu sinni áður en hún sá hann í Mercedes Benz bifreiðinni umrætt sinn. Erla lýsir hraðamæli bifreiðarinnar þannig, að hann hafi gengið lóðrétt. Magnús segist ekki hafa haft slika bifreið undir höndum á þessum tíma og reyndar ekki neina Mercedes Benz bifreið.

Magnúsi er bent á dskj. nr. 7 þar sem kemur fram að

bifreiðin G 9484 hafi verið í eigu Sigurbjörns Eiríkssonar þar til 8. janúar 1975. Magnús segir að bifreið þessi hafi verið sold töluvert áður Bjarna Stefánssyni. Þá segir Magnús að hraðamælum í Mercedes Benz bifreiðum hafi verið breytt líklega í kringum 1966 og eftir það hafi ekki komið árgerðir með hraðamæli eins og áður er lýst.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði Magnús vék frá kl. 15.03.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Hórunn Sigfúsd.

Ár 1976, föstudaginn 9. apríl er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Dómsrannsókn að beiðni  
ríkissaksóknara varðandi  
hvarf Geirfinns Einarssonar.

Dómpingið sækir Hallvarður Einvarðsson vararíkis-saksóknari og að hans beiðni Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Þá eru mættir á dómpinginu Hafsteinn Baldvinsson hrl. skipaður réttargæzlumaður Magnúsar Leopoldssonar, Jón Zoëga hdl. skipaður réttargæzlumaður Valdimars Olsen og Ingvar Björnsson hdl. skipaður réttargæzlumaður Einars Gunnars Bollasonar.

Kl. 15.58 kemur fyrir dóminn kærði Magnús Leopoldsson, framkvæmdastjóri, Lundarbrekku 10, Kópavogi, fæddur 23. ágúst 1946 í Keflavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði kveðst ekkert sérstakt hafa fram að færa í málí þessu.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að gæzluvarðhaldsvist Magnúsar Leopoldssonar verði framlengd með úrskurði dómsins í þágu dómsrannsóknar hinna alvarlegu sakarefna máls þessa, sem eigi er lokið sbr. 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu kærða Magnúsar Leopoldssonar er kröfu ákæruvalds mótmælt og vísað til þess að nægur tími hafi verið til þess að ljúka dómsrannsókninni á þeim tíma, sem hann hefur setið í gæzluvarðhaldi.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

#### úrskurður:

Ár 1976 föstudaginn 9. apríl var á dómpigi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson úr Keflavík og hefur hann ekki sézt síðan.

Erla Bollandóttir, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski hafa skýrt rannsóknarlöggreglunni frá því að þau hafi öll farið til Keflavíkur og þar niður að sjó nánar tiltekið við Dráttarbraut Keflavíkur. Þeir Sævar og Kristján hafa skýrt frá því að þeir hafi farið í

sjóferð með nokkrum mönnum, þ.á.m. Geirfinni Einarssyni, sem þeir telja sig þekkja á mynd. Hafi Geirfinnur Einarsson látið lífið í sjóferð þessari. Erla Bolladóttir, kveðst hins vegar hafa hlaupið á brott og falið sig er til Keflavíkur var komið.

Sævar Marinó hefur fyrir dómi skýrt frá því að allar skýrslur hans hjá rannsóknarlöggreglu vegna máls þessa séu ekki byggðar á hans eigin vitneskju eða reynslu, heldur frásögn Erlu Bolladóttur. Kristján Viðar Viðarsson hefur tekið framburð sinn í máli þessu til baka og síðan kannast aftur við að hafa farið í umrædda ferð með að minnsta kosti Erlu Bolladóttur og Sævari Ciesielski að Dráttarbrautinni í Keflavík. Þá hefur Kristján sagt að hann muni örugglega eftir Einari Bollasyni og Valdimar Olsen í fjörunni við Dráttarbrautina. Erla Bolladóttir segir að Magnús Leopoldsson hafi örugglega ekið bifreið þeirri sem hún fór í til Keflavíkur umrætt sinn.

Magnús Leopoldsson var vegna máls þessa úrskurðaður í 45 daga gæzluvarðhald hinn 26. janúar s.l. og var gæzluvarðhald hans framlengt um 30 daga frá 11. mars s.l. Hinn 30. mars s.l. hófst dómsrannsókn á sakarefni máls þessa og er henni ekki nærri lokið.

Af hálfu ríkissaksóknara var á dómþingi í dag gerð sú krafa að gæzluvarðhald Magnúsar Leopoldssonar verði framlengt með úrskurði dómsins í þágu dómsrannsóknar hinna alvarlegu sakarefna máls þessa. Af hálfu kærða Magnúsar

Leopoldssonar er kröfu ákæruvalds mótmælt.

Magnús Leopoldsson er grunaður um þáttöku í broti  
gagn XXIII./almennra hegningarlaga og gegn 60. gr. sbr.  
61. gr. laga 59/1969 og getur brot hans varðað fangelsis-  
refsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944  
um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Rétt þykir með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga  
74/1974 að framlengja gæzluvarðhald Magnúsar Leopoldssonar  
á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Magnúsar Leopoldssonar framlengist um  
allt að 30 dögum frá 10. apríl 1976 kl. 11.11.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorð var lesið í heyranda hljóði. Kærði  
kveðst munu hafa samráð við réttargæzlumann sinn um kæru  
á úrskurði þessum til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 16.10.

Réttargæzlumaður kærða Magnúsar Leopoldssonar lýsir  
því nú yfir, að hann muni, að höfðu samráði við kærða, ekki  
kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands.

Hafsteinn Baldvinsson.

Kl. 16.21 kemur fyrir dóminn kærði Valdimar Olsen,  
skrifstofumaður, Framnesvegi 61 hér í borg, fæddur 22.  
febrúar 1948 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Dómarinn getur þess, að rannsóknarlöggreglumenn hafi

tekið í sínar vörzlur skammbryssu þá, sem kærði segist hafa átt heima hjá sér. Kærði segist hafa keypt skammbryssu þessa á Spáni árið 1969 og komið með hana sjálfur hingað til landsins.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafizt að gæzluvarðhaldsvist Valdimars Olsen verði framlengd með úrskurði dómsins í þágu dómsrannsóknar hinna alvarlegu sakarefna máls þessa, sem eigi er lokið sbr. 1. og 4. tl. 67. gr. laga 74/1974.

Af hálfu kærða Valdimars Olsen er kröfu ákæruvalds mótmælt.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

Ar 1976 föstudaginn 9. apríl var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson úr Keflavík og hefur hann ekki sézt síðan.

Erla Bolladóttir, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski hafa skýrt rannsóknarlöggreglunni frá því að þau hafi öll farið til Keflavíkur og þar niður að sjó nánar tiltekið við Dráttarbraut Keflavíkur. Þeir Sævar og Kristján hafa skýrt frá því að þeir hafi farið í sjóferð með nokkrum mönnum, þ.a.m. Geirfinni Einarssyni, sem þeir telja sig þekkja á mynd. Hafi Geirfinnur Einarsson látið lífið í sjóferð þessari. Erla Bolladóttir, kveðst hins vegar hafa hlaupið á brott og falið sig er

til Keflavíkur var komið.

Sævar Marinó Ciesielski hefur fyrir dómi, sagt að skýrslur þær sem hann hefur gefið hjá rannsóknarlögreglu í málínu séu ekki byggðar á hans eigin vitneskju eða reynslu, heldur hafi Erla sagt honum allt sem þar segir. Kristján Viðar Viðarsson hefur tekið framburð sinn í málí þessu til baka og síðan kannast aftur við að hafa farið í umrædda ferð með a.m.k. Erlu Bolladóttur og Sævari Ciesielski. Þá hefur hann sagt að Einar Bollason og Valdimar Olsen hafi örugglega verið staddir í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt sinn. Kærði Valdimar Olsen var hinn 26. janúar s.l. úrskurðaður í 45 daga gæzluvarðhald vegna máls þessa og var gæzluvarðhald þetta framlengt um 30 daga hinn 11. marz s.l. Af hálfu ríkissaksóknara var þá krafist dómsrannsóknar á sakafeli máls þessa. Dómsrannsókn hófst hinn 30. marz og er henni ekki nærri lokið. Á dómþingi í dag var þess krafist af hálfu ríkissaksóknara að gæzluvarðhald kærða Valdimars Olsen, verði framlengt með úrskurði dómsins í þágu dómsrannsóknar á hinum alvarlegu sakarefnum málsins. Af hálfu kærða Valdimars Olsen var kröfu þessari mótmælt.

Valdimar Olsen er grunaður um þátttöku í broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr. sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969 og kann brot hans að varða fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt. Rétt þykir með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. 1. 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald kærða á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Valdimars Olsen framlengist um allt að 30 dögum frá 10. apríl 1976 kl. 10.55.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 16.30.

Kl. 16.32 kemur fyrir dóminn kærði Einar Gunnar Bollason, kennari, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, fæddur 6. nóvember 1943 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði kveðst ekkert nýtt hafa fram að færa fyrir dóminum.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að gæzluvarðhaldsvist Einars Gunnars Bollasonar verði framlengd með úrskurði dómsins í þágu dómsrannsóknar hinna alvarlegu sakarefna máls þessa, sem eigi er lokið, sbr. 1. og 4. tl. 67. gr. laga 74/1974.

Af hálfu kærða er kröfu ákærvalds mótmælt og vísað til þess að nægur tími hafi verið til þess að ljúka dómsrannsókn í máli þessu á meðan kærði hefur verið í gæzluvarðhaldi.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

Úrskurður:

Ar 1976 föstudaginn 9. apríl var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvar Geirfinnur Einarsson frá Keflavík og hefur hann ekki sézt síðan.

Þau Kristján Viðar Viðarsson, Erla Bolladóttir og Sævar Marinó Ciesielski hafa skýrt rannsóknarlöggreglunni svo frá að þau hafi öll farið til Keflavíkur og þar niður að sjó nánar tiltekið við Dráttarbraut Keflavíkur. Þeir Sævar og Kristján Viðar Viðarsson hafa skýrt frá því, að þeir hafi farið í sjóferð með nokkrum mönnum þar á meðal Geirfinni Einarssyni sem þeir telja sig þekkja á mynd. Hafi Geirfinnur Einarsson látið lífið í sjóferð þessari. Erla Bolladóttir kveðst hins vegar hafa hlaupið á brott og falið sig er til Keflavíkur var komið.

Sævar Marinó Ciesielski hefur fyrir dómi sagt að skýrslur hans hjá rannsóknarlöggreglu séu ekki byggðar á hans eigin vitneskju eða reynslu, heldur frásögn Erlu Bolladóttur. Kristján Viðar Viðarsson hefur tekið framburð sinn hjá rannsóknarlöggreglu til baka í máli þessu en síðan kannast aftur við að hafa farið í umrædda ferð með a.m.k. Sævari og Erlu. Þá kveðst hann örugglega muna eftir Einari Bollasyni og Valdimar Olsen í fjörunni við Dráttarbrautina.

Hinn 26. janúar var kærði Einar Bollason úrskurðaður í 45 daga gæzluvarðhald vegna rannsóknar málss þessa og var

gæzluvarðhaldið framlengt um 30 daga hinn 11. marz s.l. Hinn 30. marz s.l. hófst dómsrannsókn á sakar-efni málsins og er henni ekki nærri lokið.

Af hálfu ríkissaksóknara var á dómpingi í dag gerð sú krafa að gæzluvarðhald kærða Einars Bollasonar verði framlengt með úrskurði dómsins í þágu dómsrannsóknar hinna alvarlegu sakarefna máls þessa. Af hálfu kærða Einars Bollasonar var kröfu þessari mótmælt.

Einar Gunnar Bollason er grunaður um þátttöku í broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr. sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969 og kann brot hans að varða fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Rétt þykir með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald kærða á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Einars Gunnars Bollasonar framlengist um allt að 30 dögum frá 10. apríl 1976 kl. 11.25.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði. Kærði kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands þar sem það kynni að tefja dómsrannsóknina.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 16.42.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Asta Einarasdóttir.

Þórunn Sigfúsd.

Ar 1976, mánudaginn 12. apríl er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Dómsrannsókn að beiðni

ríkissaksóknara varðandi hvarf

Geirfinns Einarssonar.

Mættur er á dómpinginu Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og að ~~hans~~ beiðni Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Þá eru mættir á dómpinginu Jón Zoëga hdl., Jón Ólafsson hrl. og Hafsteinn Baldvinsson hrl.

Dómarinn leggur fram:

Nr. 13 Rannsóknarlöggregluskyrslu, sem fylgir.

Kl. 10.05 kemur fyrir dóminn sem vitni Þórdís Bára Hannesdóttir, ritsímaritari, Háaleitisbraut 113, fædd 24. maí 1952 í Reykjavík.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldu og ábyrgð.

Að gefnu tilefni frá dómaranum lýsir vitnið sig trúa á guð og heit samkvæmt því samræmist trúarskoðunum þess. Að loknum löglegum undirbúningi vann vitnið síðan eið að framburði sínum.

Þá mætir á dómpinginu Ingvar Björnsson hdl.

Vitnið skýrir frá í samræmi við skýrslu þess hjá rannsóknarlöggreglunni á dskj. nr. 13.

Vitnið kveðst halda að það hafi aldrei hitt Erlu Bolladóttur utan vinnustaðar eða a.m.k. ekki mælt sér mótt við hana utan vinnustaðar. Vitnið kveður Erlu hafa komið nokkrum sinnum á vinnustað til þess að ræða við sig og aðra vinnufélaga haustið 1974. Vitnið man eftir því að Erla sagði henni eitt sinn að hún hefði dvalið næturlangt í mannlausu húsi í Keflavík og síðan farið á puttanum í bæinn daginn eftir.

Fyrir vitnið er lesin skýrsla þess á dskj. nr. 13. Kveður vitnið rétt eftir sér haft og staðfestir undirskrift sína.

Vitnið kveðst hafa hitt Erlu síðast í síðustu viku líklega 6. apríl. Vitnið kveður þær hafa rætt mál petta lítillega og sagði vitnið Erlu þá að það myndi eftir að hún hefði sagt sér frá dvöl sinni í mannlausa húsinu í Keflavík. Vitnið segir að það hafi komið Erlu á óvart að það skyldi muna eftir því.

Vitnið segir aðspurt að umræður þeirra hafi hafist með þeim hætti að Erla hafi sagt henni að bílstjóri hafi gefið sig fram. Vitnið segir að þær hafi rætt petta mál lítið.

Vitnið segir aðspurt að sér hafi stundum fundist Erla með frjótt ímyndunarafl og kannski draumórakennt og nefnir vitnið nokkur dæmi til að skýra þessa niðurstöðu

sína. M.a. segir vitnið að Erla hafi sagt sér að fjölskylda sín hefði snúið við sér baki og meira að segja hefði móðir hennar eitt sinn hringt á löggreglu. Þá hefði Erla talað um að hún væri að fara á skóla erlendis.

Vitnið segir aðspurt að það sé ekki visst um að Erla hafi sagt að mannlausa húsið væri í Keflavík en þó minni sig það örugglega.

Upplesið játað rétt bókað.

Vitnið vék frá kl. 10.45.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Sigurbj. V. Eggertsson.

Eggert N. Bjarnason.

Ár 1976, mánudaginn 26. apríl var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Dómpingið sækja Hallvarður Einvarðsson vararíkis-saksóknari og Jón Ólafsson hrl. skipaður réttargæzlumaður Sigurbjörns Eiríkssonar.

Kl. 11.32 kemur fyrir dóminn Sigurbjörn Eiríksson, gæzlufangi.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Kærði kveðst ekki hafa neitt fram að færa í máli þessu.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að gæzluvarðhaldsvist Sigurbjörns Eiríkssonar verði framlengd með úrskurði dómsins í þágu dómsrannsóknar hinna alvarlegu sakarefna málss Þessa, sem eigi er lokið sbr. 1. og 4. tl. 1. 74/1974.

Af hálfu kærða er kröfu ákæruvalds mótmælt með visan til þess að þáttur kærða í málinu sé fullrannsakaður.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

Ar 1976 mánudaginn 26. apríl var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvar Geirfinnur Einarsson frá Keflavík og hefur hann ekki sézt síðan.

Kristján Viðar Viðarsson, Erla Bolladóttir og Sævar Marinó Ciesielski hafa skýrt rannsóknarlöggreglunni svo frá, að þau hafi öll farið til Keflavíkur og þar niður að sjó nánar tiltekið við Dráttarbraut Keflavíkur. Þeir Sævar og Kristján Viðar hafa skýrt frá því að þeir hafi farið í sjóferð með nokkrum mönnum þar á meðal Geirfinni Einarssyni sem þeir telja sig þekkja á mynd. Hafi Geirfinnur Einarsson látið lífið í sjóferð pessari. Erla Bolladóttir kveðst hins vegar hafa hlaupið á brott og falið sig er til

Keflavíkur var komið.

Kristján Viðar Viðarsson hefur skýrt svo frá að hann hafi farið í fyrrnefnda sjóferð og orðið þar vitni að átökum milli Geirfinns Einarssonar, Sigurbjörns Eiríkssonar og Magnúsar Leopoldssonar og hafi hann ætlað að skipta sér af átökunum, en Einar Bollason hafi komið í veg fyrir það.

Þau Kristján Viðar, Sævar Marinó og Erla hafa öll skoðað bunka af myndum hjá rannsóknarlögreglu. Meðal annarra mynda sem þau hafa dregið út úr bunkanum af mönnum sem staddir voru í fjörunni umrætt sinn, hafa þau öll þekkt mynd Sigurbjörns Eiríkssonar.

Sigurbjörn Eiríksson hefur fyrir dómi og hjá rannsóknarlögreglu neitað að hafa nokkra vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar né að hafa nokkurn timann verið viðriðinn smygl á áfengi.

Sævar Marinó Ciesielski hefur fyrir dómi sagt að skýrslur hans hjá rannsóknarlögreglu séu ekki byggðar á hans eigin vitneskju eða reynslu, heldur frásögn Erlu Bolladóttur. Kristján Viðar Viðarsson hefur tekið framburð sinn hjá rannsóknarlögreglu til baka í máli þessu en síðan kannast aftur við að hafa farið í umrædda ferð með a.m.k. Sævari og Erlu. Þá kveðst hann örugglega muna eftir Einari Bollasyni og Valdimar Olsen í fjörunni við Dráttarbrautina.

Hinn 11. febrúar s.l. var kærði Sigurbjörn Eiríksson úrskurðaður í allt að 45 daga gæzluvarðhald vegna rannsóknar

máls þessa. Hinn 30. marz s.l. hóft dómsrannsókn á sakarefni málsins og er henni ekki nærrí lokið.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að gæzluvarðhaldsvist Sigurbjörns Eiríkssonar verði framlengd með úrskurði dómsins í þágu dómsrannsóknar hinna alvarlegu sakarefna máls þessa sem eigi er lokið, sbr. 1. og 4. tl. laga nr. 74/1974.

Af hálfu kærða er kröfu ákæruvalds mótmælt með vísan til þess að þáttur kærða í málínu sé fullrannsakaður.

Sigurbjörn Eiríksson er grunaður um þátttöku í broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr. sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969 frá 1969 og kann brot hans að varða fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Rétt þykir með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald kærða á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 45 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða Sigurbjörns Eiríkssonar framlengist um allt að 45 dögum frá kl. 12.03 26.apríl 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki vilja kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 11.50 og var farið með hann í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Ár 1976, miðvikudaginn 28. apríl, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Dómsrannsókn að beiðni ríkis-saksóknara á hvarfi Geirfinns Einarssonar.

Dómpingið sækir Hallvarður Einvarðsson, vararíkis-saksóknari og að hans beiðni Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Þá sækir dómpingið Páll Arnór Pálsson, hdl., skipaður réttar-gæzlumaður Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Dómarinn leggur fram:

- Nr. 14 Rannsóknarlöggregluskyrsla
- 15 Rannsóknarlöggregluskyrsla
- 16 Rannsóknarlöggregluskyrsla
- 17 Rannsóknarlöggregluskyrsla
- 18 Rannsóknarlöggregluskyrsla
- 19 Rannsóknarlöggregluskyrsla
- 20 Rannsóknarlöggregluskyrsla
- 21 Rannsóknarlöggregluskyrsla.

Skjölin fylgja.

Kl. 13.52 kemur fyrir dóminn kærður Kristján Viðar Viðarsson, sem áður hefur mætt í máli þessu.

Mættur er áminntur um sannsögli og gætt er ákv. 2.mgr.

77. gr. l. nr. 74/1974.

Mættur skýrir frá því sem hann telur sig hafa rifjað upp frá því hann kom síðast fyrir dóm og er frásögn hans í góðu samræmi við skýrslu þá, sem tekin var af honum hjá rannsóknarlöggreglu hinn 20. apríl s.l., dskj. nr. 21.

Mættur kveðst muna eftir því að hafa verið í rifrildi við einhverja menn í slippnum í Keflavík. Þá kveðst mættur muna eftir að hafa verið að rífast við Sævar. Mættur man ekki vegna hvers rifrildið var en telur ekki ólíklegt að það hafi verið eitthvað vegna þessa slasaða manns, sem lá í Dráttarbrautinni.

Mættur kveðst muna eftir að hafa komið að Laugavegi 32 aftur í blárri leigubifreið, eins og Viggó Guðmundsson ók stundum. Mættur heldur að aðeins hafi verið tveir súkir bílar á Hreyfli á þessum tíma.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kærður víkur frá kl. 15.08.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Guðrún Björnsd.

Þórunn Sigfúsd.

Ar 1976, fimmtudaginn 29. apríl er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Rannsókn að beiðni

ríkissaksóknara varðandi

hvarf Geirfinns Einarssonar.

Mættur er á dómþinginu Hallvarður Einvarðsson og  
að hans beiðni Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri.

Þá er mættur á dómþinginu Jón Gunnar Zoëga hdl.  
skipaður réttargæzlumaður Valdimars Olsen.

Kl. 10.12 kemur fyrir dóminn Valdimar Olsen, sem  
áður hefur mætt í máli þessu.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði er spurður um kynni sín af Einari Gunnari  
Óskarssyni. Kærði kveðst þekkja Einar Gunnar fyrir  
tilstilli Herberts Árnasonar og líklega kynnst honum árið  
1972. Kærði kveðst þekkja Einar allnokkuð, en ekki náið.  
Þeir hafi stundum skemmt sér saman og stundum hafi Einar  
Gunnar ekið kærða. Kærði heldur að hann hafi alltaf greitt  
fyrir aksturinn.

Kærði kveðst muna eftir að hafa eitt sinn hringt á  
Hreyfil og beðið um Einar Gunnar. Einar Gunnar kom og sótti  
kærða, en þegar þeir voru lagðir af stað var kallað í Einar  
Gunnar í gegnum talstöð, að því er kærða minnir og hann  
beðinn að koma að húsi við Kvisthaga. Þar komu í bifreiðina  
stúlkur tvær. Kærði kveðst hafa þekkt aðra stúlkuna sem  
systur sambýliskonu Einars Gunnars. Kærði segir að Einar  
Gunnar hafi ekið þeim þemur á skemmtistað og hafi þar skilið  
leiðir þeirra Einars Gunnars. Kærði kveðst ekki hafa hitt  
Einari Gunnari aftur þetta kvöld.

Kærði kveðst vita til þess að Einar Gunnar hafi seít áfengi, en ekki verið viðstaddir slika sölu Einars til annarra. Kærði kveðst ekki vita til þess að Einar Gunnar hafi selt ávana- og fíkniefni.

Kærði kveðst aðeins vita til þess að einu sinni hafi verið höfð um hönd fíkniefni á Framnesvegi 61. Kærði kveðst hafa orðið var við að gestir systur sinnar voru eitt sinn farnir að neyta slikra efna þar inni og vísaði hann gestunum á dyr. Kærði veit ekki til þess að nokkurn tíma hafi farið fram neyzla, dreifing, eða sala fíkniefna á heimili hans nema þetta eina sinn.

Upplesið játað rétt bókað.

Vottar:

Þórunn Sigfúsd.

Ásta Einarsd.

Kærði vék frá kl. 11.03.

Dómþingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Ar 1976, þriðjudaginn 4. maí var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Dómarinn leggur fram nr. 22 rannsóknarlöggregluskyrslu sem fylgir.

Kl. 16.47 kemur fyrir dóminn Erla Bolladóttir, Stóragerði 29, f. 19. júlí 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærða skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og framburður hennar í samræmi við skýrslu hennar á dskj. nr. 22.

Skýrsla kærðu á dskj. nr. 22 er lesin fyrir hana. Kærða kveður rétt eftir sér haft og staðfestir undirskrift sína.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

Ár 1976 þriðjudaginn 4. maí var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson frá Keflavík og hefur ekki sézt síðan. Þau Sævar Marinó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Erla Bolladóttir hafa öll skýrt svo frá að þau hafi farið til Keflavíkur nánar tiltekið þar niður að Dráttarbraut Keflavíkur. Þar hafi verið staddir Einar Bollason, Magnús Leopoldsson, Valdimar Olsen, Sigurbjörn Eiríksson og einhverjur fleiri menn sem þau ekki þekkja. Erla Bolladóttir hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið gripin ofsalegri hræðslu á staðnum og hlaupið burtu og falið sig. Kristján Viðar Viðarsson hefur skýrt svo frá að hann hafi farið í sjóferð og í sjóferð þessari hafi Geirfinnur Einarsson látið lífið. Sævar Marinó Ciesielski hefur borið að hann hafi farið til Keflavíkur og séð þar fyrrgreinda menn og að einhverjur þeirra manna sem að þar voru staddir hafi farið umrædda

sjóferð og hefði sér síðar verið sagt að slys hefði orðið, Geirfinnur Einarsson hefði fallið útbyrðis og drukknað.

Kristján Viðar Viðarsson hefur tekið framburð sinn hjá rannsóknarlögðlu til baka í máli þessu en síðan kannast aftur við að hafa farið í umrædda ferð með að minnsta kosti Sævari og Erlu. Þá kveðst hann örugglega muna eftir Einari Bollasyni og Valdimar Olsen í fjörunni við Dráttarbrautina. Sævar Marinó Ciesielski hefur fyrir dómi sagt að skýrslur hans hjá rannsóknarlögðlugu séu ekki byggðar á hans eigin vitneskju heldur hafi Erla Bolladóttir skýrt honum frá sinni reynslu.

Síðan 26. janúar s.l. hafa þrír menn, þ.e. þeir Einar Bollason, Valdimar Olsen og Magnús Leopoldsson setið í gæzluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa. Þá hefur Sigurbjörn Eiríksson setið í gæzluvarðhaldi vegna sama, síðan 11. febrúar s.l.

Erla Bolladóttir hefur nú hjá rannsóknarlögðlugu, skýrt svo frá, að hún hafi sjálf miðað riffli á Geirfinn Einarsson og hleypt af. Hefur hún lýst því, hvernig Sævar Marinó setti riffilinn í hendur henni og staðið fyrir aftan hana á meðan þetta gerðist.

Dómsrannsókn í máli þessu hófst 30. mars s.l. og er henni ekki lokið enn. Þykir ljóst, að þau Sævar Marinó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Erla Bolladóttir hafi ekki sagt allan sannleikann um förlína til Keflavíkur, en framburðir þeirra í málinu hafa verið nokkuð á reiki.

Svo sem fyrr greinir hefur Erla nú hjá rannsóknar-lögreglu skýrt svo frá að hún hafi miðað byssu á Geirfinn Einarsson og hleypt af. Hér er um alvarlega játningu Erlu að ræða, og þykir nauðsynlegt í þágu rannsóknar máls þessa með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. l. 74/1974 að úrskurða kærðu Erlu Bolladóttur í gæzluvarðhald á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið.

Þá þykir nauðsynlegt með vísan til d-liðs 75. gr. laga 74/1974 að kærða gangi undir geðrannsókn á gæzluvarðhaldstímanum.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Kærða, Erla Bolladóttir sæti gæzluvarðhaldi í allt að 60 dögum.

Kærða gangi undir geðrannsókn á gæzluvarðhaldstímanum.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærða óskar eftir að Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl. verði skipaður réttargæzlumaður sinn.

Kærða kveðst munu hafa samráð við réttargæzlumann sinn um kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærða vék frá kl. 17.05 og var farið með hana í varðhaldið.

Kl. 17.15 mætir í dóminum Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl. og óskar eftir að bókað sé að skjólstæðingur hans hafi

ákveðið að kæra ekki úrskurð þennan til Hæstaréttar Islands.

Upplesið játað rétt bókað.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Pórunn Sigfúsd.

Asta Einarsd.

Ár 1976, miðvikudaginn 5. maí er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Fram eru lögð þessi skjöl:

Nr. 23 Rannsóknarlögregluskyrsla.

Dómpingið säkir Hallvarður Einvarðsson, vararíkis-saksóknari, og að hans beiðni Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri. Þá er mættur á dómpinginu Ingvar Björnsson, hdl., skipaður réttargæzlumaður Einars Bollasonar.

Kl. 14.00 kemur fyrir dóminn kærður Einar Gunnar Bollason, gæzlufangi.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Kærðum er kynntur framburður kærðrar Erlu Bolladóttur á dskj. nr. 22.

Kærður kveðst ekkert við atburð þennan kannast og ekkert vera við mál þetta riðinn sér vitandi. Kærður segir framburð systur sinnar um nærvist sína á vettvangi umrætt

sinn vera rangan.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kærður vék frá kl. 14.35.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Guðrún Björnsd.

Asta Einarsd.

Ár 1976 laugardaginn 8. maí var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Dómarinn leggur fram:

Nr. 24 Rannsóknarlöggregluskyrslu

- 25 Rannsóknarlöggregluskyrslu

- 26 Rannsóknarlöggregluskyrslu

- 27 Rannsóknarlöggregluskyrslu

- 28 Rannsóknarlöggregluskyrslu

- 29 Rannsóknarlöggregluskyrslu.

Skjölin fylgja.

Kl. 15.45 kemur fyrir dóminn Sigurður Jóhann Guðjónsson, Þifreiðarstjóri, Mosgerði 17, fæddur 27. febrúar 1944 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst ekki hafa neina vitneskju um afdrif Geirfinns Einarssonar.

Kærði kveðst ekki hafa verið staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík umrætt sinn og ekki muna til þess að hafa nokkru sinni komið þar.

Upplesið játað rétt bókað.

Dómarinn ákveður með vísan til 66. gr. l. 74/1974 að kærði verði í haldi þar til ákvörðun hefur verið tekin um það hvort hann verði settur í varðhald eða sleppt innan eins sólarhring.

Upplesið staðfest.

Kærði vék frá kl. 15.55.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert N. Bjarnason.

Gunnar Marinósson.

Ár 1976 sunnudaginn 9. maí var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Dómpingið sækja Hallvarður Einvarðsson varíkissaksóknari, Jón Zoëga hdl. Jón Ólafson hdl. og Hafsteinn Baldvinsson hrl.

Kl. 21.09 kemur fyrir dóminn kærði Valdimar Olsen gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærða er kynntur framburður Erlu Bolladóttur um hennar þátt í máli þessu.

Kærði kveðst ekki kannast við atburð þennan og þessi framburður rifji ekkert upp fyrir sér.

Dómarinn tilkynnir kærða að hann hafi ákveðið að láta hann lausan úr gæzluvarðhaldi, en leggur fyrir hann með vísan til 65. gr. og 72. gr. l. 74/1974 að halda sig á íslenzku yfírráðasvæði og sæta almennu löggreglueftirliti svo sem honum verður kynnt síðar.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 21.20

frjáls ferða sinna.

Kl. 21.34 kemur fyrir dóminn kærði Magnús Leopoldsson gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærða er kynntur framburður Erlu Bolladóttur um þátt hennar í máli þessu.

Kærði kveðst ekkert við atburð þennan kannast.

Dómarinn tilkynnir kærða að hann hafi ákveðið að láta hann lausan úr varðhaldi, en leggur fyrir hann með vísan til 65. gr. og 72. gr. l. 74/1974 að halda sig á íslenzku yfírráðasvæði og sæta almennu löggreglueftirliti sem honum verður kynnt síðar.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 21.40

frjáls ferða sinna.

Kl. 22.20 kemur fyrir dóminn kærði Sigurbjörn Eiríksson gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærða er kynntur framburður Erlu Bolladóttur um þátttöku hennar í máli þessu.

Kærði kveðst ekki kannast við þennan atburð og aldrei komið í Dráttarbrautina í Keflavík.

Dómarinn tilkynnir kærða að hann hafi ákveðið að láta hann lausan úr varðhaldi en leggur fyrir hann með vísan til 65. gr. og 72. gr. l. 74/1974 að halda sig á íslenzku yfirráðasvæði og sæta almennu lögreglueftirliti sem honum verður kynnt síðar.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 22.00

frjáls ferða sinna.

Kl. 23.21 kemur fyrir dóminn kærði Einar Bollason gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst ekki hafa neinu við fyrri framburð sinn að bæta.

Dómarinn tilkynnir kærða að hann hafi ákveðið að láta hann lausan úr varðhaldi en leggur fyrir hann með vísan til 65. gr., 72. gr. l. 74/1974 að halda sig á íslenzku yfirráðasvæði og sæta almennu lögreglueftirliti sem honum verður kynnt síðar.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 23.27  
frjáls ferða sinna.  
Dómpingi slitið.  
Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert Bjarnason.

Sigurbj.V.Eggertsson.

Ar 1976 laugardaginn 3. júlí var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

Ar 1976 laugardaginn 3. júlí var á dómpingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson frá Keflavík og hefur ekki sézt síðan.

Pau Sævar Marinó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Erla Bolladóttir hafa öll skýrt svo frá að þau hafi farið til Keflavíkur nánar tiltekið þar niður að Dráttarbraut Keflavíkur. Þar hafi verið staddir Einar Bollason, Magnús Leopoldsson, Valdimar Olsen, Sigurbjörn Eiríksson og einhverjur fleiri menn sem þau ekki þekkja.

Erla Bolladóttir hefur skýrt svo frá að hún hafi verið gripin ofsalegri hræðslu á staðnum og hlaupið burtu og falið sig. Kristján Viðar Viðarsson hefur skýrt svo frá að hann hafi farið í sjóferð og í sjóferð þessari hafi Geirfinnur Einarsson látið lífið. Sævar Marinó Ciesielski hefur boríð, að hann hafi farið til Keflavíkur og séð þar fyrrgreinda menn, og að einhverjur þeirra manna sem þar voru staddir hafi farið umrædda sjóferð og hefði sér síðar verið sagt að slys hefði orðið. Geirfinnur Einarsson hefði fallið útbyrðis og drukknað.

Kristján Viðar Viðarsson hefur tekið framburð sinn hjá rannsóknarlöggreglu til baka í máli þessu en síðan kannast aftur við að hafa farið í umrædda ferð með a.m.k. Sævari og Erlu. Þá kveðst hann örugglega muna eftir Einari Bollasyni og Valdimar Olsen í fjörunni við Dráttarbrautina.

Sævar Marinó Ciesielski hefur fyrir dómi sagt, að skýrslur hans hjá rannsóknarlöggreglu séu ekki byggðar á hans eigin vitneskju, heldur hafi Erla Bolladóttir skýrt honum frá sinni eigin reynslu.

Fjórir menn sátu í gæzluvarðhaldi síðastliðinn vetur vegna rannsóknar máls þessa. Hinn 4. maí s.l. var Erla Bolladóttir úrskurðuð í gæzluvarðhald vegna rannsóknar málssins. Hafði hún þá boríð að hún hafi sjálf miðað riffli á Geirfinn Einarsson og hleypt af. Lýsti hún, hvernig Sævar Marinó setti riffilinn í hendur henni og stóð fyrir aftan hana á meðan hún hleypti af.

Rannsókn máls þessa er ekki nærri lokið.

Geðrannsókn á þeim Sævari Marinó, Kristjáni Viðari og Erlu Bolladóttur er ekki lokið.

Auðsýnt þykir í þágu rannsóknar máls þessa með viðan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald Erlu Bolladóttur á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Erlu Bolladóttur framlengist um allt að 60 dögum frá kl. 17.05 hinn 3. júlí 1976.

Örn Höskuldsson.

Kl. 17.05 kemur fyrir dóminn kærða Erla Bolladóttir.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærða kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærða vék frá kl. 17.10.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Ár 1976 miðvikudaginn 1. september var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Dómarinn leggur fram:

Nr. 30 Rannsóknarlöggregluskyrslu

- 31 "
- 32 "
- 33 "
- 34 "
- 35 "
- 36 "
- 37 "
- 38 "
- 39 "
- 40 "
- 41 "
- 42 "
- 43 "
- 44 "
- 45 "
- 46 Skýrslu Hauks Guðmundssonar
- 47 Rannsóknarlöggregluskyrsla
- 48 "
- 49 "
- 50 Bréf ríkissaksóknara
- 51 Lögregluskyrsla
- 52 "
- 53 Bréf löggreglustjórans í Reykjavík
- 54 Lögregluskyrsla
- 55 "

- nr. 56 Bréf ríkissaksóknara
- 57 Bréf sakadóms í ávana og fíkniefnum
- 58 Skýrsla Gísla Pálssonar og Kristjáns Péturssonar
- 59 Bréf lögreglustjórans í Reykjavík
- 60 Lögregluskyrsla
- 61 "
- 62 Uppgjörslisti ásamt fylgiskjölum
- 63 Rannsóknarlögregluskyrsla
- 64 "

Skjölin fylgja.

Kl. 15.25 kemur fyrir dóminn Erla Bolladóttir gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Dómarinn getur þess að Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl. skipaður réttargæzlumaður kærðu sé erlendis.

Ríkissaksóknara er kunnugt um þinghald þetta.

Kærða kveðst vilja taka til baka framburð sinn þess efnis að hún hafi skotið úr byssu á Geirfinn Einarsson.

Kærða kveðst hafa borið þetta vegna þess að hún hafi haldið að þar með væri málíð leyst og hún fengi sinn dóm. Kærða kveðst ekki hafa þorað að segja sannleikann.

Kærða óskar eftir að tekin verði af sér skýrsla þar sem hún kveðst nýlega hafa skrifað rannsóknarlöggreglumanni bréf þar sem sannleikurinn kemur fram.

Dómarinn ákveður að fela Sigurbirni Viði Eggertssyni rannsóknarlöggreglumanni að taka skýrslu af kærðu.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

Ár 1976 miðvikudaginn 1. september var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Frá því í janúar s.l. hefur staðið yfir umfangsmikil löggreglurannsókn vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar frá Keflavík.

Kristján Viðar Viðarsson, Erla Bolladóttir og Sævar Marinó Ciesielski báru í upphafi, að þau hefðu farið til Keflavíkur og þar niður í Dráttarbraut og hefði Geirfinnur Einarsson látið lífið umrætt kvöld. Framburður þeirra priggja, leiddi til þess, að fjórir menn sátu um tíma í gæzluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins, en framburðurinn hefur verið á sífelldu reiki síðan.

Hinn 4. maí s.l. var Erla Bolladóttir úrskurðuð í gæzluvarðhald vegna rannsóknar máls þessa, en hún hafði þá borið, að hún hefði hleypt af byssu á Geirfinn Einarsson. Gæzluvarðhaldið var síðan framlengt með úrskurði dómsins hinn 3. júlí s.l. Það rennur út í dag.

Erla Bolladóttir hefur í dag fyrir dómi tekið til baka framburð sinn um að hún hafi skotið á Geirfinn Einarsson.

Rannsókn máls þessa hefur tekið mjög langan tíma og verið mjög erfið, ekki sízt vegna hins reikula framburðar þeirra priggja um málsatvik. Er augljóst orðið, að þau hafa ekki enn sagt sannleikann um atburði umrætt kvöld í Dráttarbraut

Keflavíkur. Brýna nauðsyn ber til að samræmi náist í framburði þeirra þriggja þar sem við rannsókn máls þessa er ekki við annað að styðjast í fyrstu, en framburði.

Nauðsyn þykir því með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald kærðu Erlu Bolladóttur á meðan rannsókn málsins verður fram haldið.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Erlu Bolladóttur framlengist um allt að 90 dögum frá kl. 17.05 hinn 1. september 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærða kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærða vék frá kl. 15.40 og var farið með hana í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Vottar: Örn Höskuldsson.

Sigurbj. V. Eggertsson.

Eggert N. Bjarnason.

Ár 1976, þriðjudaginn 30. nóvember var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Dómpingið sækir Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.  
skipaður réttargæzlumaður Erlu Bolladóttur.

Kl. 16.10 kemur fyrir dóminn Erla Bolladóttir  
gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Kærðu er bent á að frá því í janúar 1976 og þar til  
nú hafi verið teknar af henni margar skýrslur um hvarf  
Geirfinns Einarssonar. Í skýrslum þessum hafi verið nefnd  
mörg nöfn manna sem áttu að hafa verið við málið riðnir.  
Kærða er spurð hvort hún sé tilbúin til þess að segja  
sannleikann. Kærða segir að síðasti framburður sinn sé  
sannleikur.

Kærða segir að Sævar hafi sagt henni að nefna nöfn  
Magnúsar Leopoldssonar, Sigurbjörns Eiríkssonar, Valdimars  
Olsen, Einars Bollasonar og fleiri til þess að leiða athyglina  
frá þeim sem raunverulega voru við málið riðnir.

Kærða segir að hún hafi líka skrokvað er hún sagði  
að Rolf Johannsen og Guðlaugur Bergmann væru við málið riðnir.  
Kærða kveðst hafa heyrt að þeir væru bendlaðir við eiturlyfja-  
smygl og auk þess hafi Sævar þekkt þá.

Kærða kveðst vera viss um að Guðjón Skarphéðinsson  
hafi verið staddur í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt kvöld.  
Kærða segir að í Land-Rover bílnum hafi verið Sævar og Kristján  
auk sín og bílstjórans sem hún kveðst ekki vita hver er.  
Kærða segir að Guðjón hafi farið til Keflavíkur í öðrum bíl.  
Kærða man eftir að hafa séð rauðan fólksbil í Dráttarbrautinni

umrætt kvöld og einnig stóran ljósan sendiferðabil.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

Ar 1976 þriðjudaginn 30. nóvember var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Frá því í janúar s.l. hefur staðið yfir umfangsmikil lögreglurannsókn vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar frá Keflavík. Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski og Erla Bolladóttir hafa borið að þau hafi farið til Keflavíkur umrætt sinn og verið viðstödd er Geirfinnur Einarsson létt lifið.

Síðan í janúar hefur rannsókn málss þessa verið mjög umfangsmikil og margar skýrslur teknar, þar á meðal af kærðu. Virðist ljóst, að þau þrjú er fyrr greinir auk Guðjóns Skarphéðinssonar hafi átt þátt í dauða Geirfinns Einarssonar. Að vísu hefur ekki komið fram að Erla hafi átt beinan þátt í átökum er leiddu til dauða Geirfinns. Þau Kristján Viðar, Sævar og Erla hafa öll orðið margsaga um atburðina og hefur enn ekki náðst nægjanlegt samræmi í framburði þeirra til þess að ætla megi að þeir séu réttir. Erla hefur skýrt svo frá fyrir domi í dag, að síðasti framburður hennar hjá rannsóknarlögreglu sé sannleikanum samkvæmt.

Rannsókn málss þessa er ekki enn lokið. Nauðsyn ber til, að rannsaka frekar, framburð Erlu og hinna þriggja

aðilanna áður en henni verður sleppt úr gæzluvarðhaldi.

Erla Bolladóttir er sökuð um þátttöku í broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og þykir því rétt með vísan til 1. og 4. tl. l. 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald Erlu Bolladóttur í þágu rannsóknar máls þessa.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Erlu Bolladóttur framlengist um allt að 30 daga frá kl. 17.05 hinn 30. nóvember 1976 að telja.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærða kveðst munu hafa samráð við réttargæzlumann sinn um kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærða vék frá kl. 16.50  
og var farið með hana í  
varðhaldið.

Dómpingi frestað.

Örn Höskuldsson.

Kl. 17.11 kemur á ný fyrir dóminn Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl.

Hann lýsir því yfir að gæzluvarðhaldsúrskurðurinn verði ekki kærður til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið staðfest.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert N.Bjarnason.

Sigurbj.V.Eggertsson.

Ar 1976 mánudaginn 6. desember var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er á dómþinginu Jón Oddsson hrl. skipaður réttargæzlumaður kærða Sævars Marinó Ciesielski.

Kl. 16.05 kemur fyrir dóminn kærði Sævar Marinó Ciesielski gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst nú ekki hafa farið til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974.

Kærði segir, að Guðjón Skarphéðinsson hafi greitt sér kr. 500.000 fyrir að nefna nöfn þeirra fjögurra manna, sem sátu í gæzluvarðhaldi í vetur og fleiri. Hafi kærði átt að fá kr. 500.000 til viðbótar er málinu væri lokið.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

Ar 1976 mánudaginn 6. desember var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var að Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Síðan í janúar hefur staðið yfir umfangsmikil rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar frá Keflavík.

Rökstuddur grunur um að þeir Sævar Marinó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Guðjón Skarphéðinsson hafi orðið honum að bana í Dráttarbraut Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974 og hafi Erla Bolladóttir verið þar viðstödd.

Rannsókn málss Þessa er ekki enn lokið og á meðal annars eftir að ná samræmi í framburði hinna fjögurra sökunauta og reyna síðan að sannreyna þá.

Hjá ríkissaksóknara er til meðferðar mál á hendur kærða vegna annars manndráps, þ.e. drápsins á Guðmundi Einarssyni, Hraunprýði, Blesugróf, og hefur það ekki hlotið afgreiðslu ríkissaksóknara enn. Rétt þykir með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. 1. 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald Sævars Marinó Ciesielski, þar til rannsókn er lokið á hvarfi Geirfinns Einarssonar og enn fremur þar til málsmeðferð vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar er lokið.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn með hliðsjón af þessu allt að 150 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald kærða Sævars Marinó Ciesielski fram-lengist um allt að 150 dögum frá kl. 17.27 hinn 6.desember 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst munu hafa samráð við réttargæzlumann sinn um kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 16.22 og var farið með hann í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert N.Bjarnason.

Sigurbj.V.Eggertsson.

Ar 1976 þriðjudaginn 14. desember var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 18.00 kemur fyrir dóminn Sigurður Óttar Hreinsson, iðnnemi, Asparteigi 2, Mosfellssveit, fæddur 25. mars 1956 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst hafa ekið sendiferðabifreiðinni R 40045 til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974 og þar niður í Dráttarbraut Keflavíkur.

Kærði kveðst hafa farið ferð þessa fyrir frænda sinn Kristján Viðar Viðarsson.

Kærði kveðst hafa beðið í um það bil 30 mínútur á staðnum eða þar til Kristján Viðar kom til hans og sagði að hann gæti farið.

Upplesið játað rétt bókað.

Dómarinn mun ákveða innan sólarhrings með  
visan til 66. gr. l. 74/1974 hvort kærði verði láttinn  
laus eða settur í gæzluvarðhald.

Upplesið staðfest.

Kærði vék frá kl. 18.10.

Dómþingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Sigurbj. V. Eggertsson.

Eggert N. Bjarnason.

Ar 1976, föstudaginn 17. desember var dómþing  
sakadóms Reykjavíkur háð í gömlu bæjarþingsstofunni  
í Hegningaráhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Erni Höskulds-  
syni fulltrúa.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 15.50 kemur fyrir dóminn kærði Kristján Viðar  
Viðarsson gæzlufangi.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

#### Úrskurður:

Ar 1976 föstudaginn 17. desember var á dómþingi  
sakadóms Reykjavíkur sem háð var í Borgartúni 7 af  
Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Síðan í janúar hefur staðið yfir umfangsmikil  
rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar frá Keflavík.  
Rökstuddur grunur er um að þeir Sævar Marinó Ciesielski,  
Kristján Viðar Viðarsson og Guðjón Skarphéðinsson hafi

orðið honum að bana í Dráttarbraut Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974 og hafi Erla Bolladóttir verið þar viðstödd. Rannsókn málss þessa er ekki enn lokið og á meðal annars eftir að ná samræmi í framburði hinna fjögurra sökunauta og reyna síðan að sannreyna þá.

Hinn 8. desember s.l. var gefin út ákæra á hendur öllum kærðu í máli þessu. Eru þeir Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar Leifsson ákærðir fyrir manndráp, Sævar Marinó fyrir brot á ávana- og fíkniefni, Tryggvi Rúnar fyrir nauðgun og brennu og Kristján Viðar fyrir þjófnaði og fleira. Ákæra þessi hefur enn ekki verið birt. Rétt þykir með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald Kristjáns Viðars Viðarssonar þar til rannsókn er lokið á hvarfi Geirfinns Einarssonar og ennfremur þar til málsméðferð vegna fyrrgreindrar ákæru er lokið.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn með hliðsjón af þessu allt að 150 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Kristjáns Viðars Viðarssonar framlengist um allt að 150 dögum frá kl. 19.29 hinn 17. desember 1976 að telja.

Órn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 16.00 og  
var farið með hann í varðhaldið.  
Dómpingi slitið.  
Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert N. Bjarnason.  
Sigurbj. V. Eggertsson.

Ár 1976 miðvikudaginn 22. desember var dómping  
sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28  
af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:  
Framangreint mál.

Kl. 14.00 kemur fyrir dóminn kærði Sævar Marinó  
Ciesielski.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn  
og er framburður hans í samræmi við skýrslu þá er tekin  
var af honum hjá rannsóknarlögreglu hinn 9. desember s.l.

Kærði telur að hann hafi heyrt talað um Geira í  
Keflavík hjá leigubílstjóra sem ók rauðum Mercedes Benz.

Kærði segir að áður en þau Erla fóru til Kaupmannahafnar  
hafi verið rætt um að blanda öðrum mönnum inn í málíð. Kærði  
segir að þau Kristján, Erla, Guðjón og hann sjálfur hafi  
rætt um hið sama síðar er þau komu frá Kaupmannahöfn. Segir  
kærði að þau hafi alveg fylgst með rannsókninni í blöðunum  
og spírasmygl hafði mikið verið rætt í blöðunum þá að  
undanförnu.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 14.50.

Dómpingi frestað.

Dómpingið er flutt að Borgartúni 7 og háð að nýju kl. 16.23.

Mættir eru á dómpinginu Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl. skipaður réttargæzlumaður kærðu Erlu Bolladóttur og Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari.

Þá kemur fyrir dóminn kærða Erla Bolladóttir.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærða skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og er framburður kærðu í samræmi við skýrslur þær er teknar voru af henni hjá rannsóknarlögreglu hinn 12. og 13. desember s.l.

Kærða segir að þau Guðjón, Kristján og Sævar hafi talað um að bendla aðra við málið áður en kærða fór til Kaupmannahafnar. Samtalið átti sér stað heima hjá Kristjáni Viðari.

Kærða segist ekki geta bent á stað þann sem lík Geirfinns var grafið á með nákvæmni en segir að það sé örugglega í Rauðhólum.

Upplesið játað rétt bókað.

Dómarinn tilkynnir kærðu að henni verði nú sleppt úr gæzluvarðhaldi.

Dómarinn leggur fyrir kærðu með vísan til 65. gr.

og 72. gr. l. 74/1974 að halda sig innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og sæta almennu löggreglueftirliti.

Upplesið staðfest.

Kærða vék frá kl. 17.19  
frjáls ferða sinna.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert N.Bjarnason.

Sigurbj.V.Eggertsson.

Ár 1977 þriðjudaginn 18.janúar var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er á dómpinginu Páll Arnór Pálsson hdl.  
skipaður réttargæzlumaður Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Kl. 15.54 kemur fyrir dóminn kærði Kristján Viðar Viðarsson gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og er framburður hans í samræmi við skýrslu þá sem tekin var af honum hjá rannsóknarlöggreglu hinn 14. janúar s.l.

Kærði segist hafa eitt sinn verið í Klúbbnum með Sævari Marinó. Sævar hafi beðið sig að ganga til manns og spyrja hann hvort hann vildi kaupa eða selja spíra. Kærði man ekki hvort heldur var. Kærði er ekki viss um hvort

maður þessi var Geirfinnur Einarsson. Kærði vissi ekki til þess að Sævar talaði við mann þennan enda skildu leiðir þeirra Sævars um stund.

Daginn eftir hringdi svo Sævar til kærða og bað hann að koma með sér til Keflavíkur. Kærði kveðst hafa spurt Sævar hvort hann ætlaði að stela spíra og svaraði Sævar þá játandi.

Sævar bað kærða einnig að útvega sendibíl. Hinn 19. nóvember komu svo Sævar Marinó, Guðjón Skarphéðinsson og Erla Bolladóttir niður á Laugaveg 32 og voru þá í blárrí Volkswagenbifreið. Sigurður Óttar, frændi Kristjáns, kom þá einnig á gulri sendiferðabifreið.

Sigurði Óttari var sagt að aka til Keflavíkur en þau hin komu á eftir í Volkswagenbifreiðinni. A leiðinni var rætt um að það yrði erfitt að eiga við einhvern.

Kærði segir að er til Keflavíkur kom hafi Sigurði Óttari verið sagt að aka í Dráttarbrautina og bíða þar, en þau hin héldu að Hafnarbúðinni og fóru þeir kærði og Sævar þar inn. Síðan var ekið að Dráttarbrautinni og bifreiðin stöðvuð ekki langt frá einhverri pípuverksmiðju og hljóp kærði niður í Dráttarbraut og til Sigurðar Óttars til þess að segja honum að bíða. Síðan var aftur ekið inn í Keflavík og stanzað við sjóppu þar sem Sævar ætlaði að hringja en hætti við þar sem þar var of margt fólk. Þá var aftur ekið að Hafnarbúðinni og þar fór kærði inn og hringdi til Geirfinns.

Að samtalinu loknu var beðið eftir Geirfinni og kom hann og settist inn í aftursæti bifreiðarinnar.

Síðan var ekið af stað áleiðis að Dráttarbrautinni og á leiðinni upphófust deilur. Kærði man að Sævar var að ota peningum að Geirfinni en Geirfinnur vildi ekki taka við þeim. Kærði kveðst ekki hafa skipt sér af samræðum fyrr en Geirfinnur hafði tekið við peningunum og kastað þeim á gólf i bílnum.

Er í Dráttarbrautina kom stigu þeir út úr bifreiðinni og rifrildið hélt áfram. Síðan ætlaði Geirfinnur að ganga burtu en kærði stóð þá í vegi. Segir kærði að Guðjón hafi þá sagt að þeir skyldu taka hann í gegn. Geirfinnur hrinti kærða frá en kærði sló hann þá. Sævar sló hann líka en Geirfinnur hrinti Sævari nokkra metra í burtu. Þá var Geirfinnur gripinn hálstaki. Kærði segist ekki geta gert sér grein fyrir því hvort það var hann sjálfur eða Guðjón sem greip hann hálstakinu en kveðst halda að annar hvor hafi tekið við af hinum. Kærði segir að Sævar hafi slegið Geirfinn 2-3 högg framan á fótleggina með spýtu og síðan hafi kærði slegið Geirfinn á brjóst með sömu spýtu eitt þungt högg og fél Geirfinnur þá við. Kærði sló hann þá tvívar í brjóstið og einu sinni í höfuðið en það högg var létt þar sem kærði sló með annarri hendi mjög laust.

Er hér var komið sögu fór kærði til Sigurðar Óttars og sagði honum að fara. Aður hafði Sævar sagt Erlu að fara. Kærði segir að síðan hafi þeir farið að huga að Geirfinni. Kærði kveðst áður en hann fór til Sigurðar Óttars

hafa tekið á púls Geirfinns en ekki fundið neitt og  
beðið Sævar að athuga málið. Er kærði kom til baka  
sagði Sævar að Geirfinnur væri láttinn.

Þeir félagar tóku síðan Geirfinn og settu hann  
í aftursæti bifreiðarinnar og vöfðu einhverju um höfuð  
hans.

A leiðinni til Reykjavíkur var rætt um hvað gera skyldi  
við líkið en niðurstaða fékkst engin. Varð úr að farið var  
með lík Geirfinns í kjallara heima hjá kærða að Grettisgötu  
82. Þar var líkið vafið innan í dúk og sett í geymslu-  
herbergi.

Næsta fimmtudag fóru þau Sævar, Erla og kærði með  
líkið upp í Rauðhóla þar sem þau grófu gryfju og settu líkið  
í hana og helltu benzíni yfir og kveiktu í. Síðan var mokað  
yfir. Kærði segir að upp hafi gosið mikill óþefur er eldurinn  
logaði.

Kærði les nú skýrslu þá sem tekin var af honum hjá  
rannsóknarlöggreglu hinn 14. janúar s.l.

Kærði kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni og  
staðfestir undirskrift sína.

Kærði kveðst vilja leiðréttta eftirfarandi: Þeir  
hafi ekki notað nema ca. 1 lítra af benzíni er þeir kveiktu  
í líkinu. Þá óskar kærði að taka fram, að hann hafi verið  
undir áhrifum lyfja í Keflavík umrætt sinn og ekki getað  
fundið út sjálfur hvort Geirfinnur var lífs eða liðinn i  
Dráttarbrautinni er átökin voru um garð gengin.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 17.30

og var farið með hann í  
varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Sigurbj. V. Eggertsson.

Eggert N. Bjarnason.

Ár 1977 mánudaginn 31. janúar var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er á dómpinginu Benedikt Blöndal hrl. skipaður réttargæzlumaður kærða Guðjóns Skarphéðinssonar.

Kl. 16.45 kemur fyrir dóminn kærði Guðjón Skarphéðinsson gæzlufangi, Rauðarárstíg 32 hér í borg, fæddur 19. júní 1943 að Marðarnúpi, A-Húnavatnssýslu.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og er framburður hans í samræmi við skýrslu hans sem tekin var hjá rannsóknarlöggreglu hinn 25. janúar s.l.

Kærði kveðst hafa farið hinn 19. nóvember 1974 með Sævari Marinó Ciesielski, Erlu Bolladóttur og Kristjáni Viðari Viðarssyni til Keflavíkur. Lagt var upp frá Vatnsstíg og ekið að Fitjanesti. Þaðan að götuhorni nálægt Hafnarbúðinni. Þaðan var ekið að Pípu gerð Suðurnesja og þar fóru tveir farþegar út úr bifreiðinni en komu svo aftur og var þá ekið inn í bæinn

aftur. Við Hafnarbúðina kom einn maður í viðbót í bifreiðina. Var nú ekið aftur áleiðis að Dráttarbraut Keflavíkur. A leiðinni ræddu þeir Sævar og komumaður saman. Þeir deildu eitthvað á leiðinni og Sævar bauð honum peninga.

Er í Dráttarbrautina var komið fóru þeir allir út úr bifreiðinni. Þar hófust átök. Kærði kveðst ekki muna hvernig átökin hófust. Kærði kveðst einu sinni hafa tekiðmanninn hálstaki.

Kærði telur sig hafa séð Sævar og Kristján vera með lík mannsins í kjallara heima hjá Kristjáni Viðari að Grettis-götu 82.

Kærði les nú yfir skýrslu þá sem tekin var af honum hjá rannsóknarlögreglu hinn 25. janúar s.l.

Kærði kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni, og staðfestir undirskrift sína.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

#### ú r s k u r ð u r:

Ár 1977 mánudaginn 31. janúar var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson frá Keflavík og hefur hann ekki sést síðan.

Kærði, Guðjón Skarphéðinsson, hefur fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa farið ásamt þeim Sævari Marinó Ciesielski, Kristjáni Viðari Viðarssyni og

Erlu Bolladóttur hinn 19. nóvember 1974 til Keflavíkur.

Þar hittu þau mann, sem kærði dregur ekki í efa að hafi verið Geirfinnur Einarsson. Hafa þau öll borið að Geirfinnur hafi látið lífið í átökum við þá Kristján Viðar, Sævar Marinó og kærða í Dráttarbraut Keflavíkur þetta kvöld.

Kærði Guðjón er sakaður um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Kærði var hinn 13. nóvember 1976 úrskurðaður í 18 daga gæzluvarðhald sem síðan var framlengt um allt að 60 dögum með úrskurði dómsins. Gæzluvarðhald kærða rennur út í nött kl. 02.00.

Hinn 8. desember var gefin út ákæra á hendur kærða fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Ekki hefur verið kveðinn upp dómur í því máli.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið. Geðrannsókn á kærða er eigi heldur lokið.

Nauðsyn þykir því bera til með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. l. 74/1974 að úrskurða kærða Guðjón Skarphéðinsson áfram í gæzluvarðhald á meðan rannsókn og málsméðferð í málum hans verður lokið.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 100 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald kærða, Guðjóns Skarphéðinssonar framlengist um allt að 100 dögum frá kl. 02.00 hinn 1. febrúar 1977.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst munu hafa samráð við réttargæzlumann sinn um käru á úrskurði þessum til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 17.25 og var farið með hann í varðhaldið.

Dómþingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert N. Bjarnason.

Sigurbj. V. Eggertsson.

Rétt endurrit staðfestir:

Skrifstofu sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1977.



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Eggertsson".

Nr. IV, Lagt fram í sakadómi  
Reykjavíkur 28.4.77.

*G/B*- 132

E N D U R R I T

úr

S A K A D Ó M S B Ó K    R E Y K J A V Í K U R

---ooo000ooo---

Ár 1976, föstudaginn 12. nóvember, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Birgi Þormar.

Fyrir er tekið:

Rannsókn vegna hvarfs

Geirfinns Einarssonar.

Í dóminum liggur frammi mappa merkt SPOR GUÐJÓN SKARP.

Í möppu þessari eru öll skjöl er varða hugsanlegan þátt Guðjóns Skarphéðinssonar í hvarfi Geirfinns Einarssonar.

Dómarinn tekur fram, að hann fékk upplýsingar um mál petta um kl. 19.00 í dag. Ofangreind skjöl fékk hann afhent kl. 19.30. Fram til þess tíma hafði hann ekki lesið neitt af skjölunum í hinu svonefnda Geirfinnsmáli.

Kl. 23.30 er færður í dóminn Guðjón Skarphéðinsson, nemi, til heimilis að Rauðarárstíg 32, fæddur 19/6 1943 í Vatnsdal.

Kærða er kynnt tilefni yfirheyrlunnar og gætt er ákv.

2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Kærði kveðst fyrst hafa haft afskipti af Sævari Ciesielski þegar hann var kennari hans. Hann telur, að það hafi verið veturinn 1969-1970. 2-3 árum síðar hitti hann Sævar hjá bróður konu sinnar. Eftir það hittust þeir af og til. Hann kveðst hafa lánað Sævari peninga og einnig hafa skrifað upp á víxil fyrir hann. Hann segir, að það hafi ekki verið hann, sem sóttist eftir félagsskap við Sævar og það hafi verið Sævar, sem átti frumkvæðið að því að þeir fóru saman í veiðiferðirnar tvær.

Hann kannast við, að Sævar Ciesielski hafi nokkrum sinnum komið til sín í skrifstofu Menningarsjóðs vorið 1975. Hann segir, að stundum hafi hann átt erindi, eins og það að fá skrifað fyrir sig bréf, en stundum hafi Sævar ekki átt neitt erindi. Hann kannast ekki við, að hann hafi viðhaft þau ummæli um Sævar á skrifstofu Menningarsjóðs, að hann væri þjófur, falsari, smyglari, eiturlyfjasali og manndrápari.

Hann man, að Sævar hafði orð á því, sennilega um mánaðarmótin júlí/ágúst 1974, að auðvelt væri að svíkja fé út úr Pósti og síma. Sævar bauð kærða að taka þátt í slíkum svikum með sér. Kærði tók því viðsfjarri. Eftir að póstsvikamálið komst í hámaði spurði hann Sævar hvort hann ætti

bátt í því, en Sævar neitaði. Kærði er nú spurður að því hvort hann hafi látið Sævar hafa myndir af sér. Hann minnir að Sævar hafi einhvern tíma tekið af sér andlitsmyndir. Hann man ekki í hvaða tilgangi þetta var gert, en telur e.t.v. að Sævar hafi gert þetta að gamni sínu.

Kærði er nú spurður hvort Sævar hafi oft heimsótt hann á Rauðalæk. Kærði man eftir því að hann kom þangað í ágúst 1974 og vildi þá sýna honum segulbandstæki. Kærði segir að verið geti að Sævar hafi komið þangað oftar.

Kærði kannast við það, að Sævar hafi komið til sín á Ásvallagötu til að sýna sér Land Rover, sem hann hafði keypt. Hann man að Erla var þá með honum. Hann kveðst ekki hafa hitt Sævar í 6 mánuði eftir að hann sýndi honum bílinn. Hann minnist þess ekki að hafa hitt Sævar mánuðina júlí - október 1974 á Mokka, en segir, að vera kunni að hann hafi hitt Sævar þar í júní.

Hann er nú spurður að því, hvenær hann hafi hitt Erlu Bolladóttur fyrst. Hann minnir, að það hafi verið í júnílok 1974. Hann minnir, að það hafi verið í herbergi, sem hún hafði á leigu í kjallara í Alfheimum. Hann er nú spurður að því, hvort hann hafi hitt hana að Lambhóli v/ Starhaga 1973. Hann segir það vera mögulegt, og þá seint um haustið. Hann segir að ef svo hafi verið, þá hafi honum ekki verið sagt nafn hennar.

Hann kannast ekki við að hafa skrifað nafn Kjartans Sveinssonar á víxil fyrir Sævar, en hann minnist þess að Sævar bað hann um að skrifa nafn Kjartans á víxil fyrir sig,

en kærði hafnaði þessari beiðni. Kærði kannast ekki við að þeir Sævar hafi tekið lán hjá sama aðila. Hins vegar segir hann, að Sævar hafi haft milligöngu um það, að hann fékk lán hjá Theódóri Georgssyni árið 1975. Upphæðin var kr. 400.000. Kærði segir, að lánið hafi verið víxillán til 5 mánaða með  $1\frac{1}{2}$  eða  $2\frac{1}{2}\%$  vöxtum á mánuði. Hann segir, að Theódór hafi fengið lánið greitt, en kveðst skulda um það bil 200.000 kr. sjálfur, manni, sem hann vill ekki gefa upp nafnið á.

Hann fór út með ferjunni Smyrli ásamt konu og barni í ágúst 1975. Hann segir það ekki vera sitt mál, ef Sævar hafi einnig verið með skipinu, en segir að hann hafi ekki verið á sínum vegum. Hann kveðst hafa fjármagnað ferðina með ofangreindu láni. Hann segir að Sævar hafi skilið við þau í Gautaborg. Hann man ekki eftir því að hann hafi skrifað Sævari bréf til Íslands, en segir þó að verið geti að hann hafi sent bréflappa til hans til Kaupmannahafnar, post restante. Kærði man það, að þegar hann var í Suður-Frakklandi í byrjun nóvember 1975 fékk hann símskeyti frá Sævari, þar sem hann bað hann að hringja strax. Sævar sagðist eiga erindi til Luxemborgar. Hann spurði kærða, hvort hann væri ekki að koma heim og hvort þeir gætu ekki hitst í Luxemborg. Kærði og Sævar töluðu um það, að svo gæti farið að þeir hittust í Luxemborg, en kærði gerði Sævari ljóst að hann yrði þar aðeins í tiltekinn tíma. Kærði er nú spurður, hvort hann hafi hringt oftar en einu sinni til Sævars í nóvember frá útlöndum. Hann kveðst hafa

hringt einu sinni frá S-Frakklandi og einu sinni eða tvisvar frá Luxemborg. Hann kveðst hafa hringt til Sævars frá Luxemborg til að vita hvort hann hefði verið að ljúga eða ekki. Hann man, að þegar Sævar kom til Luxemborgar hafi verið með honum piltur, sem Sævar kvaðst hafa hitt í flugvélinni. Kærða skildist á tali þeirra að þeir ætluðu til Niðurlanda, til að fá kvíkmyndasambönd og einnig til að kaupa hass. Kærði kveðst ekki hafa átt peninga og því ekki verið þáttakandi í hasskaupum. Kærði og Sævar urðu samferða í flugvél frá Amsterdam til Íslands.

Hann er nú spurður um það hvernig hann hafi vitað að Sævar hefði komið á skrifstofu Klúbbsins að Skálholtsstíg 2. Hann kveðst hafa þetta eftir Erlu Bolladóttur, er sagði kærða í janúar 1976 að Sævar hefði oft átt erindi á skrifstofu Klúbbsins, en hún hefði aldrei fengið að fara með honum þar inn.

Um pólska 1975 keypti hann bíl á 200.000 kr. Hann er nú spurður, hvernig hann hafi getað fjármagnað bílakaupin og utanlandsferðina. Hann vísar í tekjur á skattframtali sínu. Auk þess kveðst hann hafa fengið 400.000 kr. frá lánasjóði ísl. námsmanna og lán það, sem áður hefur verið greint frá.

Hann minnist þess ekki að hann hafi tekið hliðarbretti af Citroen bifreið skömmu fyrir utanlandsferðina 1975 í viðurvist Sævars. Hann minnist þess að Englendingur, Peter Benderey, sem bjó hjá honum um tíma sumarið 1975, bauðst til að gera við hurð á bílnum. Minnir kærða að

Peter hafi verið við þá iðju ásamt kærða við hús Menningarsjóðs.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Guðjón Skarphéðinsson.

Vék frá kl. 01.30.

Var nú í dóminum kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Ár 1976, laugardaginn 13. nóvember var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28, kveðinn upp úrskurður þessi:

Erla Bolladóttir, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar M. Ciesielski, sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar, hafa staðhæft í yfirheyrlum hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík, að Guðjón Skarphéðinsson, f. 19/6 1943, hafi átt þátt í dauða Geirfinns.

Samkvæmt frásögn þessa fólks, var Geirfinnur veginn í Dráttarbraut Keflavíkur að kvöldi 19/11 1974. Að sögn Erlu ræddu þeir Sævar og Kristján báðir við Guðjón áður en þeir fóru til Keflavíkur að kvöldi 19/11 1974. Kristján Viðar og Sævar fullyrða báðir, að Guðjón hafi veitt Geirfinni áverka í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt kvöld.

Sævar heldur því fram, að hann, Kristján Viðar og Guðjón hafi dysjað lík Geirfinns í Grafningnum 23/11 1974. Kristján Viðar hefur ekki staðfest þessa sögu. Sævar fullyrðir einnig, að hann og Guðjón hafi vorið 1975 farið í Grafninginn í þeim tilgangi að búa betur um lík Geirfinns.

Guðjón Skarphéðinsson neitar því eindregið að vera

á nokkurn hátt viðriðinn hvarf Geirfinns Einarssonar. Hann viðurkennir, að hann hafi þekkt Sævar og segist hafa haft stopul samskipti við hann. Hann kveðst ekki hafa talið hann vera vin sinn.

Eftirfarandi atriði gefa tilefni til nánari rannsóknar á sambandi Sævars og Guðjóns:

1. Árið 1975 urðu þau Erla og Sævar upp-vís að því að svíkja stórfé út úr Pósti og síma. Erla fullyrðir, og kveðst hafa það eftir Sævari, að Guðjón hafi árið 1974 gengist inn á að taka þátt í því að svíkja fé út úr Pósti og síma. Hún segir einnig í þessu sambandi, að Sævar hafi eitt sinn haustið 1974 komið heim með tvær andlitsmyndir af Guðjóni og hafi átt að setja myndirnar í skilríki annars manns.

Eftir frásögn Erlu hætti Guðjón við að taka þátt í svikunum, því hann taldi það of áhættusamt. Að sögn Guðjóns bauð Sævar honum sumarið 1974 að taka þátt í að svíkja út fé hjá Pósti og síma. Guðjón kveðst hafa tekið þessu víðsfjarri. Guðjón segir sig ráma í, að Sævar hafi tekið af sér andlitsmyndir. Hann man ekki í hvaða tilgangi Sævar gerði þetta, en telur að hann hafi gert það sér til gamans.

2. Eins og áður greinir, kveðst Sævar hafa farið með Guðjóni í Grafninginn vorið 1975. Hann segir að í þessari ferð hafi þeir ekið að Selfossi, og þar hafi Guðjón beðið sig um að brjótast inn í apótek og stela þar lyfjum. Hann kveðst hafa gert misheppnaða innbrotstilraun þar. Guðjón kannast við að hafa ekið Sævari að Selfossi vorið 1975. Hann segir Sævar hafa haft orð á því, að hann ætlaði

að brjótast inn í apótek og hafi hann farið úr bifreiðinni í því skyni, en komið nokkru síðar til baka og þá sagst vera hættur við innbrotið. Guðjón kveðst ekki hafa tekið petta innbrotstal Sævars alvarlega.

3. Guðjón vann hjá Menningarsjóði frá 1. október 1974 til 20. ágúst 1975. Framkvæmdastjóri Menningarsjóðs skýrir svo frá, að sumarið 1975 hafi Sævar oft komið á skrifstofuna og talað lengi við Guðjón. Eitt sinn benti Guðjón á Sævar og sagði hann vera þjóf, eiturlyfjasala, smyglara, falsara og manndrápari. Framkvæmdastjórinn tók þessu sem gríni. Hann segir að sumarið 1975 hafi ástand Guðjóns oft verið líkast því, að hann væri geðveikur. Stundum talaði hann um að flytja inn mikið magn af eiturlyfjum til að græða á því.

4. Í ágúst 1975 fór Guðjón til útlanda með ferjunnin Smyrli. Hann hafði bifreið sína með. Sævar var samskipa honum. Leiðir þeirra skildu í Gautaborg og fór Sævar fljótlega eftir það til Íslands. Upplýst er, að Guðjón hringdi tvisvar eða þrisvar til Sævars frá meginlandi Evrópu eftir að Sævar kom heim. Einnig er upplýst, að þeir hittust í Luxemborg þetta haust. Þegar bifreið Guðjóns var flutt til Íslands nokkru síðar fannst í henni mikið magn af fíkniefnum.

Verulegs ósamræmis gætir í framburði þeirra Erlu, Kristjáns Viðars og Sævars um ætlaðan þátt Guðjóns í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Framburðir þeirra um önnur atriði Geirfinnsmálsins hefur verið tortryggilegur og á reiki.

A hitt ber að líta, að sakargiftirnar á hendur Guðjóni eru mjög alvarlegar og að samband hans við Sævar virðist hafa verið þess eðlis, að það gefi tilefni til ítarlegrar rannsóknar. Þykir ekki rétt, að Guðjón hafi tækifæri til að hafa samband við vitni og hugsanlega samseka á meðan sú rannsókn fer fram. Ber því með tilvísun til l. tl. l. mgr. 67. gr. l. nr. 74, 1974 að úrskurða að hann skuli sæta gæsluvarðhaldi, enda eru ákvæði stjórnarskráinnar því ekki til fyrirstöðu, þar sem hann er sakaður um háttsemi, sem myndi varða hann fangelsisrefsingu.

Akveðst tíminn allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Guðjón Skarphéðinsson skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 daga.

Birgir Þormar.

Kl. 02.00 er úrskurðarorðið lesið í heyranda hljóði í dóminum að kærða viðstöddum. Kærði óskar að fá Harald Blöndal, cand.jur. skipaðan verjanda. Hann óskar eftir að fá frest til að taka ákvörðun um kæru.

Um kl. 09.00 í dag, laugardaginn 13. nóvember 1976, hafði dómarinn samband við Harald Blöndal, cand.jur., og tjáði honum að hann væri skipaður verjandi Guðjóns Skarphéðinssonar. Um kl. 19.00 var dómarinn viðstaddur samtal Guðjóns og verjanda hans. Lýsti verjandinn því þá yfir f.h. Guðjóns, að hann óskaði að kæra úrskurðinn til Hæsta-

réttar Íslands.

Sakadómi slitið.

Birgir Þormar.

Vottar:

Sigurbj. V. Eggertsson.

Vald. Árm. Sigurðsson.

Ár 1976, mánudaginn 15. nóvember, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Birgi Þormar.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Kl. 13.37 mætir í dóminum sem vitni, Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Menningarsjóðs, Auðbrekku 31, Kópavogi, fæddur 23/8 1946 í Kjósarsýslu.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldu.

Eftir lögmæltan undirbúning vinnur vitnið eið að framburði sínum.

Vitnið réðst til starfa sem framkvæmdastjóri Menningar. sjóðs 1. maí 1975, en þá hafði Guðjón Skarphéðinsson, verið starfsmaður þar frá haustinu 1974. Vitnið hefur þekkt Guðjón frá bernsku, en þá bjuggu foreldrar þeirra í sama húsi við Lönguhlíð. Í bernsku kynntist vitnið systkinum Guðjóns betur en honum, enda er 3 ára aldursmunur á vitninu og Guðjóni og auk þess var Guðjón mikið hjá afa sínum úti á landi.

Vitnið og Guðjón urðu stúdentar sama ár, Guðjón frá MA og vitnið frá MR. Um það leyti, sem þeir urðu stúdentar, áttu þeir sameiginlega vini og kynni þeirra urðu allnáin.

Eftir stúdentspróf stunduðu þeir báðir nám í Háskóla Íslands. Haustmisserið 1966, að því er vitnið minnir, sóttu þeir báðir tíma í íslensku og sögu. Að þeim tíma var verulegur samgangur á milli þeirra og góður kunningsskapur. Vitnið telur sennilegt, að Guðjón hafi verið tvo vetur í Háskólanum. Eftir það hóf hann kennslu í skóla að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Vitnið kom heim frá framhaldsnámi og kennslu árið 1972. Það ár eða árið eftir frétti vitnið, að Guðjón hefði hætt kennslu til þess að fara til náms. Hann fékk styrk til grænlenskunáms við Hafnarháskóla og var þar vetrarlangt að því er vitnið telur. Vitnið telur líklegt, að hann hafi eitthvað verið við háskólanám eftir að hann kom heim, en ráðist í fullt starf hjá Menningarsjóði 1974.

Vitnið er beðið að lýsa skaphöfn Guðjóns. Vitnið segir, að hann sé greindur eins og hann á ætt til, en sér-vitur og striðinn og gangist upp í ólíkindalátum. Hann er mikið gefinn fyrir hótfyndni og orðaleiki. Vitnið telur, að áhrif frá foreldrunum og heimilisbragur hafi mjög stuðlað að því að þessi einkenni eru rík í fari Guðjóns. Hann hefur eða lætur sem hann hafi mjög ríka ættarkennd. Hann átti það til að segja við menn í niðrandi merkingu að þeir væru ættlausir. Vitnið er ekki öruggt um, að alvara hafi legið á bak við þetta. Annað einkenni í fari Guðjóns var kæruleysi, sem m.a. kom fram í námi en samt tók hann góð próf, þegar honum sýndist. Vitnið segir, að hann hafi verið og sé skemmtilegur og góður félagi.

Að því er vitnið best veit, var ekkert hægt að finna að störfum Guðjóns, þegar hann var kennari. Vitnið hitti Guðjón af og til veturninn 1974-1975, en tók ekki eftir neinu sérstöku í fari hans.

Hinn 1. maí 1975 tók vitnið við starfi framkvæmdastjóra Menningarsjóðs. Vitnið segir, að Guðjón hafi mætt mjög illa til starfa og að hann hafi ekki náð tökum á því verki, sem hann átti að vinna. Vitnið segir, að mætingar hjá Guðjóni hafi versnað mjög eftir því sem leið á sumarið og þegar honum var sagt upp starfi 20. ágúst eftir að hafa fengið aðvaranir, var hann hættur að mæta til vinnu, nema ef til vill í kaffi og mat. Vitnið frétti, að Guðjón hefði fljótlega haft óeðli-legar fjarvistir og að það hefði farið versnandi, er leið á veturninn 1974-1975. Eftir að vitnið hafði unnið hjá Menningarsjóði í 1 til  $1\frac{1}{2}$  mánuð ályktaði það, að Guðjón væri í sálarkreppu. Til þess taldi vitnið vera margar ástæður. Guðjón náði ekki tökum á starfi sínu, þótt hann hefði gengið á námskeið í bókfærslu, hjónaband hans var í upplausn, kona hans hringdi oft í hann á skrifstofuna honum og öðrum til angurs og kom þangað stundum. Vitnið telur sig vita, að konan var og hafði verið taugaveikluð. Vitnið telur einnig, að sukk hafi verið í einkalífi hans og óregla. Faðir Guðjóns hafði skömmu áður dáið á voveiflegan hátt og dóttir Guðjóns hafði stórslasast í sama atburði. Móðir Guðjóns var mjög illa á sig komin vegna þessa atburðar. Að þessum tíma var bróðir hans mjög illa á sig kominn og hafði verið nánast í ræsinu. Að þessum tíma hafði Guðjón að nafninu til

verið að fást við nám, en var dottinn út úr því. Framkoma Guðjóns á þessum tíma einkenndist af kæruleysi meira en nokkru sinni fyrr og ábyrgðarleysi. Honum virtist standa á sama um allt, nánast verið búinn að gefast upp. Hann hafði orð á því, að ástandið hér á landi væri vonlaust og að hann vildi fara á brott og koma ekki aftur. Einhvern tíma sagði Guðjón eitthvað á þessa leið: "Þetta er vonlaust hér, þetta er ekkert þjóðfélag. Glæpamennirnir eru þeir einu, sem eitthvað fá og þeir stóru sleppa, en þeir litlu eru teknir. Það eina sem vit er í, er að flytja inn fíkniefni og græða á því". Vitnið tók þetta tal ekki alvarlega, taldi það aðeins bera vott um almenna óánægju. Guðjón var í fjárhagskröggum á þessum tíma. Hann varð að selja íbúð vegna skilnaðar og skuldaði skatta frá fyrri tíma. Sumarið 1975 skrifaði vitnið upp á ca. 50 þúsund króna víxil fyrir Guðjón. Guðjón greiddi ekki víxilinn á gjalddaga. Hann féll á vitnið. Eftir mikla eftirgangsmuni greiddi Guðjón víxilinn rétt áður en hann fór til útlanda. Vitninu skildist á Guðjóni í sambandi við utanlandsferð hans, að Guðjón ætlaði framvegis að lifa og starfa erlendis. Vitnið var nokkuð undrandi á því, að Guðrún Egisdóttir, sem Guðjón var þá skilinn við skyldi verða samferða honum úr landi með ferjunni Smyrli. Vitninu skildist á Guðjóni, að þetta væri tilraun til að þau gætu skilið sem þokkalegir vinir og einnig gerði hann þetta vegna barns þeirra.

Guðjóni var sagt upp störfum hjá Menningarsjóði 20. ágúst 1975, en rétt á eftir fór hann úr landi. Um það bil

einum og hálfum mánuði áður fór maður, sem vitnið bekkti þá ekki að venja komur sínar á skrifstofu Menningarsjóðs og spyrja eftir Guðjóni. Hann spurði eftir Guðjóni með nokkru þjósti, þegar Guðjón var ekki við. Komur þessa manns urðu tíðari eftir því sem tími utanferðarinnar nálgæðist. Einhverju sinni spurði vitnið Guðjón um manninn. Guðjón sagði hann heita Sævar Ciesielski. Hann hefði verið nemandi sinn fyrir vestan og verið þar hálf umkomulaus og að hann, Guðjón, hafi haldið hlífiskildi yfir honum og vorkennt honum. Sævar gaf sig ekki á tal við aðra hjá Menningarsjóði en Guðjón. Hann beið stundum eftir honum þar, en talaði þá ekki við fólk. Hann hafði gjarnan skjalatösku meðferðis, og var valdsmannslegur í fasi, einkanlega þegar hann spurði um Guðjón. Vitnið fregnaði snemma eftir að þessi maður fór að venja komur sínar til Menningarsjóðs, sennilega hjá Guðjóni, að Sævar og Guðjón ætluðu að verða samferða til útlanda. Einhverju sinni, þegar vitnið var í kaffi ásamt Sævari, Guðjóni og fleirum, m.a. Ásdísi Halldórsdóttur, beindi vitnið orðum til Sævars. Guðjón sagði þá eitthvað á þessa leið, upp í opið geðið á Sævari: "Passaðu þig á þessum manni, þetta er ættlaust kvikindi, morðingi, skepna, smyglari, lygari og fjárfkúgarí". Guðjón sagði þetta í hálfkæringi. Sævar létt orðbragðið ekkert á sig fá. Guðjón var vanur að viðhafa orð af þessu tagi við menn og einkanlega kunningja sína. Vitnið minnist þess að hafa heyrt Guðjón segja í mestu vinsemd við skólafélaga: "Best gæti ég trúð, að þú værir morðingi". Það kom þó vitnið á óvart að vera kynnt fyrir

manninum formálalaust með þessum orðum. Af þessu dró vitnið þá ályktun, að Guðjón og Sævar væru góðir kunningjar og gott væri á milli þeirra. Vitnин er ekkert minnisstætt úr samtölum þeirra Guðjóns og Sævars, en segir, að þau hafi ekki verið í pukri. Í viku til hálfan mánuð áður en Guðjón fór af landinu stóð bifreið hans fyrir utan skrifstofur Menningarsjóðs. Guðjón var að gera við bifreið sína í vinnutímanum, en sinnti ekkert störfum sínum. Vitnið segir, að enskumælandi hippi, hugsanlega Ástralíumaður hafi unnið með Guðjóni við bílinn. Sá maður virtist hafa vit á bíla-viðgerðum. Vitnið segir, að mest hafi verið unnið við motorinn. Vitnið man, að brettin voru tekin af bílum. Það telur, að ekki sé hægt að taka hjól af þessari tegund bíla nema taka brettin af. Vitnið gekk út frá því sem vísu, að verið væri að lagfæra bílinn fyrir fyrirhugaða utanlandsferð. Um þetta sama leyti heimsótti Sævar Guðjón í kaffistofuna, en var ekki við bílaviðgerðina.

Vitnið óskar að taka það fram vegna ummæla í rannsóknarlöggregluskyrslu, að ekki hafi neitt komið fram um misferli í starfi af hálfu Guðjóns.

Upplesið, staðfest.

Jón Sigurðsson.

Haraldur Blöndal kom til þinghaldsins um kl. 14.30.

Haraldur Blöndal.

Sakadómi slitið.

Birgir Þormar.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Hjörðís Þorsteinsdóttir.

Ár 1976, þriðjudaginn 16. nóvember, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Birgi Þormar.

Fyrir er tekið:

Rannsókn vegna hvarfs  
Geirfinns Einarssonar.

Kl. 15.05 mætir í dóminum sem vitni, Ásdís Gígja Halldórsdóttir, skrifstofumaður, Vesturgötu 6, Keflavík, fædd 21/8 1957 í Reykjavík.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldunni.

Eftir lögmæltan undirbúning vinnur vitnið eið að væntanlegum framburði sínum.

Vitnið hóf störf hjá Menningarsjóði 21/8 1974. Vitnið minnir, að Guðjón hafi hafið þar störf í september til október sama ár. Vitnið taldi hann vera furðulegan í framkomu. Það segir, að fólk hafi ekki vitað, hvernig það átti að taka hann. Hann sagði hluti, sem taka mátti á tvenna vegu, en brá aldrei svip.

Vitnið vann í herbergi við hliðina á því herbergi, sem Guðjón vann í og var opið á milli. Fljótlega fór að bera á fjarvistum hjá Guðjóni og ágerðist það, er á leið. Hann kom þá gjarna í mat og kaffi, en að því kom eftir nokkurn tíma, að hann sást stundum ekki í 3-5 daga. Vitnið minnist þess ekki, að í nóvember 1974 hafi liðið þannig 1-2 heilir dagar, án þess að Guðjón léti heyra frá sér. Vitnið segir, að mjög mikið sé að gera hjá Menningarsjóði í nóvember. Vitnið lofar að kanna, hvort til sé afrit af kvittunum með undirskrift Guðjóns frá 21. og 22. nóvember 1974. Vitnið

ætlar einnig að kanna hvort Guðjón hafi sent frá sér bréf með sömu dagsetningu. Vitnið tekur fram, að dagsetning á bréfum segi aðeins, hvenær það sé vélritað, en ekki, hvenær uppkast að því sé gert eða það undirritað.

Vitnið man, að Sævar Ciecielski kom oft til Guðjóns sumarið 1975. Vitnið segir, að hann hafi verið fámáll og rólegur í framkomu. Vitnið segir, að Sævar hafi talað við Guðjón inni á skrifstofu Guðjóns og veit það ekki, hvað þeim fór á milli. Vitnið segir, að Sævar hafi einu sinni til tvisvar, jafnvel oftar drukkið kaffi með starfsfólkini. Eitt sinn kynnti Guðjón Sævar fyrir vitninu og Jóni Sigurðssyni og lýsti Sævari þá með orðum í þá veru, að hann væri morðingi, glæpamaður, smyglari og eiturlyfjasali. Engin svipbrigði sáust á Sævari, þegar þessi orð voru notuð. Þetta orðbragð kom vitninu ekkert á óvart. Það tók þessu sem gríni og taldi, að við öllu mætti búast frá Guðjóni.

Vitnið er nú spurt, hvenær það hafi fyrst séð Sævar. Það getur ekkert fullyrt um það. Það segist hafa veitt honum athygli sumarið 1975 vegna þess, hversu oft hann kom, en annars segir vitnið, að alls konar skríll og furðulegir menn hafi vanið komur sínar til Guðjóns. Í u.p.b. viku áður en Guðjón fór af landi brott var bifreið hans í innkeyrslu að húsi Menningarsjóðs. Enskumælandi náungi, með sitt hár og liðað hjálpaði Guðjóni við að vinna við bílinn. Vitnið man sérstaklega eftir því, að sæti voru tekin úr bifreiðinni og einnig hurðaspjöld. Það man, að starfsfólk furðaði sig á því, hvað verið væri að gera við bílinn.

Vitnið sá ekki, að Sævar hjálpaði til við þetta verk.

Vitnið segir, að það hafi legið í loftinu hjá starfsfólki Menningarsjóðs, að Guðjón ætlaði af landi brott og gæti það alveg eins verið til lengri tíma. Vitnið heyrði ekkert um það, að Sævar ætlaði með.

Að því er vitnið varðaði var Guðjón almennilegur í umgengni. Hann notaði ekki stóryrði við samstarfsfólk sitt. Vitnið veit ekki til að hann hafi umgengist samstarfsfólkið utan vinnutíma. Vitnið tók ekki eftir neinni breytingu á hegðun eða skapgerð Guðjóns á þeim tíma, er hann vann hjá Menningarsjóði.

Hins vegar fóru mætingar stöðugt versnandi hjá honum.

Vitnið er nú spurt nánar um það fólk, sem heimsótti Guðjón. Vitnið man, að einhverjar stúlkur, sem heimsóttu hann voru í leiklistarskóla. Það man einnig eftir manni, sem Bragi heitir. Hann virtist vera undir annarlegum áhrifum. Vitnið man, að það spurði Guðjón hvort maður þessi væri í einhverjum fíkniefnum. Guðjón svaraði á þá leið að hann væri hassneytandi. Hann talaði um mann þennan af meiri samúð, en hann var vanur að gera í umræðum um fólk. Vitnið man, að einhverju sinni flaug það að því, að ekki væri ólíklegt, að fleiri af þeim, sem heimsóttu Guðjón væru í hassi. Vitnið man, að einn af svokölluðum rónum kom eitt sinn að heimsækja Guðjón.

Upplesið, játað rétt.

Ásdís G. Halldórsdóttir.

Víkur frá.

Dómpingi slitið.

Birgir Þormar.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Hjördís Þorsteinsdóttir.

Ár 1976, miðvikudaginn 17. nóvember, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Birgi Þormar.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Kl. 13.45 mætir í dóminum sem vitni, Guðrún Unnur Egisdóttir, húsmóðir, Freyjugötu 10, fædd 11. mars 1944 í Reykjavík.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldunni.

Vitnið og Guðjón gengu í hjúskap árið 1967. Þau fengu lögskilnað 8. ágúst 1976, en höfðu skilið að borði og sæng um það bil ári áður. Þau umgengust náið eftir að þau fengu skilnað að borði og sæng.

Gætt er ákv. 1. og 2. tl. 89. gr. 1. 74, 1974.

Vitnið lýsir sig reiðubúið að svara spurningum.

Vitnið og Guðjón fluttu suður vorið 1972. Veturna 1972-1973 og 1973-1974 var Guðjón við nám. Haustið 1973 var hann í 10 daga eða svo í Kaupmannahöfn til að afla sér gagna vegna fyrirhugaðs grænlenskunáms.

Vitnið getur ekki fullyrt um, hvar það sá Sævar fyrst eftir að það kom hingað suður. Vitnið kveðst hafa séð Sævar hér og þar í húsum, sem þau Guðjón komu í. Hann átti það til

að reka þar inn andlitið, en var fljótt farinn aftur. Hann virtist aldrei eiga neitt sérstakt erindi. Vitnið vissi, að hann hafði átt erfitt uppdráttar og kveðst hafa litið á hann sem smælingja, sem stóð höllum fæti. Hann átti erfitt með að koma orðum að hugsun sinni. Vitnið man það helst af tali hans, að hann vék að heilsufari sínu eða var með skýjaborgir í sambandi við kvíkmyndagerð. Vitnið telur, að Guðjón hafi haft sömu afstöðu til Sævars og það. Vitnið vissi ekki um það, að Sævar væri í glæpastarfsemi. Vitnið er nú spurt, hvort það viti til þess, að Sævar hafi útvegað Guðjóni hass. Vitnið kveðst ekki hafa vitað til þess.

Guðjón neytti fyrst hass sumarið 1970 hjá kunningjum í Gautaborg. Hann neytti hass nokkrum sinnum þetta sumar, en það lagðist af, þar til hann flutti til Reykjavíkur. Það var fyrst 1973, sem vitnið vissi til þess, að hann not-  
aði hass. Hann neytti þess tvísvar á heimili þeirra, en eftir það tók vitnið alveg fyrir hassneyslu á heimilinu. Vitnið telur, að ef Guðjón hafi neytt hass eftir þetta, hafi neyslan verið hverfandi lítil, því vitnið kveðst mundu hafa séð það á honum, hefði hann neytt þess.

Vitnið kveðst hafa átt uppástunguna að utanlandsferðinni, haustið 1975. Ætlunin var, að Guðjón yrði þann vetur við nám, en vitnið yrði hér á landi ásamt börnum þeirra og færi ef til vill síðar til Guðjóns. Vitnið frétti fyrst um það, að Sævar yrði samskipa þeim á Seyðisfirði. Hann var með hugmyndir og ráðagerðir í sambandi við kvíkmyndir og kvaðst af þeim sökum vera á leið til útlanda. Hann fékk

að fljóta með þeim í bíl til Gautaborgar, en eftir það fór hann með lest til Kaupmannahafnar, að því er vitnið minnir. Vitnið er spurt, hver hafi greitt farseðil Guðjóns heim. Vitnið segir, að Guðjón hafi átt inni peninga vegna húisasölu hjá Sigurði Benediktssyni fasteignasala, Laugavegi 18. Vitnið minnir, að þessir peningar og ef til vill peningar, sem vitnið lagði fram, hafi verið notaðir til að kaupa farseðilinn. Vitnið keypti hann. Það segir Sævar ekki hafa komið nálægt þessu.

Vitnið man ekki eftir því, að Sævar hringdi til Guðjóns í mars 1975. Hins vegar man vitnið, að einhvern tíma á því ári kom reikningur vegna einhvers símtals Sævars. Vitnið man, að þau Guðjón töldu sig ekki eiga að borga þann reikning.

Vitnið er spurt, hvort Guðjón hafi nokkurn tíma haft orð á því, að Sævar hefði svikið fé út úr Pósti og síma. Það segir, að hann hafi aldrei gert það.

Vitnið kveðst fyrst hafa séð Erlu Bolladóttur, eftir að þau Guðjón fluttu á Ásvallagötuna. Það telur, að Erla hafi komið tvisvar til þrisvar á heimili þeirra sumarið 1975. Eftir að vitnið kom frá útlöndum hafði Erla nokkuð oft samband við það. Erla var þá nýbúin að eignast barn og snerist tal þeirra einkum um börn. Vitnið minnir, að Erla hafi komið tvisvar til þrisvar sinnum á heimili þeirra eftir, að hún slapp úr varðhaldi. Skömmu eftir að hún losn-aði úr gæslu kom hún eitt sinn í vondu veðri til þeirra Guðjóns og sagði þá m.a. að hún hefði alltaf verið hrædd við

Sævar og frá morðinu á Guðmundi Einarssyni. Sú saga breyttist í þau tvö skipti, sem hún kom aftur á heimili þeirra. Vitnинu virtist hún stöðugt verða ruglaðri. Vitnið hélt, að Erla væri á mjög sterkum deyfilyfjum. Vitnið man það, að þegar Erla kom í síðasta skipti, hafði Guðjón hitt hana áður á einhverju kaffihúsi. Hún sagði honum þá sögu um Geirfinnsmálið og hverjir hefðu verið þar að verki. Hún segir, að Guðjóni hafi verið mikið niðri fyrir vegna þessarar sögu og strax sagt vitninu hana, er hann kom heim. Þau hafi rætt um það, hvort hún væri ekki uppdópuð og vitlaus. Um það bil klukkutíma eftir að Guðjón kom heim, kom Erla til þeirra. Hún endurtók þá söguna um Geirfinn, sem hún hafði sagt Guðjóni. Hún nafngreindi þá 4 menn, sem sátu í gæsluvarðhaldi. Hún sagði, að fleiri hefðu verið í fjörunni og væru það háttsettir menn. Hún vildi ekki nafngreina þá. Vitnið man, að það spurði Erlu, hvort Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra, hefði verið í fjörunni. Ekki vildi Erla þvertaka fyrir það. Vitnið man, að Erla var einnig með hryllings sögu um það, að einhverjir ótilgreindir máttarstólpar í þjóðfélaginu hefðu orðið Bjarna Benediktssyni að bana. Pennan sama dag fór vitnið til Haraldar Blöndal, lögfræðings. Vitninu fannst mjög óþægilegt að sitja uppi með þessar upplýsingar. Vitnið segir, að alveg sama frétt um Geirfinnsmálið hafi komið í Dagblaðinu daginn eftir.

Vitnið telur, að þau Guðjón hafi litið frásagnir Erlu svipuðum augum. Fyrst er hún sagði frá morði Guðmundar Einarssonar og kom með fyrstu útgáfu af því, þá trúðu þau

henni, en þegar á leið, útgáfurnar breyttust og Erla gerðist ruglaðri voru þau hætt að trúá henni.

Upplesið, játað rétt.

Guðrún Ægisdóttir.

Haraldur Blöndal óskar eftir því, að fá að tala einslega við Guðjón. Dómarinn tjáir honum, að það verði ekki heimilað svo stöddu.

Haraldur Blöndal.

Víkja frá.

Dómpingi slitið.

Birgir Þormar.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Hjörðís Þorsteinsdóttir.

Ár 1976, fimmtudaginn 18. nóvember, var dómping sakadóms Reykjavíkur sett og haldið í fangelsinu að Síðumúla 28 af Birgi Þormar.

Fyrir var tekið:

Ofangreint mál.

Kl. 13.45 er færður í dóminn Guðjón Skarphéðinsson, gæslufangi. Einnig eru mættir í dóminum Benedikt Blöndal, hrl. og Haraldur Blöndal, cand.jur.

Guðjóni er tjáð að vafi sé um það, hvort Haraldur hafi rétt til að skila greinargerð til Hæstaréttar Íslands fyrir hans hönd. Hann samþykkir að Benedikt Blöndal, hrl.,

taki við starfi verjanda af Haraldi Blöndal.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Guðjón Skarphéðinsson.

Vék frá í gæslu.

Benedikt Blöndal.

Haraldur Blöndal.

Dómarinn tjáði Benedikt Blöndal, hrl., í þinghaldinu að hann væri skipaður verjandi Guðjóns Skarphéðinssonar og tók Benedikt skipuninni.

Dómpingi slitið.

Birgir Þormar.

Vottar:

Erlingur Guðmundsson.

Hjördís Þorsteinsdóttir.

Ár 1976, föstudaginn 19. nóvember, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Birgi Þormar.

Fyrir er tekið:

Rannsókn vegna hvarfs

Geirfinns Einarssonar.

Kl. 14.15 er færður í dóminn Guðjón Skarphéðinsson.

Með honum er mættur Benedikt Blöndal, hrl.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Hann er nú beðinn um að skýra frá öllu í sambandi við samskipti sín við Erlu Bolladóttur, frá því hún losnaði úr gæsluvarðhaldi og þar til hún var á ný hneppt í gæsluvarðhald. Hann segir, að Erla hafi eitt sinn komið á heimili

sitt í síðari hluta janúar. Hún gat um yfirheyrlur þær, sem hún hafði verið í. Hún sagði margt og fór víða. Hún skýrði frá svonefndu Geirfinnsmáli, ryskingum í fjörunni, bátsferð, hvernig hún hefði flúið í rauðt hús og Einar Bollason sótt sig þangað. Hún hafði orð á því, að hún hefði verið í lífs-hættu af völdum Sigurbjarnar Eiríkssonar. Hún hefði verið vernduð af vopnuðum löggreglupjónum. Hún kvaðst vera á förum til Hawai, ræddi í löngu mál samskipti sín og Sævars í gegnum árin. Hún talaði um, að hann hefði ætlað að drepa sig og ógnað sér líkamlega. Hún kvaðst hafa verið hrædd um barn þeirra fyrir honum. Kona kærða var viðstödd sam-ræðurnar. Hann man, að Erla sagði við hann: "Þér verður haldið utan við þetta, ég á við þetta með víxilinn". Kærði skildi ekki við hvað hún átti. Erla ræddi Guðmundarmálið ítarlega. Hann hitti Erlu nokkru síðar á götu. Honum skildist, að hún væri að undirbúa ferðina til Hawai og Örn Höskulds-son væri að hjálpa henni í því sambandi. Hann bauð henni þá í kaffi á Tröð. Hún talaði þá um sömu mál og er þau hittust áður. Hann man ekki, að neitt nýtt kæmi fram hjá henni. Síðan hefur hann ekki séð Erlu.

Hann man nú, að hann hafði skrifað upp á víxla fyrir Sævar, samtals að fjárhæð kr. 60.000. Víxlarnir höfðu fallið á kærða. Hann segir, að Erla hafi boðið sér bíl upp í þessa skuld. Honum var ekkert áfram um þetta, en þekktist þó boðið. Þau Erla gengu frá pappírum í þessu sambandi. Hann er spurður, hvort hann hafi meira að segja um samband þeirra Erlu. Hann man ekki eftir neinu fleiru í því sambandi.

Hann er spurður, hvort hann vilji koma nokkru á framfæri við dómarann varðandi rannsókn á þessu máli.

Hann kveður svo ekki vera.

Hann óskar eftir að fá að tala við lögmann sinn einan.

Dómarinn ákveður að verða við þeirri beiðni.

Hann talar einslega við lögmann sinn í 5 mínútur frá kl. 14.50-14.55.

Upplesið, játað rétt.

Hann man nú, að hann spurði Erlu afskaplega mikið um það, hvers vegna Sigurbjörn sækstist eftir lífi hennar.

Einnig spurði hann, hvers vegna löggregluþjónar gættu hennar.

Hann man, að Erla sagði eitthvað á þá leið, að Sævar hefði tengst Klúbbmönnum með komum í einhverja skrifstofubyggingu Klúbbsins. Þar hefði verið drukkið. Hún sagði einnig, að Sævar hefði haft eins konar sölumannshlutverk með áfengi á vegum Klúbbmanna. Hann segist ekki hafa fengið greinileg svör hjá Erlu varðandi það hvers vegna Sigurbjörn væri að sækjast eftir lífi hennar. Hún gat ekki gefið greinileg svör um samband Sævars við Klúbbverja. Hún hafði orð á því, að hringt hefði verið í sig og sér hótað. Hann man, að Erla sagði það, að hún hefði ekki fengið að koma inn í áðurgreinda skrifstofubyggingu Klúbbsins.

Upplesið, staðfest.

Guðjón Skarphéðinsson.

Færður í gæslu.

Þinghaldið er nú fært í skrifstofu sakadóms í

Borgartúni 7.

Skjöl málsins liggja frammi í dóminum.

Var nú kveðinn upp svofelldur

ú r s k u r ð u r :

Ár 1976, föstudaginn 19. nóvember, var á dómpingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Guðjón Skarphéðinsson til heimilis að Rauðarárstíg 26 er grunaður um að búa yfir vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar í nóvember 1974. Í þágu rannsóknar þess máls er nauðsynlegt að fá tiltækar upplýsingar um símanotkun nefnds Guðjóns frá 1/10 1974 til 1/6 1976, en á þessum tíma hafði Guðjón aðgang að síma nr. 14230 í Reykjavík. Ber því með tilvísun til 44. gr. laga nr. 74, 1974 að úrskurða, að Póstur og sími láti í té allar tiltækar upplýsingar um notkun númerins 14230 á tímabilinu 1/10 1974 til 1/6 1976.

Úrskurðarorð:

Póstur og sími skal láta í té allar tiltækar upplýsingar um notkun símanúmerins 14230 í Reykjavík á tímabilinu 1/10 1974 til 1/6 1976.

Birgir Þormar.

Dómpingi slitið.

Birgir Þormar.

Vottar:

Hjördís Þorsteinsdóttir.

Hafdís Ágústsdóttir.

Ár 1976, þriðjudaginn 30. nóvember, er dómping sakadóms

Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Birgi Þormar.

Fyrir er tekið:

Ofangreint mál.

Kl. 15.10 kemur í dóminn sem vitni, Svava Jakobsdóttir, alþingismaður, til heimilis Einarsnesi 32, Reykjavík, fædd 4/10 1930 í Neskaupstað.

Vitninu er kynnt tilefni yfirheyrslunnar og það brýnt á vitnaskyldu og vitnaábyrgð.

Vitnið kveðst hafa komið tvisvar á heimili þeirra Guðrúnar og Guðjóns í nóvember 1974. Það mun hafa verið fyrir 18. þ.m., því þann dag fór vitnið af landi brott á þing Sameinuðu þjóðanna. Vitnið kveðst hafa beðið Guðrúnu að laga fót fyrir sig. Vitnið minnir að það hafi heyrt, er það kom í fyrra skiptið til þeirra, að þau hefðu flutt í íbúðina sama dag. Vitnið man að þá var Sigurlaug móðir Guðjóns á heimilinu, auk Guðrúnar og Guðjóns. Vitnið man að einnig var þar ung stúlka og telur að einnig hafi verið þar ungur maður. Vitnið kveðst mest hafa talað við Sigurlaugu auk Guðrúnar. Það kveðst ekki hafa séð Guðjón áður. Það tók ekki eftir neinu sérstöku í fari hans, en hann kom vitninu fyrir sjónir sem viðfeldinn og alúðlegur maður.

Vitnið sótti fötin til Guðrúnar þann 17. eða 18. nóvember 1974. Það hafði þá mjög stutta viðstöðu og man ekki eftir neinu sérstöku.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið er nú spurt hvort það hafi tekið eftir þunglyndiseinkennum hjá Guðjóni.

Vitnið kveðst ekki hafa tekið eftir neinu slíku, en

tekur fram, að engar samræður hafi farið fram milli þeirra.

Upplesið, játað rétt bókað.

Svava Jakobsdóttir.

Víkur frá kl. 15.40.

Dómpingi slitið.

Birgir Þormar.

Vottar:

Hjörðís Þorsteinsdóttir.

Asta Einarsdóttir.

Ár 1976, fimmtudaginn 2. desember, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Birgi Þormar.

Fyrir er tekið:

Rannsókn vegna hvarfs

Geirfinns Einarssonar.

Kl. 14.10 er færður í dóminn kærði, Guðjón Skarphéðins-  
son.

Einnig er mættur í dóminum Hallvarður Einvarðsson,  
vararíkissaksóknari.

Pá er og mættur Hákon Árnason, hrl. Hann mætir fyrir Benedikt Blöndal, hrl., vegna utanferðar hans og með samþykki kærða.

Dómarinn gætir ákv. 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði er nú beðinn um að skýra frá samskiptum sínum við Erlu og Sævar mánudaginn 18. nóvember 1974. Hann minnir, að hann hafi hitt þau á kaffihúsi hér í borg þann dag og þau hafi ekið honum heim. Hann minnir, að annað hvort þeirra eða þau bæði hafi komið inn á heimili hans og að Sævar hafi

þar fengið að nota símann. Kærði kveðst ekki vita hvert Sævar hringdi, en segir, að það kunni að vera, að Sævar hafi beðið sig að afloknu símtalinu, að geyma miða, sem hann hefði skrifað, sennilega með símanúmeri. Kærði segir, að það hafi komið til tals þennan dag eða sennilega fyrr, að hann yrði samferða Sævari til Keflavíkur. Hann man, að erindi Sævars var að hitta þar mann, sem hann hugðist eiga viðskipti við. Hann kveðst ekki hafa vitað, hvers eðlis þau viðskipti voru. Hann kveðst þó hafa haft um það óljósan grun, að þessi viðskipti væru utan við löginn. Hann tekur þó fram, að ekkert hafi verið á Sævari að skilja í þá átt.

Kærði heldur, að hann hafi þriðjudaginn 19. nóvember 1974 farið að heiman frá sér á milli kl. 20 og 20.30 og að Lambhóli við Starhaga. Hann tekur fram, að hann muni þetta ekki fullkomlega. Hann segist hafa átt það erindi þangað að hitta Rafn Guðmundsson og jafnframt hafi hann farið þangað til þess að losna við að hitta Sævar. Hann minnir, að maður að nafni Vilhjálmur hafi verið heima hjá Rafni. Hann segir, að Vilhjálmur þessi sé Hafnfirðingur og jafnaldri Rafns. Hann var um þessar mundir á togara frá Breiðdalsvík. Frekari deili veit hann ekki á manni þessum. Hann minnir, að hann hafi ekið á bíl, Fíatbifreið tengdamóður sinnar, með þá Rafn og Vilhjálm að Norðurbrún til að sækja þar hljómflutnings-tæki, sem Vilhjálmur átti og hugðist lána Rafni. Hann telur að þeir hafi komið að Lambhóli úr þessari ferð um kl. 22.00. Kærða minnir, að Sævar hafi fengið að geyma eitthvað af sínum föggum í kjallara að Lambhóli. Hann telur líklegt, að Sævar hafi barið upp hjá húsráðanda, meðan hann var í öku-

ferðinni með Rafni og Vilhjálmi. Hann kveðst svo hafa rekist á Sævar í kjallara hússins þegar hann kom til baka, að því er hann minnir. Hann telur, að Sævar hafi haft veður af því, að hann fór að Lambhóli og telur sennilegt, að hann hafi spurst fyrir um sig á heimili sínu.

Kærða minnir, að þegar hann hitti Sævar hafi Sævar ámálgað, að hann skellti sér með til Keflavíkur. Kærða minnir einnig, að Erla hafi verið stödd í húsinu og einhver 3. maður, sem hann kveðst ekki kannast við. Hann er nú spurður, hvort þetta hafi verið Kristján Viðar, sem hann hefur séð við sakbendingu. Hann segir svo ekki vera.

Hann kveðst aðeins hafa séð pennan mann í myrkri og ekki geta lýst honum, en hann mundi ef til vill þekkja hann ef hann sæi hann aftur. Hann telur, að hann hafi verið hræddur við pennan mann og af þeim sökum hafi hann ekki þorað að skorast undan að fara til Keflavíkur. Hann minnir, að bifreiðin, sem hann var á hafi verið skilin eftir. Ekki við Lambhaga, heldur sennilega við Snorrabraut. Hann minnir, að hann hafi eftir það ekið framangreindum þremur manneskjum til Keflavíkur. Hann man ekki hvernig bifreiðin var, en telur hugsanlegt, að hún hafi verið amerísk, af eldri gerð. Hann kveðst ekki geta munað eftir einni einustu setningu, sem sögð var í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur. Hann er nú spurður um það, hvort ekki hafi verið komið við á Vatnsstíg, áður en lagt var af stað til Keflavíkur. Hann kveðst ekki muna eftir því, en vill þó ekki þvertaka fyrir það, því hann kveðst muna mjög óljóst eftir allri atburðarásinni. Hann er nú spurður, hvort sendiferðabíll hafi komið

við sögu í þessu máli. Hann segir, að sig rámi í það, að á leiðinni suður eftir, á hæðinni fyrir ofan Hafnarfjörð, hafi verið spurt, hvort einhver sái sendiferðabílinn. Kærði kveðst ekki hafa sett þetta neitt í samband við erindi þeirra til Keflavíkur. Hann er nú spurður, hvort hann hafi séð sendiferðabíl í Keflavík, sem stæði í sambandi við þetta mál. Hann treystir sér ekki til að svara því af eða á. Hann man það, að ekið var gegnum Keflavíkurbæ að bragga, sem kallast Pípugerð, Áhaldahús. Þar var bifreiðin stöðvuð. Allir fóru út nema kærði. Nokkur tími leið, ef til vill 20 mínútur. Þá komu farþegar til baka. Kærði ók bifreiðinni að sjóppu við olíustöð í Keflavík. Hann minnir, að Sævar hafi hrингt þaðan. Eftir þetta var ekið á sömu slóðir og fyrr, í nágrenni braggans. Farþegar fóru þar út úr bifreiðinni. Hann minnist þess ekki, að hann hafi farið út. Hann segir minni sitt förlast um það sem kann að hafa skeð eftir að hann kom í síðara skiptið að bragganum. Hann minnist þess ekki að hafa tekið þátt í átökum eða verið sjónarvottur að þeim. Hins vegar man hann það, að þegar farið var frá Keflavík hafði hann það á tilfinningunni að þarna hefði eitthvað hræðilegt gerst, eitthvað, sem ekki átti að gerast. Hann kveðst einnig muna óljóst eftir einhverju tilgangslausu hringsóli í Keflavík eftir að farið var frá bragganum í síðara skiptið. Hann segir, að vel geti verið, að Sævar hafi verið eini farþegi sinn á leið til Reykjavíkur. Hann man, að á leiðinni til Reykjavíkur, sennilega nálægt álverinu, létt Sævar orð falla við hann á þessa leið: "Sástu ekki, að við drápummanninn. Þú ert orðinn samsekur um morð". Kærði

kveðst hafa sagt við Sævar: "Nei, ég sá ekkert". Hann er nú beðinn að lýsa tilfinningum sínum eftir að þessi orðaskipti áttu sér stað. Hann treystir sér ekki til að lýsa þeim til hlítar, en segir, að það hafi sett að sér ólýsanlega skelfingu, blandaða því, að hann vildi ekki trúá því, sem Sævar sagði. Hann minnir að hann hafi komið heim um kl. 01.30. Hann man, að hann hné þar niður á stól, örmagna. Hann vissi, að eitthvað hroðalegt hafði komið fyrir. Hann hugsaði með sér, að konan og börnin skyldu aldrei fá að vita þetta. Eftir þetta féll hann í svefn, eins og hann væri rotaður.

Hann minnir, að hann hafi komið á Mokka miðvikudaginn 20/11 1974. Hann minnir, að hann hafi lesið í Þjóðviljanum frásögn varðandi jarðarför Þórbergs Þórðarsonar, m.a. frásögn um áletrun á grafstein og það hver átti að lesa þau orð. Hann minnir, að þegar hann sat barna á Mokka hafi Sævar litið þar inn og sagt: "Nú er bara að segja ekki neitt".

Um það bil viku eftir að hann fór til Keflavíkur fóru blöðin að skrifa um hvarf Geirfinns Einarssonar. Hann kveðst ekki hafa sett það mannshvarf neitt í samband við ferðina til Keflavíkur, enda kannaðist hann hvorki við Geirfinn né heldur kannaðist hann við lýsingu á þeim manni, sem talinn var hafa hringt úr Hafnarbúðinni. Hann kveðst fyrst hafa látið sér til hugar koma, að tengsl væru barna á milli er hann var yfirheyrður s.l. vor. Hann er nú spurður, hvers vegna hann hafi aldrei innt Sævar nánar eftir atburðum kvöldins. Hann kveðst sennilega ekki hafa séð Sævar eftir 20. nóvember á árinu 1974. Ástæðan fyrir því, að hann spurði Sævar ekki síðar um þetta var ef til vill sú, að hann óttaðist

að fá að vita það sem hann vildi síður vita.

Hann er nú spurður að því, hvort hann hafi haft fjárhagslegan ávinning af þessu máli. Hann segir svo ekki vera og kveðst ekki minnast þess, að til hefði staðið að hann hefði fjárhagslegan ávinning af Keflavíkurferðinni.

Hann kveðst ekki vita til þess, að hann búi yfir neinni vitneskju um það, að lík hafi verið dysjað eftir þessa ferð. Hann man það, að skófla, sem var við heimili hans var ekki á réttum stað daginn eftir. Hann segir, að vera kunni, að börn hafi hreyft við henni, en ekki vill hann útiloka, að Sævar hafi notað hana.

Upplesið, játað rétt.

Lögmaður kærða óskar þess, að kærði verði spurður, hvort hann og farþegar hans á leiðinni suður hafi hitt fólk í Keflavík. Hann segir, að ef svo hafi verið, hafi hann ekki gefið því gaum. Hann er einnig spurður, hvort hann viti, hvert Sævar hringdi úr sjóppunni í Keflavík. Hann kveðst ekki hafa vitað það á þeim tíma.

Vararíkissaksóknari óskar ekki að leggja fram spurningar að svo stöddu.

Upplesið, játað rétt.

Guðjón Skarphéðinsson.

Vék frá í gæslu kl. 16.15.

Hákon Árnason.

Hallvarður Einvarðsson.

Var nú í dóminum kveðinn upp svofelldur

ú r s k u r ð u r :

Ár 1976, fimmtudaginn 2. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Erla Bolladóttir, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar M. Ciesielski, sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar, hafa fullyrt í yfirheyrsrum, að Guðjón Skarphéðinsson, f. 19/6 1943, hafi með refsiverðri háttsemi átt þátt í dauða Geirfinns, sem þau segja að hafi verið veginn í Dráttarbraut Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974. Guðjón Skarphéðinsson hefur við löggregluyfirheyrslu og í dag á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, viðurkennt að hann hafi að áeggjan Sævars ekið bifreið til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974. Auk hans voru í bifreiðinni þau Erla, Sævar og maður, sem hann kveðst ekki kannast við. Hann man það að ekið var að bragga í Keflavík sem kallast "Pípugerð Áhaldahús." Hann kveðst ekki muna eftir því, sem gerðist á þessum stað. Hins vegar man hann það, að þegar farið var frá Keflavík, hafði hann það á tilfinningunni, að þarna hefði eitthvað hræðilegt gerst, eitthvað, sem ekki átti að gerast. Hann man, að á leiðinni til Reykjavíkur sagði Sævar eitthvað á þessa leið við hann: "Sástu ekki, að við drápummanninn. Þú ert orðinn samsekur um morð". Hann kveðst hafa sagt við Sævar: "Nei, ég sá ekkert". Hann segir að eftir þessi orðaskipti hafi sett að sér ólýsanlega skelfingu, blandaða því, að hann vildi ekki trúa því, sem Sævar sagði.  
s.l.

Kærði var handtekinn 12. nóvember/og úrskurðaður í allt að 20 daga gæsluvarðhald aðfaranótt 13. nóvember s.l. kl. 02.00. Sá tími rennur út næstu nótt. Kærði neitaði

því alfarið í fyrstu, að hann hefði nokkra vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar. Hann hefur nú síðustu daga smátt og smátt skýrt nánar frá samskiptum sínum við Sævar, þar á meðal ferðinni til Keflavíkur. Mjög miklar eyður eru enn í frásögn hans. Ekki kemur til álita að hann hljóti frelsi og öðlist þannig möguleika til að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanleg vitni og samseka. Ber því með tilvísun til 1. tl.

1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74, 1974 að úrskurða að gæsluvarðhaldsvist hans skuli framlengjast, enda eru ákvæði stjórnarskrárinna því ekki til fyrirstöðu, þar sem hann er sakaður um háttsemi, sem myndi verða hann fangelsisrefsingu.

Ákveðst tíminn allt að 60 dögum frá kl. 02.00 föstudaginn 3. desember 1976.

Úrskurðarorð:

Guðjón Skarphéðinsson, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 daga frá lokum gæsluvarðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur 13. nóvember s.l., þ.e. frá kl. 02.00 föstudaginn 3. desember 1976.

Birgir Þormar.

Kl. 20.55 er dómpingið flutt í fangelsið að Síðumúla  
28. Kl. 21.15 er úrskurðarorðið lesið í heyrandi hljóði  
í dóminum að viðstöddum kærða, Hákon Árnasyni, hrl. og  
Haraldi Blöndal, cand.jur. Kærði óskar ekki að kæra úr-  
skurðinn til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Guðjón Skarphéðinsson.

Hákon Árnason.

168

Vottur.

Haraldur Blöndal.

Dómpingi slitið.

Birgir Þormar.

Rétt endurrit staðfestir:

Skrifstofu sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1977.



# SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 16. desember 1976.

ÓSKAST TILGREINT  
I SVARBRÉFI

BP/HB

169

Með tilvísun til símtals í gær, er þess óskað að  
þér takið að yður rannsókn á geðheilsu Guðjóns Skarphéðins-  
sonar, f. 19/6 1943, nú gæslufanga í Síðumúlafangelsi og  
látið í té álit yðar á sakhaefi hans. Einnig er þess óskað,  
að þér veitið honum geðlæknislega þjónustu meðan rannsóknin  
fer fram.

*Ingvar Kristjánsson*

Hr. læknir

Ingvar Kristjánsson,  
c/o Kleppsspítalinn,  
Reykjavík.

B, Nr. 28 Lagt fram í sakadótt  
Reykjavíkur 28/4 '77


JÓN ODDSSON HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

St. 170

GARDASTRÆTI 2 - REYKJAVÍK - PÓSTHÓLF 561 - FASTEIGNADEILD SÍMI 13040 - LÖGFRÆDIDEILD SÍMI 13153

Hr. saksóknari ríkisins,  
Þórður Björnsson,  
Ríkissaksóknaraembættið,  
Hverfisgötu, Rvík.

Reykjavík. 21, febrúar 1977.



Efni: Réttargøsla Søvær M. Ciesielski.

Móðir Søvær skjóstæðings míns hefur beðið mig um að koma eftirfarandi erindi til yðar.

Hún minnist þess, að þriðjudaginn 19.nóvember 1974 hafi hún ásamt Søvari og Erlu verið á Kjarvalstöðum. Klukkan 18.00 þannan dag koma Søvar og Erla að sækja hana í vinnuna niður á Laugaveg. Hún lauk vinnu klukkan 18.00. Af Laugavegi fóru þau heim í Grýtubakka 10 og þar lagaði hún kvöldmat og Søvar og Erla borðuðu þar heima. Klukkan að verða 20.00 var farið niður á Hjallaveg og Erla hljóp þar inn en Søvar var úti í bíl. Í bílnum voru tveir stórir matarpakkar. (þau voru í jeppabifreið.) Frá Hjallavegi var ekið á Kjarvalstaði og langan tíma tók að finna bílastæði og loksins var bílnum lagt hjá Smjörlíkisgerðunum. Síðan var farið á Kjarvalstaði og þar var hleypt inn í "hollum" og purftu þar talsvert að bíða. Fyrst skoðuðu þau þar "Reykjavíkursýninguna" og síðan kvikmyndasýninguna og ljósmyndasýningu og urðu þau talsvert að bíða. Kvíkmyndasýningin tók ca hálfan tíma. Søvar kynnti þar móður sína, fyrir vini sínum Vilhjálmi Knudsen og konu hans svo og föður Vilhjálms. Eftir þetta vildi Søvar bjóða þeim í kaffi og virtist Søvari ekki liggja mikið á. En móðir Søvær purfti að flýta sér og vildi ekki eyða peningum. Søvar og Erla óku svo henni heim í Grýtubakka og var klukkan yfir 22 þetta kvöld er þangað kom. Móðir Søvær þájá þjáist af sykursýki og þarf alltaf að borda um klukkan 22.00. Man hún eftir því, að hún var orðin of sein fyrir þessa svokölluðu kvöldnæringu. Ekki er henni kunnugt um að Erla og Søvar hafi haft síma á Hjallavegi. Søvar og Erla fóru síðan heim til sín, að því er móðir Søvær best veit milli klukkan 22.00 og 22.30 og voru með 2 kassa af matvælum í bílnum, sem þau voru að flytja heim til sín. Virðist hér því skjóta nokkuð skökku við varðandi tíma-setningar eins og yður mun kunnugt um.

Með virðingu,

74U/77

B. Nr. X Lagt fram í sakadómi  
Reykjavíkur 28/4 '77

171 GJH.

Samkvæmt beiðni Sakadóms Reykjavíkur hefi ég undirritaður framkvæmt geðrannsókn á Guðjóni Skarphéðinssyni, f. 19.06. 1943, tilheimilis að Rauðarárstíg 32, Reykjavík, vegna meintrar hlutdeildar hans í drápi Geirfinns Einarssonar.

Geðrannsóknin fór fram í Síðumúlafangelsinu á tímabilinu 28.12. 1976 - 23.03. 1977.

Guðjón er fæddur á býli móðurforeldra sinna að Marðarnúpi í Vatnsdal í Austur-Húnvatnssýslu og alinn upp af þeim þar til 18 ára aldurs. Móðuramma hans er sögð hlýleg manneskja, er lítið kveður að, en afa hans, Guðjóni bónda, er lýst sem harðlyndum stórbokka og ójafnaðarmanni.

Móðir Guðjóns er Sigurlaug Guðjónsdóttir, f. 1922. Dvaldi hún á Marðarnúpi fyrstu 2 æfiár Guðjóns, en flutti þá til Reykjavíkur, og er hún eignaðist annan son skömmu seinna, varð það úr, að Guðjón flutti til móðurforeldra sinna og dvaldi þar síðan nær óslitið til 18 ára aldurs. Sigurlaug er, að sögn Guðjóns, stolt kona, metnaðargjörn og kröfuhörð, bæði á sjálfa sig og aðra. Hún hefur verið slæm á taugum hin síðari ár og hneigst til þess að misnota róandi lyf. Hefur hún nýlega hlotið meðferð á sjúkrahúsi vegna þessa.

Faðir Guðjóns var séra Skarphéðinn Pétursson, f. 10.11. 1918, en hann lést í bílslysi 5.7.1974. Skarphéðinn vann lengi á Pósthúsínu í Reykjavík, en settist seint í guðfræðideild H.I., lauk þaðan prófi fertugur að aldri og var síðan þjónandi prestur í Bjarnarhöfn í Hornafirði til dauðadags. Guðjón kynntist föður sínum best á árunum 1961-’63 og lýsir hann honum þannig, að hann hafi verið einmana maður er átti samleið með fáum. Hafði sérkennilegar skoðanir, hafði gaman af bókum, spilum og tafli, en átti bágt með að hafa sig í að taka hendi til skyldustarfa. Hafði hann í því efni nokkuð aðhald af konu sinni. Guðjón lýsir geðslagi og atferlisbreytni hjá föður sínum er benda í þá átt, að hann kunni að hafa verið haldinn geðveiki (manic-depressive psychosis).

Þau hjón, Sigurlaug og Skarphéðinn, eignuðust alls 7 börn og er Guðjón þeirra elstur. Yngri systkinin ólust upp í föðurhúsum og hafði Guðjón því fremur lítið af þeim að segja, þ.e. hann dvaldi að Marðarnúpi, eins og að ofan segir.

Guðjón mun hafa fæðst örlítið fyrir eðlilegan tíma og var fæðingin fremur erfið. Honum heilsaðist vel á kornabarnsstigi, þreifst eðlilega og þroskamörk hans voru svo sem vera ber. Á fimmta aldursári sprakk botnlangatotan, fékk hann upp úr því slæma lífhimnubólgu og fistil frá görn út um magálinn. Lá hann á sjúkrahúsum vegna þeirra í alls 6 1/2 máð. og var um tíma vart hugað líf. Gekkst hann undir alls 4 uppskurði í legu þessari og missti bæði hár og hold. Hann telur sig aldrei hafa náð sér fyllilega eftir þessi veikindi m.a. þolir hann aðeins litlar máltíðir og hefir auk þess vöðva-defect á magál er hefur áhrif á líkamsburði hans.

Guðjón kom fyrst í skóla í Vatnsdal 9 ára gamall til þess að taka próf. Hann var þá fluglæs en á eftir í reikningi. Fylgdi það honum ætið síðan að vera slakur reikningsmaður. Á aldrinum 10-13 ára sótti hann í farskóla í Vatnsdal en fannst námið yfirleitt leiðinleg eyðsla á tíma. Þrátt fyrir þetta stóð hann sig vel á fullnaðarprófi. Fjórtán ára var hann sendur í heimavist á Hlíðardalsskóla, en þá var lítið um unglings-skóla fyrir norðan. Þaðan lauk hann landsprófi 16 ára, að eigin sögn "með snerpunni einni".

Veturinn næstan á eftir settist hann í M.A. og segir hann að sér hafi "verið ráðstafað þangað". Hann minnist þess ekki að hafa haft neinn áhuga á menntaskólanámi, en kvaðst alls ekki geta hugsað sér að verða búfræðingur. Námið kveðst hann ekki hafa tekið réttum tökum í byrjun en leiðst út í kvennafar og fokk. Er kom að prófum um vorið stóð hann höllum fæti og hætti við. Fór hann nú heim til afa síns í Vatnsdal, er varð fár við, en þó hálfu verri er hann frétti um haustið, að Guðjón hefði eignast lausaleiksþórnun. Rak sá gamli nafna sinn að heiman. Dvaldi Guðjón nú hjá foreldrum sínum á Hornafirði fram í byrjun næsta árs er hann hélt á ný til Akureyrar og lauk 3 bekkjarprófi. Aður en skóli var úti hafði honum lent saman við skólameistara og var tilkynnt bréflega til föðurhúsa, að hann ætti ekki afturkvæmt í M.A. Guðjón vann nú ýmsa verkamannavinnu á Hornafirði unz hann fékk að setjast í 4. bekk M.A. haustið 1964. Sóttist nú námið bærilega, enda þótt hann gæti ekki talizt áhugasamur um það. Sumarið eftir dvaldi hann á Hornafirði og las 5. bk., tók próf um haustið, sat síðan 6. bekk og lauk stúdentsprófi vorið 1966, þá rétt 23 ára.

Aukaálag við námið var það, að faðir hans hafði lagt hart að Guðjóni að giftast barnsmóður sinni, en hann vildi ekki. Um það leyti er hann lauk stúdentsprófi var hann orðinn spenntur á taugum, farinn að missa hár og telur hann sjálfur ekki ólíklegt að hann hafi verið ruglaður um tíma. Nú vann hann í síld á Seyðisfirði yfir sumarið en innritaðist í guðfræðideild H.I. um haustið. Ekki kvaðst hann hafa neina köllun til prestskapar, en taldi starfið gott. Það haust innrituðust aðeins 2 í guðfræðideild og reyndist samstúdent Guðjóns geðsjúkur. Nú flosnuðu þeir báðir upp úr deildinni, Guðjón "verteraði" yfir í íslenzku en hætti því námi undir vorið.

A menntaskólaárunum hafði Guðjón kynnst Guðrúnu Egisdóttur, f.11.03. 1944. Guðrún hafði alizt upp við óstöðugt heimilislíf, þ.e. faðir hennar var drykkfelldur, en móðir hennar vann mikið utan heimilisins. Skildu þau hjón er Guðrún var um 6 ára. Með Guðjóni og Guðrúnu höfðu tekist góð kynni í M.A., enda segir Guðjón að þau séu um margt lík. "Hún gerði aldrei vel upp við sig hvað hún vildi og við höfðum bæði það viðhorf að þráast við að verða fullorðin". Leiðir þeirra skildu er Guðrún var vikið úr M.A. vorið 1961, - en hún lauk seinna stúdentsprófi frá M.R.- Þrátt fyrir aðskilnað var nokkurt bréflegt samband milli þeirra er hann dvaldi á Hornafirði. Nú tókust aftur með þeim kynni haustið 1966 er hann settist í H.I. Hafði Guðrún þá um sumarið eignast óskilgetið barn og féll Guðjóni það miður, en þau trúlofuðust engu síður 1.12. 1966. Pennan vetur sat Guðrún í Kennarskólanum og lauk þaðan kennaraprófi um vorið, en Guðjón kenndi við Miðbæjarskólann með námi sínu. Um vorið hófu þau búskap saman. Guðjón réð sig í verkamannavinnu í Straumsvík og þ.30.7. 1967 fæddist þeim dóttir, Sigurlaug. Í september það sumar gengu þau svo í hjónaband.

Haustið 1967 fluttu þau í leiguíbúð í Barmahlíð 42 og bjó móðir Guðrúnar þar með þeim enda þótt þeim mæðgum kæmi illa saman. Guðjón hóf að nýju nám í guðfræðideild, kenndi auk namssins, en Guðrún vann ~~vie~~ fullt kennarastarf. Börnin 2 voru í gæzlu hjá vandalausum. Guðjón minnist þessa frá þessu tíma-bili, að hann var á þeytingi að morgni að keyra börnin og Guðrúnu hvert á sinn stað, auk þess að taka þátt í heimilisstörfum. Hann dróst því fljóttlega afturúr við nám sitt og datt út úr

guðfræðideildinni. Vorið 1968 veiktist Guðjón illa af hettusótt og missti þá úr vinnu, enda fór svo um sumarið, að verulega svarf að fjölskyldunni fjárhagslega. "Bíllinn bilaði, Guðrún var eyðslusöm og enga barnapiú var að fá".

Nú tóku þau hjónin það til bragðs að ráða sig til kennslu við skólann að Reykjum við Ísafjarðardjúp í þeim tilgangi að afla fjár til íbúðarkaupa. Voru þau þar við kennslu á hverjum vетri frá haustinu 1968 - vorsins 1972, en á sumrin unnu þau ýmis almenn störf nema hvað part úr sumrinu 1970 eyddu þau í bílfeð um Evrópu. Þessi ár einkenndust einkum af því að á veturna tók að bera á taugaslapplika hjá Guðrúnu er leiddi til lækningaferða til Rvíkur með sjúkrahúsþvölum árin 1969-’70. Þá bar einnig nokkuð á ósamkomulagi milli kennara við skólann er spillti andrúmsloftinu þar og enn fremur kom fram við þessar aðstæður að Guðjón átti erfitt með að umgangast hinum konurnar á staðnum. Var því jafnvel hótað að framlengja ekki samning Guðrúnar fyrir skólaárið 1970-’71, en frá því var horfið. Þá fór einnig að bera á því árið 1970 og 1971 að þau hjónin hefðu ekki í heiðri hjúskaparsáttmála sinn.

Um vorið 1971 höfðu þau náð því marki að eignast íbúð að Rauðalæk 67.

Haustið 1972 að aflokinni sumarvinnu að Reykjum fluttust þau hjón til Rvíkur og veru þá í nokkurri skuld við skattayfirvöld. Vegna þessa réð Guðjón sig í vinnu í 2 máð. en hóf svo nám í félagsfræði við H.I. Segist hann hafa byrjað þetta nám "upp á briará". Guðrún fór hins vegar í heimavistarkennslu með bæði börnin að Klébergi á Kjalarnesi, en fjölskyldan kom svo saman á helgum.

Í H.I. kveðst Guðjón hafa kynnt ýmsum "dropout" félagskap er var viðloðandi deildir félagsvisinda, sálarfræði og heimspeki. Þálikaði honum að sumu leyti illa námið og taldi að með það að yfirskyni færi fram dulín skoðanakúgun. Við þessar aðstæður féll hann á almennri félagsfræði í janúar 1973. Tók hann sér þetta nærri og fór að sækja meira félagsskap tveggja kunningja er hann reykti stundum hass með. Þrátt fyrir veikindi og spítalavist Guðrúnar (taugaveiklun) í nokkrar vikur í ársbyrjun tókst Guðjóni að rétta sig akademiskt að nokkru leyti og lauk tilskildum prófum vorið ’73 að einu undanskildu. Þessa vetrar minnist Guðjón nú helst fyrir kröfuhörku Guðrúnar í

sinn garð og heimsóknir ótaldra kunningja á heimilið er tóku upp tíma hans. Vorið 1973 flutti fjölskyldan í íbuðina á Rauðalæk og Guðjón réði sig í byggingarvinnu. Vann hann mikið, en sem fyrr var þreytandi örtröð kunningja á heimilinu og kvaðst Guðjón hafa leiðst út í lauslæti í þeim hópi og orðið linur til vinnu.

Þetta sumar var honum veittur styrkur til grænlenzknáms er hann hugðist nota í sambandi við félagsfræðinámið. Undir haust var hann orðinn mjög kviðinn út af skuldum við skattayfirvöld og reyndi að hafa uppi þetta með því að selja bíl sinn og sjónvarp. - Námsstyrkinn notaði hann til Kaupmannahafnarferðar er hann kveðst hafa haft af litla frægð en frekari siðferðilega hnignun.

Haustið '73 hóf kona hans nám í leikskóla er honum var þvert um geð.

Guðjóni tókst að ljúka prófi í alm. félagsfræði þá um haustið, en eftir það fór að bera á vaxandi óvirkni hjá honum og skömmu eftir að hann tók að sér næturvörzlustarf sótti að honum svefnleysi.

Vorið 1974 var tilskilið að hann lyki prófi í statistik en á því féll hann og hætti þar með í H.I. Segir hann að þetta hafi lagst talsvert á huga sinn og leitt til frekari óvirkni og almenns getuleysis, t.d. gafst hann upp í 2 störfum eftir skamman tíma. Í maí varð skyndileg breyting á andlegu ástandi hans í þann mund er stjórnarslit urðu. Hann varð ofvirkur, fékk pólitík á heilann, hvarf að heiman í 2 sólarhringa, varð mjög ör svo að kona hans hélt jafnvel að hann hefði tekið örvandi lyf. Varð hún hrædd við ástand hans og fluði með börnin heim til móður sinnar. Sjálfur segist Guðjón hafa verið svo kolruglaður, að bezt hefði verið að taka sig úr umferð, enda hafði Guðrún þá lagt til geðlæknismeðferð fyrir hann, en hann neitaði. Þetta ástand varaði í u.p.b. 2 vikur. Hafði syni Guðrúnar þá verið komið í sveit, en Guðjón fór í heimsókn til Hornafjarðar með dóttur sína. Er þangað kom varð Guðjón var við að faðir hans var í svípuðu ástandi og hann sjálfur hafði verið. Eftir u.p.b. viku fór Guðjón aftur til Rvíkur, en dóttir hans varð eftir á Hornafirði. Guðrún var að búa sig undir ferð til Svíþjóðar um tíma með leikskólanum og taldi Guðjón að nú væri hjónabandi þeirra lokið og vildi helzt skilja. Kveðst Guðjón hafa verið æði drykk-

felldur og frekur til kvenna framan af sumrinu. Hann hafði hitt Sævar Ciesielski nokkum sinnum um vorið og fór nú í veiði með honum tvívegis í Kálfá.

Hinn 5.7. '74 lenti faðir Guðjóns og Sigurlaug dóttir hans í bílslysi og lést séra Skarphéðinn, en telpan halut beinbrot. Hafði slysið bætandi áhrif á hjónaband þeirra Guðrúnar og Guðjóns. Það sem eftir var sumars vann Guðjón hjá Landflutningum.

Í október hóf hann vinnu sem bókhaldari hjá Menningarsjóði en um það leyti skiftu þau um íbúð, þ.e. þau voru komin í greiðsluþrot. Guðrún hélt áfram námi sínu í leikskólanum og var það nú ekki eins krefjandi á heimilislífið og hið fyrra ár.

Hinn 14.11. '74 kveður Guðjón Sævar Ciesielski hafa komið í heimsókn ásamt Erlu Bolladóttur að heimili hans að Ásvallagötu 46 og sýndu þau honum Landroverbíl er þau höfðu keypt. Dagana á eftir kom Sævar til Guðjóns í Skrifstofu Menningarsjóðs og sýndi honum bréf þess efnis, að hann væri að fara utan með kvíkmyndir fyrir Vilhjálm Knútsson. Kvaðst hann vera fjárpurfi vegna þessa ferðalags. Bað hann Guðjón að skreppa með sér til Keflavíkur að hitta þar mann. Gerði Guðjón hvorki að játa né neita. Kvöldið eftir (19.11. '74) er Guðjón var í heimsókn að Lambhóli við Starhaga hjá kunningja sínum komu þau Sævar og Erla Bolladóttir þangað að sækja hann og ók hann þeim þá í hina örlagaríku ferð til Keflavíkur. Ekki telur Guðjón að hann hafi verið "fyllilega eins og hann átti að sér þennan dag" án þess þó að geta skýrt það nánar. Þá staðhæfir hann að hann hafi ekki neytt lyfja, hass eða áfengis fyrir ferðina, en hins vegar unnið nokkuð mikið við húsið á Ásvallagötu undanfarna daga. Hann gaf mér lauslega lýsingu á ferðinni til Keflavíkur og í stærstu dráttum til samræmis við það, er ég hefi lesið í afriti af lögregluskýrslu. Hann taldi ferðalagið til Keflavíkur ekki minnisstætt, "það skotgekk fyrir sig". Maður er hann veitti enga sérstaka athygli sat í aftursæti og létt vart á sér kræla. Gat Guðjón sér til, að hann hefði verið í óvissu meðvitundarástandi, tók hann því ekki alvarlega ummæli Sævars um að beita mann í Keflavík hörðu. "ég tók ekkert mark á honum, hann getur ekkert og þá ekki stelpubelgurinn". Hann kveðst muna, að maður

hefði komið inní bílinn í Keflavík og ætlar að það hafi verið Geirfinnur Einarsson. Nú kveðst hann "gruna að maðurinn (Geirfinnur) hafi hótað löggreglu" en telur sig annars ekki muna hvernig atburðarás var eftir þetta fyrr en "litli mergurinn" (Sævar) segir við hann á heimleið fyrir ofan Hafnarfjörð: "Nú ert þú orðinn samsekur um morð - eða morðingi". "Eg man ekki hvort var". Síðan segist hann ekki muna meira um akstur en telur að e.t.v. hafi verið ekið að Grettisgötu 82.

- Bætti svo við: "Sævar var alltaf gallharður á því að þetta kæmist ekki upp".

Eftir atburði þessa segir Guðjón, að sér hafi fundist hann sjálfur "ekki vera í lagi" og talaði um, að hann hafi átt í erfiðleikum með bókhaldið hjá Menningarsjóði. Segir hann einnig, að Guðrún hafi talið hann gjörbreyttanmann eftir þetta. Guðrún upplýsti hins vegar í viðtali við mig 17.01.77, að hún hafi ekki séð neina breytingu á Guðjóni dagana kringum atburðinn. "Hann mætti í vinnu þennan dag (19.11.74) og daginn eftir".

Nú fóru í hönd erfiðir tíma hjá þeim hjónum emð versnandi fjárhag og hrakandi sambúð og virðist tryggðararf hafa verið á báða bóga. Náði þetta hámarki í mars 1975 með erjum og innlögn Guðrúnar á spítala og síðar Heilsuhælið í Hveragerði. Þennan mánuð kom Sævar Ciesielski og Erla Bolladóttir frá Danmörku, heimsóttu þau Guðjón og ræddu þar um Geirfinnsmálið, en Guðjón kvaðst ekkert hafa munað þá eftir þeim atburðum. Þetta vor kveðst Guðjón hafa orðið æ leiðari á vinnu sinni og hugðist fara til Frakklands til náms. Guðrún telur, að þetta vor hafi Guðjón verið "snarruglaður", nokkuð í slagtogi við Sævar, en auk þess bjó hjá honum enskur strákur. Í júlí kom Guðrún aftur heim og var þá ákveðið að selja íbúðina á Ásvallagötu, er taldist of dýr fyrir þau, og keypti Guðrún hæð í húsi við Grettisgötu nr. 32. Ákvað Guðrún jafnframt að skilja við Guðjón að borði og säng. Prátt fyrir það hélt hún með honum í bíl þeirra í ferðalag um Skandinavíu og Niðurlönd til Frakklands. Skildu þau í París þar sem Guðjón hugði á skólavist, en Guðrún fór til Íslands. Þess ber að geta, að fyrir ferð þessa hafði Sævar Ciesielski haft nokkurt samband við Guðjón og látið í ljós áhuga á að stofna með honum félag um kvíkmyndun og jafnvel innflutning á hassi. Segir Guðjón, að síðan hafi Sævar birst í upphafi ferðarinnar á

ferjunni til Færeys og fengið að fljóta með þeim hjónum í bíl þeirra til Gautaborgar. Segir Guðjón, að samflot þeirra hafi orðið þarna fyrir tilviljun eina.

Nú kvaðst Guðjón hafa flækst stefnulaust um í París í tvær vikur, en þá haldið til Province. Þar varð hann sér úti um kynsjúkdóm, talsverðu af farareyri hans var stolið og réði hann sig því í vinnu á vínekru. Í Frakklandi hafði Sævar Ciesielski upp á honum. Var Guðjón þá orðinn afhuga frekari Frakklandsvist, kveðst hafa farið að langa heim er leið nær jólum, enda átti Guðrún þá von á barni. Segir Guðjón að Sævar ásamt Ásgeiri nokkrum hafi án sinnar þátttöku keypt hass og falið í bíl Guðjóns. Bíllinn var síðar fluttur heim með skipi frá Rotterdam og leiddi fundur hassins í bílnum er til Íslands kom til rannsóknar sakamálsins er hér um fjallar.

Guðjón kom flugleiðis til landsins í nóvemberlok 1975, hinn 02.12.75 fæddist þeim Guðrúnu sonur, en um 10 dögum seinna var Guðjón hnepptur í gæsluvarðhald í fyrsta sinn, þá vegna hassins í bíl hans. Guðrún, kona hans, segir að hann "haf verið hræddur og þunglyndur" nokkurn tíma eftir þetta, og taldi hún að gæsluvarðhaldið hefði fengið mjög á hann. Síðla vetrar réði hann sig á sjó, en í maílok týndist hann að heiman í 2 sólarhringa og er hann kom til baka var hann ör orðinn og æstur. Sagði hann Guðrúnu þá, að hann vissi allt um Geirfinnsmálið, en hún taldi það rugl eitt og tók ekkert mark á. Guðrún hræddist ástand hans og yfиргaf heimilið. Nokkru síðar hittust þau hjá kunningum að Lambhóli við Starhaga og var Guðjón þá enn herra stemmdur en áður. Lenti þeim saman og varð Guðrúnu svo mikið um, að eigin sögn, að hún varð fárveik og var lögð inn á Landsspítalann til athugunar, en síðan flutt á Geðdeild Borgarspítalans, þar sem hún var tæpa 2 mánuði. Seinna í þessu óróakasti Guðjóns hafði hann flutt heim til móður sinnar, en fyrir hennar atbeina átti hann tvívegis viðtol við Benedikt Guðbrandsson lækni, er taldi hann "talsvert ofvirkan og nálægt að vera óraunhæfur". Bauð hann honum innlögn á Geðdeild Bsp., en Guðjón hafnaði. Sjálfur segir Guðjón svo frá, að er hann hélt upp á 10 ára stúdentsafmæli sitt 2 viku seinna "hafi það nánast verið definitionsatriði, hvort hann var geðveikur eða ekki, hugsanirnar voru leiftursnöggar og öruggar, en ekki allar

sem best grundaðar". "Þá gat ég talað 24 tíma á sólarhring eins og ekkert væri". Í þessu ástandi var hann skoðaður af Pétri lækni, bróður sínum, er gaf honum sterkt róandi lyf (Chlorpromazin) er hann notaði óreglulega um tíma. Fram undir lok júlímanaðar 1976 vann Guðjón við heyskap á Marðarnúpi, en síðar í Borgarfirði, en réði sig því næst í frystihuássvinnu á Raufarhöfn. Þar breyttist geðslag hans í þá veru, að ætla má, eftir lýsingum hans, að hann hafi þjáðst af þunglyndi. Um haustið kom hann til Reykjavíkur, sættist við Guðrúnu og hóf að lesa sögu við H.I. Segir hann að sér hafi gengið illa að einbeita sér við námið, m.a. af því að "ýmislegt fólk var að troða upp á mig þessu Geirfinnsmáli".

Guðjón var síðan hnepptur í gæsluvarðhald hinn 12.11.77 og situr þar enn.

Sálfræðileg athugun var gerð á Guðjóni af Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi þ. 08. - 21.02. 1977. Gylfi getur þess, að hann hafi verið samvinnuþýður í rannsókninni að undanskilinni dálítilli tortryggji í byrjun.

Eftirfarandi sálfræðileg próf voru lögð fyrir Guðjón:

Wechsler, almennt greindarpróf; Bender-Gestalt skynhreyfi-próf; Rorschach persónuleikapróf; MMPI og 16PF persónuleika-próf.

Greindarprófið sýnir, að Guðjón er að eðlisfari prýðisvel greindur, en nýtist greindin ekki til fulls af ýmsum orsökum. Þó mælist starfhæf greind hans vel yfir meðallag.

Persónuleikaprófin benda til þess, að hann sé innhverfur, gefinn fyrir óraunhæft hugarflug og metnað. Tilfinninganæmur og stoltur, en ósjálfstæður að skapferli og fljótfær. Áberandi er sjálfssirring eða óljós fremur neikvæð sjálfsmýnd sem ein-kennist af rótleysi og skorti á viljaþreki og staðfestu. Skapgerð hans virðist einkum vera af kleifhugagerð og í ástandi við prófun má merkja ótta um að hann sjálfur og veruleikinn í kringum hann sé að liðast í sundur eða hrynda til grunna. Ekki eru merki um meiri háttar geðveiki eða geðtruflun af vefrænum orsökum að finna í prófunum. Samkvæmt niðurstöðum þeirra telst hann hins vegar hafa skapgerðargalla sem geta haft miður góð áhrif á dómgreind hans, tilfinningastjórn og atferli.

Almenn læknisskoðun 04.02. 1977 leiddi ekkert óeðlilegt í ljós nema ljót ör og vöðvadefekt á kviðvegg á botnlangastað. Almenn blóðrannsókn ásamt sérprófunum fyrir lifrar- og nýrnastarfsemi var innan eðlilegra marka. Þá var heila-línurit eðlilegt og Lues próf negatift.

Geðskoðun:

Guðjón er meðalmaður á hæð, grannvaxinn, dökkhærður og snyrtilegur. Í fyrstu örlaði nokkuð á tortryggni og þóttu, en samvinna við hann var annars góð. Hann átti létt með að tjá sig og ræddi vandamál sín án allrar tilfinningasemi og af hispursleysi. Stundum virtist hann bregða fyrir sig kald-hæðni er beindist jafnt að honum sjálfum sem öðrum, er hann fjallaði um viðkvæm atriði. Hann virtist búa yfir almennum fróðleik í ríkum mæli og vera greindur vel. Aldrei varð vart neinnar brenglunar í háttum, hugsun, skynjun eða einbeitingu, og minni hans virtist gott í viðtölum, nema hvað hann kvaðst óviss um atburðarás við Dráttarbrautina í Keflavík að kvöldi 19.11.74.

Niðurstaða:


Hér er um að ræða 33 ára gamlan mann sem kærður er fyrir aðild að morði Geirfinns Einarssonar h. 19.11.74.

Hann er elztur 7 barna en alinn upp fjarri systkinum sínum og foreldrum í sveit hjá móðurafa sínum, harðfylgnum og stórlyndum manni. Foreldrum <sup>sínum</sup>/kynntist hann tæpast fyrr en 18 ára gamall. Þau munu bæði hafa þjáðst af andlegri vanheilsu, móðir hans hneigst til að misnota róandi lyf hin síðari ár, en faðir hans, auk þess að hafa óvenjulegan persónuleika, þjáðist mjög sennilega af manio-depressifum geðsjúkdómi.

Svo virðist sem Guðjón hafi þegar á unglingsárum farið að sýna einkenni um persónuleikagalla er komu helst fram í viljalífi hans. Ber þar helst vitni stefnuleysi varðandi nám framan af menntaskólaárum og síðar í Háskóla Íslands. Tíð atvinnuskipti segja svipaða sögu. Hann virðist hafa átt erfitt með að velja sér félagsskap á kritiskan hátt, gera raunhæf fjármálaplönn eða halda áformum sínum til streitu. Þá benda endurtekin tryggðar- rof í hjónabandi fremur til slakrar hvatastjórnar. Inn í þessa mynd vefjast svo áhrif frá eiginkonu hans, sem virðist einnig

rótlaus persóna, auk þess sem hún átti við taugaveiklun að striða. Loks ber að geta þess, að lífshlaup hans hefur mótað af einkennum manio-depressifs sjúkdóms er sennilega gætti fyrst upp úr stúdentsprófi, en bar hæst vorin 1974, 1975 og 1976.

Álit mitt að lokinni þessari rannsókn er, að Guðjón sé vel greindur, en haldinn geðvillu (personality disorder) og manio-depressifum geðsjúkdómi er kemur fram í tímabundnum köstum ofvirkni, hugarflugs, reiði og svefntruflana er kunna að skiptast á við depurðarköst. Ekkert hefur komið fram er bendir til þess að hér liggi að baki vefrænn sjúkdómur. Guðjón er að mínu áliti sakhafur í almennum skilningi og ekkert bendir óyggjandi til óstöðugs geðslags eða rænuskerðingar um það leyti er glæpurinn á að hafa átt sér stað. Líklegt er að Guðjón muni í framtíðinni fá geðsveiflur svip-aðar þeim fyrri og þarfnaður þá geðlæknismeðferðar, en ég tel ekki að dómstóll þurfi að taka sérstakt tillit til þessa í niðurstöðu sinni.

  
\_\_\_\_\_  
Ingvar Kristjansson, geðlæknir.

B Nr. XI Lagt fram í sakadóum  
Reykjavíkur 13/5-177

Yfirsakadómarinn,  
Borgartúni 7,  
Reykjavík.

*SJBr.*

Reykjavík, 23. ágúst 1976.

Þann 29. desember 1975 var ég undirritaður skipaður réttar-geslumaður Kristjáns Viðars Viðarssonar, en hann var þann 23. sama mánaðar úrskurðaður í gesluvarðhað vegna gruns um aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar í Hafnarfirði 27. janúar 1974. Hannsókn þessa mannshverfs hefur verið mjög erfið og að auki hefur flégtast inn í hana rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar í Keflavík, svo sem kunnugt er.

Stórx í byrjun rannsóknar á hvarfi Guðmundar var þess beiðst af hálfu fulltrúa yðar, að við réttargeslumenn hinna grunuðu svíndum samstarfsvilja og bærum ekki málid á torg þar sem það verri mjög viðkvæmt og óljóst, t.d. væri ekki búið að finna lík hins horfna. Þe gat ekki annað en orðið við bessu og tél mig hafa verið nokkuð umburðarlyndan og bolinmóðan gagnvart rannsóknarmönnum, sama á hverju gæk.

Nú er svo komið að Kristján Viðar er búinn að vera í gesluvarðhaldi í 8 mánuði og það allan tímann í einangrun. Hann hefur skýrt margsinnis frá öllu, sem hann veit um þessi mannshvörf, og geðrannsókn er lokið. Því sé ég enga ástreðu til þess að halda honum í algjörri einangrun lengur og það þjónar engum tilgangi öðrum en að brjóta hann niður andlega. Þe vil benda á að einnhinna grunuðu, Tryggvi Rúnar, er austur á Litla Krauni og öðrum manna, Albert Klan, hefur verið sleppt lausum (þrátt fyrir framburð um að hann hafi tvívegis flutt lík suður í Hafnarfjarðarhraun). Slikt er fortakslaust misrétti og geri ég kröfu til þess að Kristján Viðar verði tafarlaust fluttur úr einangrun í Fangelsinu, Síðumúla, og seti eigi verri meðferð en gæslufangar með sömu brot að baki.

Ég hefi margsinnis gert kröfu til þess að fá afhentar eða

fá séðar skýrslur af rannsókn þessara mála og í vor fékk  
 ég loks nokkrar skýrslur um hvarf Guðmundar Einarssonar. Þá  
 hefur mér gengið mjög erfiðlega ðó fá upplýst hvað er að gerast  
 í rannsókn þessara sakamála, nema að Kristján Viðar hefur sagt  
 mér frá því sem fyrir hann hefur borið þessa 8 mánuði.  
 Strax í upphafi rannsóknar kom það ítrekað fyrir að Kristján  
 Viðar fékk ekki að reða við mig þrátt fyrir brýna beiðni  
 hans svo og var beiðni hans um að ég yrði viðstaddir yfir-  
 hevralur vísað á bug.

Þó kastaði tólfunum þegar dómarrannsókn á hvarfi Geirfinns  
 hófst. Er ég las í blöðum að hún væri í þann veginn að  
 hefjast hafði ég samband við fulltrúa yðar og óskaði eftir að  
 vera kallaður til þegar skjólstæðingur minn yrði yfirheyrður.  
 Fulltrúinn kvað það óþarfa að ég yrði viðstaddir þar sem  
 skjólstæðingur minn væri vitni í málinu, en hann skvldi  
 samt láta mig vita um þinghöld. Síðar komst ég að því að  
 Kristján Viðar hafði verið tekinn til yfirheyralu fyrir  
 Sakadómi Reykjavíkur án þess að reynt væri að ná í mig.  
 Þó gerði Kristján Viðar kröfum um að ég yrði viðstaddir.

Kristján Viðar var mjög sleginn af þessari yfirheyrslu eða  
 yfirheyrslum, hví euk rannsóknardómara var hann spurður  
 spjörunum úr af vararíkissaksóknara og réttargeslumönnum  
 nokkurra manna, sem sátu í gesluvarðaldi vegna málsins.  
 Það vakti sérstaka athygli hans að réttargeslumennirnir virtust  
 vera með öll skjöl málsins fyrir framan sig, en honum var kunnugt  
 um það, að ég fékk engin skjöl að sjá.

Eftir besta hafði ég samband við rannsóknardómara og krafðist  
 þess að vera viðstaddir dómarrannsókn. Það var til þess að  
 ég fékk að vera viðstaddir 28. apríl s.l. þegar tekin var stutt  
 skýrsla af Kristjáni Viðari einum, en í fyrri yfirheyrsnum  
 höfðu farið fram samþrófanir. Mér varð ljóst í þessari yfir-  
 heyrslu að Kristján var spurður sem sakður meður en ekki  
 sem vitni.

- 3 -

Síðan hefur ekkert markvert gerst við rannsókn málanna að því er ég veit. Ekkert endurrit hef ég fengið af yfirheyrsrum í dómi eða þess háttar. Ég er að vonum ájög óánægður með meðferðina á Kristjáni Viðari og samskipti Sakadóms við mig sem réttargæslumann hans. Óll þessi meðhöndlun berk keim af ómenguðu rannsóknarréttarfari, en ekki er f algjörri andstöðu við megin reglur íslenskra laga um meðferðöpinberra mála.

Geri ég skýlausa kröfu til að fá aðgang að öllum gögnum sem varða skjólstaðing minn f þessum mannshvarfa-málum, svo ég geti sinntiréttargæslustarfinu sem skyldi. Jafnframt geri ég kröfu til þess að fera framvegis viðstaddir allar yfirheyrslur yfir skjólstaðingi mínum og að þér tryggið að þeirri kröfu verði sinnt. Þá ítreka ég fyrri ósk mína um að skjólstaðingur minn njóti samgirni í gæsluvist sinni, og bendi á um leið, að hann á enga sök á dráttinum.

Virðingarfyllst,



Páll Arnór Pálsson, hdl.

Aðrit sent Ríkissaksóknara.

PAP/ró

GUNNLAUGUR BRIEM  
SAKADÓMARI Í REYKJAVÍK

B. Nr. XII. Lagt fram í sakadómi  
Reykjavíkur 13/9/77

C873r. 185

Reykjavík, 16. ágúst 1977

Sendi yður hér með, hr. deildarstjóri, endurrit úr framburði Sævars Marinós Ciesielski frá 29. mars s.l. og endurrit af framburði Kristjáns Viðars Viðarssonar 13. maí s.l. Er þess beiðst, að þér látið Sakadómi Reykjavíkur í té greinargerð um ásakanir þær, er koma fram í framburðum þessum á hendur yður, rannsóknarlöggreglumönum og fangavörðum.

*Gunnlaugur Briem*

Hr. deildarstjóri,  
Örn Höskuldsson,  
Borgartúni 7,  
Reykjavík.

SPR. 186

Reykjavík 22. ágúst 1977

Ég undirritaður hefi verið beðinn að láta dóminum í té greinargerð um þær "ásakanir" á hendur mér, löggreglumönnum og fangavörðum sem fram hafa komið hjá gæsluföngunum Sævari Marinó Ciesielski og Kristjáni Viðari Viðarssyni. Ég get ekki tjáð mig neitt um framferði fangavarða í Síðumúlafangelsi en leyfi mér að benda á að það hlýtur að vera ill mögulegt að beita einhvern mann harðræði innan fangelsisins þar sem þar er svo hljóðbært. Um stappið á þakinu er það að segja að það á sér skýringu og gæti það atvik hafa kveikt hugmynd hjá Kr.V.V. Kvöld eitt heyrðist fangavörðum eins og gengið væri eftir þaki fangelsisins og fórustrax upp á þak til þess að athuga hvað um væri að vera. Þar var ekkert og virtist eina skýringin vera sú að vindur hefði haft þessi áhrif en töluvert rok var. Umgang þennan á þakinu heyrðu m.a. þeir Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Viðir Eggertsson svo og Kristján Viðar Viðarsson en hann var þá í yfirheyrslu hjá Eggert í hornherbergi. Löggreglumennirnir sögðu mér frá þessu strax næsta dag.


Sævar Marinó reyndi í þinghaldi hinn 11. janúar að bera fyrir sig að hann hefði verið þvingaður til þess að játa á sig sakir í "Guðmundarmálínus". Ég tók ekkert mark á framburði hans þar sem ég vissi betur, en ég var viðstaddir þegar hann skýrði fyrst frá og svo var einnig hans réttargæslumaður Jón Oddson Hrl. og á honum að vera manna best kunnugt um að framburður Sævars er rangur. Ég tek fram að ég ber fullkomið traust til löggreglumannanna og hefi ekki nokkra ástæðu til þess að ætla að þeir gæti ekki settra reglna við yfirheyrlur. Ef ég hefði eitthvað átt að finna að störfum þeirra í sambandi við málsrannsóknir þessar þá var það helst að þeir dekruðu of mikið við sökunauta því þeir voru hlaupandi í fangelsið jafnt á nótturnum sem degi því mjög mikið var um að sökunautar létu hringja í þá.

Þegar Erla Bolladóttir og Sævar Marinó höfðu sagt okkur sitt í hvoru lagi sömu söguna um Keflavíkurferðina þá reyndum við strax að leita staðfestingar á sögunni m.a. með því að reyna að hafa

upp á bifreiðum þeim sem Erla sagðist hafa fengið far með til borgarinnar umrætt sinn. Einnig fór ég undirritaður inn í klefa til Kristjáns Viðars og spurði hann hvort hann hefði einhvern tímamann farið með Erlu og Sævari til Keflavíkur. Hann sagðist aldrei til Keflavíkur komið hafa. Ég sagði honum þá að hann myndi verða yfirheyrdur á næstunni um það og fór síðan út. Það er fjarstæða að Kristján hafi fengið nöfn fjórmennингana uppgefin hjá lögreglumönnunum. Reynslan af tilburðum Sævars í "Guðmundarmálín" var lexía sem hefði komið í veg fyrir alla slíka óvarfærni.

Mitt persónulega álit er það að Kristján hafi fljóttlega skammast sín fyrir hinum röngu sakargiftir og leyti leiða sér til varnar í broti sem honum finnst alvarlegt eins og fleirum.

Ég vona að þessi orð nægi. Ég hefi í raun ekki neitt um þessa framburði að segja annað en það að þeir eru rangir og kynni illvilji sökunauta í garð lögreglumanna og fangavarða að ráð þarna einhverju um.



Örn Höskuldsson

Hr. sakadómari  
Gunnlaugur Briem

13. Nr. XIV. Legt fram í sakadómi  
Reykjavíkur 13/9'77

*SJH.* Reykjavík, 12. júlí 1977. 188

Hr. dómsforseti,  
Gunnlaugur Briem,  
Sakadómur Reykjavíkur.

Ég undirritaður gæzluvarðhaldsfangi í Síðumúla vil koma eftirfarandi á framfæri við Sakadóm Reykjavíkur.

